


skoðun 20

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Popp
Skólar og námskeið




**Fatnaður í teppalíki**

*Hlýlegur ullarfatnaður sem má sveipa um sig eins og teppi er áberandi hjá íslenskum hönnuðum.*

allt 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
25. ágúst 2011
197. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



**Lyftistöng fyrir dansinn**

*Katrín Hall verður dómari í nýjum dansþætti.*

fólk 44

**Áfram mokveiði**

*Ytri-Rangá heldur sessi sínum sem aflahæsta laxveiðiá landsins.*

veiði 50



**Stórslagur í Vesturbæ**

*KR og ÍBV mætast í uppgjöri toppliðanna í Pepsi-deild karla í kvöld.*

sport 48

**veðrið í dag**




**N-STREKKINGUR AUSTAST** í dag, 8-12 m/s NV-til en hægari annars staðar. Skýjað með köflum NA-til og dálítil væta en bjartara yfir SV-til. Hiti 6-14 stig.

VEÐUR 4

# Hægari framvinda við hagræðinguna

**Illa gengur að uppfylla hagræðingarkröfur innan borgarkerfisins. Sex mánaða uppgjör lagt fram í dag. Óljóst er hvernig hagræðing næst fram á öllum sviðum borgarinnar. Trúnaður hefur ríkt um uppgjörið að kröfu Kauphallarinnar.**

**REYKJAVÍK** Hægt gengur að ná fram kröfum um hagræðingu innan borgarkerfisins og sumir efast um að það takist að uppfylla kröfurnar á þessu ári. Sex mánaða uppgjör borgarinnar verður lagt fram í borgarráði í dag. Trúnaður hefur ríkt um tölur uppgjörsins og er það að kröfu Kauphallarinnar. Enn er óvíst hvort uppgjörið verður gert opinbert í dag, en það er borgarráðs að ákveða það.

Meðal þeirra sviða þar sem illa gengur að ná fram hagræðingu er íþrótta- og tómstundasvið. Ómar Einarsson sviðstjóri staðfestir það, en vísar að öðru leyti í sex mánaða uppgjörið.

Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri í Reykjavík, segir að innleiðing nýs skipulags gangi ágætlega hjá menntasviði. „Auðvitað eru menn á fullu að berjast í því að ná fram þeirri fjárhagsáætlun sem lögð var fram. Ég vona að við náum því.“

Upphaflega var gerð krafa um 4,2 prósenta hagræðingu á menntasviði. Veitt var 200 milljóna króna aukafjárveiting til grunnskóla og krafan því lækkuð niður í þrjú prósent, eða um 550 milljónir króna.

Borgaryfirvöld lögðu fram áætlun um sameiningu skóla og leikskóla og átti hún að skila hagræðingu á þessu ári. Heimildir blaðsins herma að ekki náist að uppfylla þær væntingar og óvíst sé að hún skili nokkru á árinu.

Kjartan Óskarsson, skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík, segir of snemmt að spá fyrir um afdrif hagræðingarkrafna. Nýr kjarasamningur hafi áhrif og menn séu enn í lausu lofti. Hann vonast til að áætlun liggi fyrir áður en skólastarf hefst á mánudag.

Umræðan um sex mánaða uppgjörið hefur verið bundin trúnaði, þar sem borgin á skuldabréf í Kauphöllinni. Þykir mörgum kjörnum fulltrúum óeðlilegt að Reykjavíkurborg lúti sömu lögmálum og hvert annað fyrirtæki í Kauphöllinni. Það hamli pólitískri umræðu um stjórnun borgarinnar. **- kóp**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÓSKABARN Í HEIMINN** Mikil hamingja ríkir nú á heimili Ásdísar Jennu Ástráðsdóttur og Kevins Kristofers Buggle. Þeim fæddist sonur á föstudag og hefur hann fengið nafnið Adam Ástráður. **Sjá síðu 6**

Eineggja tvíburarnir Ármann og Sigdór Sigurðssynir fagna níræðisafmæli í dag:

# Bræðrum ruglað saman í 90 ár

**FÓLK** Tvíburabræðurnir Ármann og Sigdór Sigurðssynir eru níræðir í dag. Bræðurnir ólust báðir upp á Norðfirði en kynntust þó ekki fyrr en þeir voru orðnir níu ára. Ástæðan var sú að móðir þeirra lést þegar þeir voru mánaðargamlir og þeir voru teknir í fóstur hvor á sitt heimilið, annar í þorpinu en hinn í sveitinni. Þeir hittust því ekki fyrr en þeir byrjuðu í skóla níu ára gamlir en urðu ekki vinir fyrr en eftir fermingu. Síðan eru þeir óaðskiljanlegir.

Ármann og Sigdór eru eineggja tvíburar og afar líkir útlits enda segja þeir þeim hafa verið ruglað saman alla tíð. Þeir viðurkenna líka að það hafi komið fyrir í annasömum kaupstaðaferðum að annar þeirra hafi mætt á stað í nafni hins og jafnvel skrifað undir skjöl.



**SIGDÓR OG ÁRMANN** Sjórinn var starfsvettvangur þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bræðurnir byrjuðu ungir að stunda sjó enda segja þeir að um fátt annað hafi verið að ræða á Norðfirði. Allt stríðið sigldu þeir til dæmis hvor á sínum bátnum.

Bræðurnir fluttu báðir til Hafnarfjarðar árið 1955. Þar hafa þeir átt heima síðan og haldið hvor með sínu Hafnarfjarðarliðinu til að geta verið ósammála um eitthvað, að eigin sögn.

Þeir komu sér samt saman um að halda upp á afmælið í Haukaheimilinu á laugardag. **- gun / sjá síðu 26**



**LOÐINN HUMAR** Þessi tegund krabbadýrs er loðin og blind og skyld humri. Hún fannst í fyrsta sinn árið 2005 á miklu dýpi í Suður-Kyrrahafi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölbreytni náttúru jarðar:

## Nær 7 milljónir lífvera ófundnar

**VÍSINDI, AP** Á jörðinni lifa um það bil 8,8 milljón tegundir lífvera, en hingað til hafa aðeins 1,9 milljónir verið færðar til bókar. Þetta kemur fram í nýrri bandarískri rannsókn.

**Af þessum fjölda tilheyra flest dýraríkinu, eða 7,8 milljónir, sveppategundir eru taldar rúmlega 600 þúsund og plöntur um 300 þúsund.**

**Þessar niðurstöður bregða ljósi á hversu skammt á veg vísindin eru í raun komin og nýjar tegundir finnast enn reglulega.**

**Niðurstaðan hefur vakið upp líflega umræðu þar sem sumum finnst hún jafnvel hófsöm.** **- þj**

Orkuskipti í samgöngum:

## Auka hlut innlendrar orku

**UMHVERFISMÁL** Umtalsverðar fjárhæðir munu sparast gangi áætlun ríkisstjórnarinnar um orkuskipti í samgöngum upp. Árið 2020 á hlutfall endurnýjanlegrar orku í samskiptum að vera tíu prósent, en í dag nemur það einu prósenti. Náist þetta mun innflutningur jarðefnaeldsneytis minnka að sama skapi með tilheyrandi gjaldeyrissparnaði.

Sala á bensínu og olíu dróst nokkuð saman árið 2010, miðað við árin á undan. Samkvæmt áætlun voru seldir um 197 þúsund lítrar af bensíni það ár, en voru rúmlega 205 þúsund næstu tvö ár á undan. Árið 2010 er áætlað selst hafi 128 þúsund lítrar af olíu, en þeir voru um 135 þúsund árin 2008 og 2009. **- kóp / sjá síðu 12**






## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur, er þá ekkert að marka þig?*

„Ég er greinilega ekki nógu markviss.“

Vafi leikur á því hvort Guðmundur Kristjánsson skoraði í raun fyrsta mark Breiðabliks gegn Fylki á dögunum. Hann er skráður fyrir markinu, en talið er líklegt að annar Bliki, Árni Vilhjálmsson, hafi átt síðustu snertinguna.

Persónuvernd setur Vinnumálastofnun og ríkisskattstjóra stólinn fyrir dyrnar í baráttu við skatt- og bótasvik:

# Mega ekki hvetja til nafnlausra ábendinga

**STJÓRNSÝSLA** Það samrýmist ekki sjónarmiðum laga um persónuvernd að Vinnumálastofnun og ríkisskattstjóri hvetji til nafnlausra ábendinga með því að veita sérstaklega kost á slíkum ábendingum um meint bótasvik og skattsvik einstaklinga á heimasíðum sínum.

Þetta segir Persónuvernd sem kveður það að „gera beinlínis ráð fyrir nafnlausum ábendingum“ á heimasíðum þessara stofnana feli í sér hvatningu til slíkra ábendinga. Það samrýmist ekki kröfum um rafræna vinnslu persónuupplýsinga að „ríkisskattstjóri hvetji þegnana til að fara huldu höfði með því að bjóða þeim á vefsíðu sinni sérstakan hnapp þar sem tekið er sérstaklega fram að ekki sé nauðsynlegt að fylla út nafn, tölvupóstfang eða annað þegar bent sé á meinta, svarta vinnu eða önnur skattundanskot,“ eins og segir í ákvörðun Persónuverndar sem tekur þó fram að þetta eigi ekki við „um þær nafnlausu ábendingar sem berast munnlega, svo sem með símtölum eða ef fólk mætir í eigin persónu til skattyfirvalda“.




Þá undirstrikar Persónuvernd að stofnunin sé ekki með ákvörðun sinni að banna stjórnvöldum að taka við nafnlausum ábendingum „enda geta hvorki stjórnvöld né aðrir komið í veg fyrir að sér berist skrifleg erindi ýmist frá þeim sem ekki vilja láta nafns síns getið eða aðilum sem reyna að villa á sér heimildir“. **- gar**



**FORBOÐINN HNAPPUR** Hnappur á heimasíðu Vinnumálastofnunar fyrir þá sem vilja undir nafnleynd benda á meint bótasvik er á sínum stað þótt Persónuvernd segi hann brjóta í bága við lög.

Ekið á ljósastaur í Breiðholti:

## Á slysadeild eftir kappakstur

**LÖGREGLUMÁL Þrír voru fluttir á slysadeild eftir að bíl var ekið á ljósastaur í Breiðholti í fyrrakvöld. Tildrög slyssins eru þau að tveir ökumenn, 18 og 19 ára, voru í kappakstri í Arnarbakka í Breiðholti.**

**Annar ökumannanna missti stjórn á bílnum með þeim afleiðingar að þrír farþegar í bíl hans meiddust. Meiðsli þeirra eru ekki talin alvarleg.**

**Í hinum bílnum voru einnig þrír farþegar auk ökumanns, en farþegarnir sex eru á aldrinum 15 til 18 ára. Ljóst þykir að ökumennirnir stofnuðu lífi og heilsu allra í augljósan háska, að sögn lögreglu.** **- jss**

Funduðu í Reykjavík:

## Embættismenn ræddu makríl

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Fundur embættismanna Íslands, ESB og Noregs um stjórn makrílveiða var á þriðjudag í sjávarútvegsráðuneytinu í Reykjavík.



**SIGURGEIR ÞORGEIRSSON**

„Á fundinum, sem fór mjög vinsamlega fram, var skipst á skoðunum og farið yfir stöðuna,“ segir í frétt frá ráðuneytinu. Fundinn sátu Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóri, Lowri Evans, yfirmaður sjávarútvegsdeildar ESB, og Jörn Krog, ráðuneytisstjóri norska sjávarútvegsráðuneytisins og fleiri. Næsti fundur verður í London í september. Af um 150 þúsund tonna kvóta Íslands í ár voru 99 þúsund tonn komin að landi 10. ágúst. Þar af fóru 9 þúsund tonn til bræðslu og 90 þúsund voru ýmist fryst eða ísuð. **- gar**

# Hart barist í Trípólí

**Uppreisnarmenn og stuðningsmenn Gaddafís hafa barist hart á nokkrum stöðum í höfuðborg Líbíu undanfarna sólarhringa. Ekki er enn vitað hvar Gaddafí heldur sig. Höfuðstöðvar uppreisnarmanna flytjast í höfuðborgina.**

**LÍBÍA** Harðir bardagar hafa geisað milli uppreisnarmanna og stuðningsmanna Gaddafís í Líbíu síðustu sólarhringa. Mannfall er talið vera mikið. Barist hefur verið í Bab al-Asisýah, aðsetri Gaddafís, sem uppreisnarmennirnir tóku yfir á þriðjudag. Einnig hafa átök átt sér stað víða í suður- og miðhluta borgarinnar.

Stuðningsmenn Muammars Gaddafí lokuðu veginum að flugvellinum í Trípólí í gær. Skotið var á þá sem reyndu að komast um veginn. Uppreisnarmennirnir segjast þó hafa yfirráð yfir sjálfum flugvellinum.

Þrátt fyrir að uppreisnarmennirnir hafi meirihluta borgarinnar á sínu valdi er stríðinu ekki lokið því enn eru margir stuðningsmenn Gaddafís, margir þeirra þrautþjálfaðir hermenn, tilbúnir að berjast fram í rauðan dauðann. Uppreisnarmennirnir tilkynntu í gær að ef einhver úr innri hring Gaddafís handsamaði eða dræpi hann myndi sá hinn sami hljóta friðhelgi. Þá segja þeir að líbískur athafnamaður lofi milljón pundum í verðlaun. Þetta er talin tilraun til að auka sundurlyndi meðal stuðningsmanna Gaddafís. „Stærstu verðlaunin eru friðhelgi, ekki peningar,“ sagði Ahmed Bani, talsmaður uppreisnarmanna, í gær.

35 erlendum blaðamönnum hefur verið hleypt út af Rixox-hótelinu í Trípólí, þar sem þeim hafði verið haldið síðan um helgina. Hótelið er á svæði þar sem harðir bardagar geisa.

Götur borgarinnar eru að mestu leyti auðar og óbreyttir borgarar halda sig innan dyra. Uppreisnarmenn hafa þó komið upp varðstöðvum með nokkurra hundraða metra millibili.

Uppreisnarmennirnir hafa á undanförnum mánuðum skipað eigin ríkisstjórn í Benghasí, sem hefur verið á þeirra valdi nánast frá upphafi mótmæla. Nú ætla þeir að flytja til Trípólí. **thorunn@frettabladid.is**



**BAB AL-ASISÍYAH** Uppreisnarmaður skýtur á leyniskyttur Gaddafís við fyrrum aðsetur hans. Uppreisnarmennirnir náðu staðnum á sitt vald á þriðjudag en stuðningsmenn Gaddafís hafa barist við þá þar og á nokkrum öðrum stöðum í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Hvar er Gaddafí?

Uppreisnarmenn hafa náð Bab al-Asisíyah, aðsetri Gaddafís, á sitt vald en Gaddafí sjálfan var hvergi að finna. Í gærmorgun er hann sagður hafa komið fram í útvarpi, á einu stöðinni sem enn er á valdi stuðningsmanna hans. Þá lofaði hann því að sigra uppreisnarmennina eða deyja píslarvættisdauða. Sonur hans, Saif al-Islam, sagði á þriðjudag að faðir hans væri enn í Trípólí og sjálfur hefur hann lofað að yfirgefa ekki borgina.

Gaddafí hefur þó ekki sést opinberlega síðan í maí, og sást síðast í sjónvarpi um miðjan júní. Ýmsar vangaveltur eru um hvar hann geti verið annars staðar en í Trípólí. Sumir telja að hann hafi yfirgefið Trípólí fyrir nokkru og farið til Sirte, fæðingarstaðar síns, eða Sabha, þaðan sem hann er ættaður. Þaðan hafi hann getað komist til Níger, Tsjad eða Malí yfir Saharaeyðimörkina. Þá hafa Suður-Afríkumenn vísað á bug orðrómi um að þeir hafi sent flugvélar til Trípólí til að flytja hann burt. Frá uppreisnarmönnum hefur heyrst að Gaddafí og fjölskylda hans séu nálægt landamærunum við Alsír. Í gær velti sjónvarpsstöðin Al Jazeera því upp hvort hann væri á leið til Simbabve.



**BJARNI BJARNASON** Forstjóri OR segir neikvæð áhrif af krónunni skyggja á rekstrarbata.

Mínus þrátt fyrir rekstrarbata:

## OR tapar á veikingu krónu

**FJÁRMÁL** Betri afkoma var af reglulegri starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur fyrstu sex mánuði þessa árs en sömu mánuði í fyrra, að því er segir í tilkynningu frá fyrirtækinu. Hins vegar nemur tap OR á þessum fyrri helmingi ársins 3.822 milljónum króna. Ástæðan er aukinn fjármagnskostnaður vegna veikingu krónunnar.

Á fyrri helmingi ársins 2010 nam hagnaðurinn 5.118 milljónum króna. Betri afkoma af eiginlegum rekstri OR er þökkuð aðhaldi í rekstri og auknum tekjum. Eins og kunnugt er hafa gjaldskrár OR verið hækkaðar verulega á undanförnum misserum. **- gar**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tveir ungir dópsalar

Tveir átján ára piltar voru handteknir í austurborginni síðdegis í fyrradag en í fórum þeirra fundust fíkniefni. Piltarnir viðurkenndu að fíkniefnin hefðu verið ætluð til sölu.

### Fjórir sviptir ökuréttindum

Fjórir ökumenn voru sviptir ökuréttindum til bráðabirgða í fyrradag en þeir voru allir staðnir að hraðakstri á Suðurgötu í Reykjavík. Einn fjórmenninganna var að auki ölvaður.




Mikið rusl hefur safnast upp á lóð við Steinhellu í Hafnarfirði:

# Fá fjórar vikur til að taka til

**UMHVERFISMÁL** Margs konar rusl hefur safnast upp á lóð við Steinhellu í Hafnarfirði undanfarið, eigendum nærliggjandi fyrirtækja til lítillar ánægju. Bílhræ, glerbrot og spýtnabrak er meðal þess sem liggur á lóðinni.

Bjarki Jóhannesson, skipulags- og byggingafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar, segir eigendur lóðarinnar fengið fjögurra vikna frest til að koma lóðinni í rétt horf.

„Næsta skref í málinu er að leggja dagsektir á eigendur,“ sagði Bjarki, en bætti því við að það gæti orðið torsótt, þar sem eigendur lóðarinnar munu vera í gjaldþrotaskiptum.

„Nýir eigendur munu taka við kröfu um úrbætur, og hefur oftast gengið betur að eiga við slíka aðila en þá fyrri,“ segir Bjarki Jóhannesson. **- þj**



**ÓSÓMI** Alls konar drasl safnast upp á lóð við Steinhellu í Hafnarfirði. Bæjaryfirvöld hafa gefið eigendum fjögurra vikna frest til úrbóta áður en dagsektir verða lagðar á. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**Háþrýstidæla NILFISK C110**
110 Bar, 440 ltr/klst.
slanga 5 m.
5254241

**17.995**

VIÐ MÆLUM MEÐ

# LÆGRA VERÐ FYRIR ALLA



**5.949**

VERÐ VERND – LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

EMMEVI ítölsk gæði

**Eldhúsblöndunartæki GIGLIO.**
7900009



**1.179 kr/m²**

VERÐ VERND – LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Plastparket KAINDL**
6mm, 3ja stafa eik.
147049



**Þvottavél**
EWF106410W
1000 snúninga
85x60x60 cm,
6 kg.
1805650

Electrolux
5 ára ábyrgð

**69.900**

1000 snúninga

VERÐ VERND – LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



EMMEVI ítölsk gæði

**15.995**

VIÐ MÆLUM MEÐ

**Eldhúsblöndunartæki EDEN.**
7900023



**2.629 kr/m²**

VIÐ MÆLUM MEÐ

Meira slitþol

**Plastparket KAINDL**
8mm, 3ja stafa eik.
147053



**Þvottavél**
EWF126410W
1200 snúninga
85x60x60 cm,
6 kg.
1805477

Electrolux
5 ára ábyrgð

**88.495**

1200 snúninga
6 kg

VIÐ MÆLUM MEÐ



**38.895**

MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR

damixa

**Eldhúsblöndunartæki JUPITER TREND.**
8000094



**3.879 kr/m²**

MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR

Meira slitþol

**Plastparket KAINDL**
10mm, fasaður eikarplanki.
147061



**Þvottavél**
EWF167320W
1600 snúninga
85x60x60 cm,
7 kg.
1805652

Electrolux
5 ára ábyrgð

**118.300**

1600 snúninga
7 kg
Orkunýting A

MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR

## MUNDU AÐ ÞÚ ÁTT ALLTAF ÞRJÁ VALKOSTI Í HÚSASMIÐJUNNI

**1** VERÐ VERND – LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Það ódýrasta sem við bjóðum er **LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR** með verðvernd. Ef þú sérð sömu vöru auglýsta ódýrari annars staðar, endurgreiðum við mismuninn. Sjá nánar á www.husa.is

**2** VIÐ MÆLUM MEÐ

Í flokknum **VIÐ MÆLUM MEÐ** finnur þú gæðavöru á góðu verði sem óhætt er að mæla með.

**3** MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR

**MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR** eru fyrir alla sem gera miklar kröfur um gæði og endingu.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

HÚSASMIÐJAN

**GENGIÐ 24.08.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,05 | 113,59 |
| Sterlingspund | 186,65 | 187,55 |
| Evra | 163,38 | 164,3 |
| Dönsk króna | 21,929 | 22,057 |
| Norsk króna | 20,843 | 20,965 |
| Sænsk króna | 17,927 | 18,033 |
| Japanskt jen | 1,4766 | 1,4852 |
| SDR | 182,24 | 183,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,76

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alþjóðleg auglýsingasamkeppni Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn konum:

# Íslensk auglýsing komin í úrslit

**MARKAÐSMÁL** Íslensk auglýsing er í hópi þrjátíu sem valdar hafa verið í úrslit í auglýsingasamkeppni Sameinuðu þjóðanna í Evrópu um bestu auglýsinguna gegn ofbeldi gegn konum. Alls bárust rúmlega tvö þúsund og sjö hundruð auglýsingar frá 40 löndum. Höfundur íslensku auglýsingarinnar er Elsa Nielsen, grafískur hönnuður á Ennemm auglýsingastofunni.

Í tilkynningu frá Árna Snævarr, upplýsingafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og einum af stjórnendum keppninnar, kemur fram að dómnefnd, undir forystu auglýsingamannsins Jacques Séguela, sem er einn af þekktustu auglýsingamönnum Frakklands, velur sigurvegara úr hópi þrjátíu efstu auglýsinganna sem eru frá fimmtán löndum og verða úrslit tilkynnt í október.

„Það er auðvitað sérstaklega ánægjulegt fyrir mig sem Íslending sem vinn fyrir Sameinuðu þjóðirnar, hve löndum mínum gengur vel, en ég held að þetta sýni fyrst og fremst styrk grafískrar hönnunar á Íslandi og hve mjög málefnið brennur á Íslendingum,“ segir Árni Snævarr.

Stefán Einarsson, hönnunarstjóri Hvíta hússins, sigraði í sömu keppni Sameinuðu þjóðanna í Evrópu í fyrra en þá var þemað barátt-an gegn fátækt í heiminum.

Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna í Brussel stendur fyrir keppninni ásamt UN Women og meðal annars með stuðningi Fréttablaðsins og Vísis.is. - sv




**PLEASE DON'T TREAT US LIKE TRASH** Auglýsing Elsu Nielsen hjá Ennemm er komin í úrslit í auglýsingakeppni SÞ. MYND/SÞ

Skýrsla um íbúaþróun:

## Fækkað mikið á Vestfjörðum

**FÉLAGSMÁL** Íbúar Vestfjarða voru rúmlega sex þúsund færri í fyrra en þeir voru árið 1920. Íbúum í dreifbýli á svæðinu fækkaði úr rúmlega 8.500 í tæplega 700 á sama tíma. Þetta kom fram á ársfundi Byggðastofnunar á mánudag.

Stofnunin vinnur að verkefni um stöðu byggðarlaga með mikla fólksfækkun. Gefin verður út skýrsla um verkefnið í haust en sýnishorn úr henni var kynnt á fundinum. Í skýrslunni kemur einnig fram að á tímabilinu 1994 til 2009 varð yfir 20 prósenta fækkun í 21 sveitarfélagi. Mesta fækkunin varð í Árneshreppi, meiri en 50 prósent. - þeb

Ný nöfn viðurkennd:

## Mega nefnast Eyjar og Mörur

**STJÓRNSÝSLA Mannanafnanefnd hefur samþykkt óskir um að nafnið Mara og nafnið Ey verði tekin á mannanafnaskrá.**

**Segir mannanafnanefnd um bæði nöfnin, Möru og Ey, að þau taki íslenskri fallbeygingu og fylli að öðru leyti ákvæði laga um mannanöfn.** - gar

**LEIÐRÉTTING**

Laun leikskólakennara hækka um 7,6 prósent en ekki 7 prósent eins og fram kom í frétt um nýjan kjarasamning Félags leikskólakennara sem birtist í blaðinu í gær.

**ÁRÉTTING**

Finnur Sveinbjörnsson, höfundur aðsendrar greinar um Landsvirkjun, er hvorki stjórnarmaður í Landsvirkjun né ráðgjafi þess.

# Gagnrýnir kaup á eignum Ísaksskóla

**Borgarfulltrúi Vinstri grænna gagnrýnir 184 milljóna króna kaup Reykjavíkurborgar á eignum Ísaksskóla. Á sama tíma er sparnaður og sameining í skólum borgarinnar. Aðrir flokkar telja að litlu hafi verið kostað til að bjarga skólanum.**

**MENNTAMÁL** Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, gagnrýnir kaup Reykjavíkurborgar á eignum Ísaksskóla. Borgarráð samþykkti kaupin í síðustu viku, en kaupverðið nemur 184 milljónum króna.

„Mér finnst þetta sérkennilegt eftir allt það sem á undan er gengið í menntamálum hjá Reykjavíkurborg. Það er búið að setja allt skólastarf í uppnám, leik- og grunnskóla sem og frístundastarf,“ segir Sóley, og vísar þar til hagræðingar og sameiningar í skólakerfinu.

Samkvæmt tillögu um sameiningu skóla á hún að skila 150 milljónum króna ein og sér, sem felst aðallega í minni kostnaði við laun og stjórnun. Tillögurnar allar gera ráð fyrir 15 milljóna sparnaði á þessu ári, en hann mun nema nokkur hundruð milljónum, samkvæmt tillögunum, þegar fram í sækir.

Sóley segir að í ljósi þessa sé ráðstöfunin gagnvart Ísaksskóla sérkennileg. „Mér finnst skjóta skökku við að borgin skuli eiga 184 milljónir til að kaupa einkaskóla.“

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir stöðu Ísaksskóla hafa verið mjög þrönga og skólastarf hafi stefnt í uppnám. Í stað þess að auka fjárframlög hafi verið brugðið á það ráð að borgin keypti fasteignina, en skólinn hefði forkaupsrétt að henni. Hann segir ekki rétt að horfa til sparnaðarins hvað varðar samhengi í upphæðum. „Samhengið er frekar það að hver nýr skóli kostar 1,5 til tvo milljarða króna. Greiðslan fyrir Ísaksskóla er svipuð og ársleiga slíkra skóla. Þetta er því ekki hátt kaupverð.“



**ÍSAKSSKÓLI** Borgin hefur keypt húseignir Ísaksskóla á 184 milljónir króna. Skólinn hefur síðan forkaupsrétt á eignunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**



**DAGUR B. EGGERTSSON**

Hann segir hagsmunum borgarinnar gagnvart börnunum í skólanum tryggða með þessari ráðstöfun og hagsmunum skólans einnig. Með gjörningnum náist að losa skólann við mjög óhagstætt bankalán. Tekið hafi verið til í rekstri skólans og honum hafi verið komið á traustan grunn.

Sjálfstæðisflokkurinn studdi kaupin og Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti borgarstjórnarflokksins, segir að nauðsynlegt hafi verið að tryggja eðlilegt skólahald. Betri leið hafi verið að kaupa eignirnar en að setja aukið fé í reksturinn.

„Þetta er tímabundið framlag og borgin fær leigutekjur af eignunum. Skólanum gefst síðan kostur á að kaupa þær aftur. Þetta tryggir áframhaldandi skólarekstur og hagsmuni barnanna.“

kolbeinn@frettabladid.is

Forseti Venesúela:

## 100 tonn af gulli yfir hafið

**ENGLAND Seðlabanki Englands fékk óvenjulega beiðni í síðustu viku þegar Hugo Chávez, forseti Venesúela, vildi fá heim gullforða lands síns, eins fljótt og unnt væri. Það þýðir að flytja þarf 99,2 tonn af gullstöngum frá London til Caracas.**



**HUGO CHÁVEZ**

**Chávez hefur einnig beðið um að fá heimsend 90 tonn af gulli frá öðrum bönkum í Bandaríkjunum og Evrópu.**

**Í London reikna menn með að fljúga þurfi 40 sinnum yfir Atlantshafið til þess að flytja gullið til Caracas. Ekkert tryggingafélag vill tryggja gullið verði það sent allt í einu.** - ibs

Neytendasamtökin mótmæla:

## Stjórnvöld felli niður tolla

**NEYTENDUR** Neytendasamtökin hvetja stjórnvöld til að fella hið fyrsta niður tolla á innfluttar landbúnaðarvörur sem ekki eru framleiddar hér á landi. Þetta kemur fram í tilkynningu frá samtökunum.

Samtökin hafa lengi barist fyrir því að innflutningstollar á landbúnaðarafurðir verði lækkaðir og að lokum lagðir alfarið af. Slíkt myndi efla samkeppni, auka vöruúrval og að öllum líkindum lækka verð. „Það er eðlilegt skref og ekki hægt að sjá að nokkur geti sett sig upp á móti slíkum breytingum,“ segir í tilkynningu Neytendasamtakanna. - sv





MULTI DOPHILUS FORTE

Ný og öflug blanda af meltingargerlum

Multidophilus Forte er breiðvirk probiotic blanda sem inniheldur 10 MILLJARÐA VIRKRA GERLA. Mælt er með einu hylki á dag til að viðhalda góðri þarmaflóru.

„Probiocap®“ Multidophilus forte er framleitt með nýrri aðferð sem tryggir líftíma gerlana og virkni þeirra.

Fæst í heilsubúðum, apótekum og flestum matvöruverslunum.

heilsa –hafðu það gott


**VEÐURSPÁ**



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**SVALUR** Norðlæg átt verður næstu daga og hitinn mætti vera hærri. Það má búast við næturfrosti inn til landsins en 5-14 stigum yfir daginn. Dálítil væta austanlands í dag og á morgun. Nokkuð bjart suðvestan til í dag og á laugardag en dregur lítillega fyrir á morgun.



**Á MORGUN** víða 3-10 m/s, hvassara austast.

**LAUGARDAGUR** Fremur hægur vindur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 30° |
| Billund | 23° |
| Frankfurt | 29° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 19° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 29° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 20° |
| París | 24° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



N1
Meira í leiðinni

## KJÖRKASSINN



*Er þörf á nýjum flokki á miðju stjórnmálanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 37,1% |
| Nei | 62,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Borðar þú hrefnukjöt?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Paul Ray, sem kemur fyrir í stefnuyfirlýsingu Breiviks, neitar öllum tengslum:

# Flaug til Noregs í yfirheyrslur

**NOREGUR** Breski þjóðernissinninn Paul Ray kom til Óslóar í gær til að fara í yfirheyrslur hjá lögreglu vegna hryðjuverkanna í Noregi 22. júlí. Ray kom sjálfviljugur til landsins til að ræða við lögreglu.

Í stefnuyfirlýsingu ódæðismannsins Anders Behring Breivik er Ray nefndur sem fyrirmynd og lærifaðir. Hann neitar því alfarið að hafa átt nokkur samskipti við Breivik og segist á engan hátt hafa verið lærifaðir hans.

Meðal þess sem lögreglan gerir nú er að rannsaka DNA-sýni og fingraför á búgarði Breiviks.

Fjárkröfur vegna hryðjuverkanna eru nú um tíu milljónir norskra króna, en þar vegur þyngst kostnaður níu sveitarfélaga eftir árásirnar. Þá er kostnaður hótels í Sundvolden í nágrenni Úteyjar 4,5 milljónir norskra króna. Jafnframt mun fjöldi einstaklinga fá greiddar bætur vegna árásanna.

Norska ríkisútvarpið hefur greint frá því að öryggisgæsla í kringum ráðherra hafi verið aukin eftir hryðjuverkaárásirnar. Forsætisráðherra hefur haft fasta lífverði en nú hafa þrír ráðherrar til viðbótar gæslu allan sólarhringinn. - þeb



**BREIVIK** Í stefnuyfirlýsingu Breiviks er aðdáun lýst á Paul Ray, en Ray hefur barist gegn múslímum og fjölmenningu í Bretlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Notað í lækningaskyni:

# Marijúanasprey til Svíþjóðar

**SVÍÞJÓÐ Marijúanasprey verður líklega fáanlegt í Svíþjóð á næstunni. Spreyið er ætlað í lækningaskyni en veldur ekki vímu.**

**Sprey af þessu tagi hefur verið tekið í notkun í Bretlandi og á Spáni auk þess sem samþykkt hefur verið að nota það í Þýskalandi og Danmörku. Efnið er fyrst og fremst ætlað fólki sem þjáist af MS-sjúkdómnum og öðrum sjúkdómum. Rannsóknir hafa bent til þess að marijúana geti haft jákvæð áhrif á einkenni sjúkdómsins.** - þeb




The Academy of Colour and Style

ÚTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI

VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastill og textill. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu.
Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

| 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|
| | | Innkaupastjóri |
| Fatastíll | Litgreining | Útlitsráðgjafi |
| Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Stílisti |
| Textill | Litasamsetning | Verslunarstjóri |

Erna, stílisti



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tískuráðgjafi



Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn.
Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is




**STOLTIR FORELDRAR MEÐ ERFINGJANN** Drengurinn hefur verið nefndur Adam Ástráður. Hann þykir líkur báðum foreldrum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Merki þess að ástin þrautir vinnur allar

**Ásdís Jenna Ástráðsdóttir og maður hennar, Kevin Kristofer Buggle, eignuðust son á föstudaginn. Þau hjónin voru farin að huga að ættleiðingu og þjónustu staðgöngumóður áður en sá litli tók í taumana. Meðgangan var erfið.**

**MANNLÍF** „Þetta er enn einn vitnisburðurinn um það að ástin sigrar allt,“ segir Kevin Kristofer Buggle stoltur en kona hans, Ásdís Jenna Ástráðsdóttir, fæddi 13 marka son á föstudaginn. Buggle segir að fæðingin hafi gengið vel en meðgangan var mikil þrautaganga fyrir Ásdísi Jennu en hún er fjölfötluð og tekur alla jafna lyf til að tempra ósjálfráðar hreyfingar en ekki er á slíka lyfjagjöf hættandi á meðgöngu.

„Þetta hefur því verið afar erfitt fyrir hana, hún átti til dæmis erfitt með svefn og svo bættist morgunógleði ofan á allt saman,“ segir Buggle.

Drengnum hefur verið gefið nafnið Adam Ástráður, afanum til mikillar ánægju, en hann verður skírður eftir um það bil mánuð. Buggle er uppalinn í Bandaríkjunum en á íslenska móður og hefur verið búsettur hér á landi í rúm níu ár. Adam Ástráður fær því föðurnafn eftir íslenskum hefðum og verður Kristofersson.

Buggle segir að aðstandendur sínir í Bandaríkjunum hafi verið áhyggjufullir meðan á meðgöngunni stóð en Ásdís er fjórutíu og eins árs og þar sem hún er fjölfötluð var mikil hætta á því að hún fengi blóðtappa. „Þau eru því afar kát núna og ég á von á systur minni í heimsókn von bráðar,“ segir hann.

Adam Ástráður var sannkölluð himnasending en þau hjón, sem hafa nú verið gift í tvö ár, voru farin að huga að því að nýta sér þjónustu staðgöngumóður. Þau voru einnig farin að velta fyrir sér ættleiðingu en það hefði getað orðið flókið því lög kveða á um að fjölfatlað fólk geti ekki ættleitt börn. En nú hefur sá litli skorið blessunarlega á hnútinn.

En hverjum líkist Adam litli? „Ég myndi segja að hann hefði munninn og augun frá mér en nefið og eyrun frá Ásdísi þannig að hann er góð blanda af okkur báðum,“ segir faðirinn.

Buggle er tölvuviðgerðarmaður en hann er einnig að vinna við forritun og það kemur sér vel að hann getur unnið við það heima við. Hann er jafnframt stuðningsfulltrúi konu sinnar svo hann hefur komið málum nokkuð haganlega fyrir nú í annríkinu sem fram undan er. „Ég er síðan að vinna að því að gerast verktaki við ljósmyndun og grafíska hönnun,“ segir hann og vonast til að kraftaverkin setji nú svip sinn á starfsframann líkt og þau hafa gert í einkalífinu.

jse@frettabladid.is


Costa del Sol

Allra síðustu sætin 10. september í 10 nætur

Frá aðeins kr.
109.000 með allt innifalið

Heimsferðir bjóða frábæra 10 nátta ferð til Costa del Sol þann 10. september. Í boði er einstakt sértilboð á Griego Mar hótelinu.

Gríptu þetta tækifæri og skelltu þér í frábæra ferð til Costa del Sol og njóttu lífsins á hreint ótrúlegum kjörum.

Ath. mjög takmarkaður fjöldi herbergja í boði verð getur hækkað án fyrirvara.

Hotel Griego Mar ***
Kr. 109.000 - með „öllu inniföldu“

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi með „öllu inniföldu“ í 10 nætur.
Verð m.v. gistingu í tvíbýli með „öllu inniföldu“ kr. 129.900.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Sauðfjárbændur hætta viðskiptum við Hagfræðistofnun vegna skrifa prófessors:

# Telja skrif Þórólfs árás á bændur

**HÁSKÓLAR** Landssamtök sauðfjárbænda (LS) hafa ákveðið að hætta viðskiptum við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vegna „ítrekaðra skrifa“ Þórólfs Matthíassonar, hagfræðiprófessors og deildarforseta hagfræðideildar, um sauðfjárrækt.

Þetta kom fram á vef Bændablaðsins í gær. Þar segir einnig að Sindri Sigurgeirsson, formaður LS, hafi fundað með Kristínu Ingólfsdóttur, rektor HÍ, í upphafi vikunnar þar sem hann kynnti henni gagnrýni samtakanna.



**SVEINN AGNARSSON**

Bændablaðið segir hugmyndir hafa verið uppi um samvinnu LS og Hagfræðistofnunar um verkefni tengt hagræðingu í sláturiðnaði, en LS hefur nú hætt við.

Þótt Þórólfur sé, sem deildarforseti, ekki starfsmaður eða stjórnarmaður Hagfræðistofnunar telji LS náin tengsl þar á milli og þess vegna treysti sauðfjárbændur sér ekki til þess að vinna áfram með stofnuninni.

Sveinn Agnarsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, segir í samtali við Fréttablaðið að viðskiptavinir stofnunarinnar ráði því hvort þeir leiti til hennar. Honum finnist þó ekki ególegt að stofnuninni.

„Við höfum alltaf haft það sem skyldu að vinna eins hlutlægt og vandað og við getum og við höldum því bara áfram,“ sagði Sveinn. - þj




# TAX FREE DAGAR

*Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!*

Dagana 25. - 28. ágúst afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur og skó án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 28. ágúst 2011.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

## 60 ára og eldri

**Frábær félagsskapur, aðhald og stuðningur**

**Hópþjálfun tvisvar í viku með einföldum æfingum**

Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal

- Lokað námskeið (4 vikur)
- Mán og mið kl. 11-12
- Þjálfari Helga Sigmundsdóttir, lýðheilsufræðingur
- **Verð kr. 9.900,-**

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010



HEILSUBORG

*Faxafeni 14 www.heilsuborg.is*



# Bað og sturta!




Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*



>> NÝR FARVEGUR

Ráðstefna um hönnunarstefnu Íslands í Hörpu **26. ágúst** frá kl. 10 – 17.

26.08. 2011

**Nýir tímar kalla á nýja hugsun og nýjar leiðir.**

Nýlega fór Apple hönnunarfyrirtækið upp fyrir Exxon olíurisann sem verðmætasta fyrirtæki heims. Það er táknrænt fyrir þau straumhvörf sem nú eiga sér stað.

Á ráðstefnunni verður fjallað um hönnun frá sjónarhóli efnahags, samkeppnishæfi, samfélags, umhverfis, og framtíðar og munu innlendir og erlendir fyrirlesarar fjalla um gildi og möguleika hönnunar.

**Fyrirlesarar:**

> **Jan R. Stavik** - hagfræðingur og framkvæmdastjóri norska hönnunarráðsins.

> **Elizabeth (Dori) Tunstall** - prófessor við Swinburne háskólann í Melbourne

> **John Thackara** - rithöfundur, fyrirlesari og ritstjóri hefur verið áhrifamikill í hönnunar umræðunni

Ráðstefnan er opin öllum og fer fram á ensku.
**Skráning á midi.is**

honnunarstefna.is

*Verkefnið Mótun hönnunarstefnu Íslands er á vegum Hönnunarmiðstöðvar, Iðnaðarráðuneytis og Mennta- og menningar-málaráðuneytis.*

Nýsköpunarmiðstöð Íslands · SI · Hönnunarmiðstöð Iceland Design Centre · Iðnaðarráðuneytið


**FRÉTTASKÝRING:** Frumvarp um fiskveiðistjórn

# Spá fjölda gjaldþrota vegna fiskveiðilaga

**Frumvarp um stjórn fiskveiða kollvarpar rekstri sjávarútvegsfyrirtækja samkvæmt umsögn hagsmunaaðila. Eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja mun lækka um 181 milljarð. Ellefu milljarða skattgreiðslur frestast vegna afskrifta á kvóta.**

Sjávarútvegsfyrirtæki munu þurfa að afskrifa um 181 milljarð króna verði frumvarp sjávarútvegsráðherra um stjórn fiskveiða að lögum, samkvæmt áliti Samtaka atvinnulífsins (SA) og tveggja undirsamtaka. Afleiðing þessa verður fjöldi gjaldþrota í greininni.

„Markmið frumvarpsins er augljóslega að kollvarpa rekstri sjávarútvegsfyrirtækja [og] stórauka skattheimtu á sjávarútveginn,“ segir í umsögn SA, Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og Samtaka fiskvinnslustöðva (SF).

Þar segir jafnframt að verði frumvarpið að lögum muni völd ráðherra aukast til muna og þar með pólitísk afskipti af rekstri sjávarútvegsins. Frumvarpið muni innleiða skammtímasjónarmið í greininni sem muni grafa undan ábyrgri nýtingu nytjastofna.

Í umsögninni er vitnað í úttekt Deloitte endurskoðunarfyrirtækisins á áhrifum frumvarpsins, sem unnin var fyrir SA, LÍÚ og SF. Þar segir að sjávarútvegsfyrirtækin verði að gjaldfæra strax allar afskriftir vegna aflaheimilda verði frumvarpið að lögum.

Í lok síðasta árs nam sú eign 181 milljarði króna. Aðrar eignir sjávarútvegsfyrirtækjanna eru um 287 milljarðar. Heildarskuldir greinarinnar eru um 360 milljarðar og eigið fé um 108 milljarðar. Verði 181 milljarður gjaldfærður strax verður eigið fé greinarinnar neikvætt um 73 milljarða og þar með hætt við því að fyrirtæki í greininni fari í þrot.

Í úttekt Deloitte er jafnframt bent á að verði aflaheimildir felldar niður geti sjávarútvegsfyrirtækin fært verð þeirra sem rekstrarkostnað. „Verði þetta reyndin munu tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti sjávarútvegsfyrirtækjanna verða umtalsvert lægri næstu ár en hefði verið að óbreyttu,“ segir í úttektinni.

Í fréttatilkynningu frá SA segir að áætla megi að skattgreiðslur sem frestist vegna þessa geti numið um 11 milljörðum króna.



**FISKVEIÐAR** Frumvarp sjávarútvegsráðherra um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er nú hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, en stefnt er að því að það verði að lögum á haustþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ekki sammála heimsendaspám

„Ég er ekki sammála þeim heimsendaspám sem þarna koma fram,“ segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, spurð um umsagnir SA, LÍÚ og SF annars vegar og Landsbankans hins vegar.



**LILJA RAFNEY MAGNÚSDÓTTIR**

„Það er verið að styrkja rekstrargrundvöll fyrirtækja með því að bjóða upp á langtímasamninga um nýtingu auðlindarinnar,“ segir Lilja. Eins og kerfið virki í dag geti sjávarútvegsfyrirtækin ekki verið viss um að fá heimildir lengra en eitt fiskveiðiár fram í tímann.

„Hvernig menn færa þetta í bókhaldinu breytir ekki öllu heldur raunverulegur rekstrargrundvöllur fyrirtækjanna og raunveruleg greiðslugeta miðað við innkomu,“ segir Lilja.

Í umsögn Landsbankans kemur fram að aflaheimildir séu í raun undirstaðan undir veðum sjávarútvegsfyrirtækja, þó óbeint sé. „Það er bannað með lögum að veðsetja aflaheimildir, svo fjármálafyrirtækin í landinu hafa verið á mjög gráu svæði. Það verður að horfast í augu við hversu glæfralega var farið í fjárfestingum og við yfirveðsetningu sjávarútvegsfyrirtækja. Þó engu verði breytt í fiskveiðistjórnunarkerfinu verður að afskrifa þar sem ekki var innistæða fyrir því sem lánað var fyrir,“ segir Lilja.

Hún segir fráleitt að gengið sé gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar með því að innkalla aflaheimildir. Lögum samkvæmt sé auðlindin í eigu þjóðarinnar. „Það væri grafalvarlegur hlutur ef auðlindin teldist einkaeign þeirra sem hafa haft afnotaréttinn af aflaheimildunum frá ári til árs.“

Útgerðin greiðir nú 9,5 prósent af framlegð sinni í veiðigjald, en til stendur að hækka hlutfallið í 19 prósent af framlegð. Áætla má að það nemi um 36 prósentum af hagnaði greinarinnar, segir í umsögninni.

Í frumvarpinu er einnig ákvæði um að kvótaeign sjávarútvegsfyrirtækja verði afturkölluð, og þess í stað geti þau fengið heimild til nýtingar á auðlindinni til 15 ára, með möguleika á framlengingu til átta ára.

Lögmannsstofan Lex vann álit á frumvarpi sjávarútvegsráðherra fyrir SA, LÍÚ og SF. Í álitinu segir að upptaka veiðiheimilda muni baka ríkinu skaðabótaskyldu gagnvart eigendum kvótans. Samkvæmt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar geti stjórnvöld ekki tekið eign eignarnámi án þess að greiða fullt verð fyrir.




**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is


Landsbankinn telur að endurskoða þurfi áformaðar breytingar á kvótakerfinu:

# Kostar bankann 25 milljarða

Tap Landsbankans vegna lána til sjávarútvegsfyrirtækja verður um 25 milljarðar króna verði frumvarp um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu að veruleika, að mati Steinþórs Pálssonar, bankastjóra Landsbankans.



**STEINÞÓR PÁLSSON**

Í umsögn bankans um frumvarpið, sem undirrituð er af Steinþóri, er gert ráð fyrir því að einhver fyrirtæki í greininni verði gjaldþrota. Þar segir að jafnvel þó að engin fyrirtæki fari í þrot muni bankinn tapa um 19,5 milljörðum.

Það er mat bankans að endurskoða þurfi frumvarp sjávarútvegsráðherra frá grunni þar sem það muni að óbreyttu skerða hagkvæmni í sjávarútveginum og rýra lífskjör í landinu.

Í umsögn bankans segir að verðmæti þeirra eigna sem sjávarútvegsfyrirtæki hafi lagt að að veði sem tryggingu fyrir lánum frá bankanum hafi að langstærstum hluta byggst á aflaheimildum, þó með óbeinum hætti sé. Frumvarpið kippi fótum undan þeim möguleika, og geri þar með fjármögnun sjávarútvegsfyrirtækja erfiðari og dýrari.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að útvegsmenn fái heimild til að nýta auðlindina til 15 ára, með möguleika á átta ára framlengingu. Sá tími er allt of stuttur og í engu samræmi við þá langtímafjármögnun sem sjávarútvegsfyrirtæki þurfa á að halda, segir í umsögn Landsbankans.

Áætlað tap bankans skýrist að mestu af því að bankinn gerir ekki ráð fyrir áframhaldandi tekjum að 15 árum liðnum. Það sé varúðarráðstöfun þar sem óvíst sé með öllu að fyrirtækin fái áframhaldandi heimildir til fiskveiða. - bj


TILBOÐ
LONDON / KØBEN / OSLÓ / BERLÍN / VARSJÁ FRÁ:
11.900 KR.*
NEW YORK FRÁ:
22.900 KR.*
FLUGSÆTI Í HAUST!
Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta á frábæru tilboðsverði, frá 11.900 kr. til London, Køben, Oslóar, Berlínar og Varsjár og frá 22.900 kr. til New York, aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Bókunartímabil: Í dag frá kl. 12.00-23.59
Ferðatímabil: 26. ágúst-30. nóvember 2011
Áfangastaðir: London, Köben, Osló, Berlín, Varsjá og New York.
Þú bókar á www.icelandexpress.is
*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.
Iceland Express
AÐEINS Í DAG!
HEFST
Á HÁDEGI



**HITABYLGJA Í FRAKKLANDI** Í Strassborg í Frakklandi greip fólk til ýmissa ráða til að kæla sig þegar hitinn var kominn upp í 35 gráður, þar á meðal þessi litla hnáta sem sprangaði um í gosbrunni. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrrverandi lögreglumaður handtekinn vegna gruns um aðild að morði á rússneskri verðlaunablaðakonu:

# Talinn hafa skipulagt morðið á Politkovskaju

**RÚSSLAND, AP** Lögreglan í Rússlandi hefur handtekið fyrrverandi lögreglumann vegna gruns um að hann hafi skipulagt morðið á blaðakonunni Önnu Politkovskaju árið 2006.

Á sínum tíma var Politkovskaja afar gagnrýnin á stefnu stjórnvalda í Kreml, sérstaklega hvað varðar stríðið í Tsjetsjeníu.

Maðurinn sem var handtekinn í gær heitir Dimítrí Pavlúsjenkov, en hann er talinn hafa sett saman hóp til að fremja ódæðið og útvegað meintum byssumanni, Rustam Makmúdov, morðvopnið. Makmúdov, sem er Tsjetsjeni, hefur verið í haldi síðan í maí.

Það þaggar þó ekki niður í þeim sem telja að málið risti dýpra og vilja að upplýst verði hver fyrirskipaði morðið á Politkovskaju. Þegar hafa þrír menn verið sýknaðir af ásökunum um aðild að morðinu, en hæstiréttur landsins hefur vísað málunum aftur til saksóknara.

Talsmaður rannsóknarnefndar, sem hefur umsjón með málinu, sagði að Pavlúsjenkov væri grunaður um að hafa þegið greiðslu frá „óþekktum aðila“ til að skipuleggja morðið.

Politkovskaja var að koma út úr lyftu á heimili sínu þegar hún var myrt, en hún hafði vakið mikla athygli fyrir skörulega framgöngu sína í að afla frétta af ofbeldi, kúgun og spillingu í Tsjetsjeníu og öðrum svæðum í rússnesku Kákasusfjöllunum.

Vladímir Pútín, þáverandi forseti, reyndi að gera lítið úr verkum Politkovskaju eftir morðið, en vandræðagangur með rannsóknina og málareksturinn hefur kynt undir grunsemdum um samsæri allt inn í raðir stjórnarinnar. - þj



**MINNAST BARÁTTUKONU** Anna Politkovskaja, sem var myrt árið 2006, er orðin að eins konar táknmynd fyrir baráttu gegn spillingu og ofbeldi gegn andófsfólki í Rússlandi.



**AKUREYRARFLUGVÖLLUR** Icelandair mun hefja flug til Akureyrar í júní á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Nýr áfangastaður Icelandair:

## Hefur flug til Akureyrar 2012

**SAMGÖNGUR** Icelandair hefur nú ákveðið að fljúga á milli Akureyrar og Keflavíkur í tengslum við millilandaflug sitt. Flogið verður fjórum sinnum í viku, frá byrjun júní til loka september árið 2012.

Í tilkynningu frá Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi segir að þessari ákvörðun sé fagnað og gera megi ráð fyrir að auk þess sem ferðamönnum fjölgi þá lengist dvalartími þeirra á Norðurlandi. Þá er flugið talið bæta möguleika Norðlendinga á beinum samgöngum við útlönd. - sv

Launavísitala hækkar:

## Kaupmáttur launa hærri

**KJARAMÁL Kaupmáttur launa hækkaði um 0,9 prósent frá júní til júlí. Síðustu tólf mánuði hefur vísitala kaupmáttar launa hækkað um 2,6 prósent. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.**

**Launavísitala í júlí hækkaði um 409,1 stig og hækkaði um 1 prósent frá júní. Launavísitala síðustu tólf mánaða hefur hækkað um 7,8 prósent. Hækkanir nýgerðra kjarasamninga hafa áhrif á launavísitöluna. Þá komu til framkvæmda kjarasamningar opinberra starfsmanna við Samband íslenskra sveitarfélaga sem kváðu á um hækkun taxta um 4,25 prósent 1. júlí og sérstaka 50.000 króna eingreiðslu.** - kóp

# Matvælaframleiðsla breytist

**Síðasti hluti matvælalöggjafar ESB tekur gildi á Íslandi í nóvember. Kjöt- og mjólkurframleiðsla tekur nokkrum stakkaskiptum við breytingarnar sem eiga að tryggja frjálst flæði vöru og hagsmuni neytenda.**

**FRÉTTASKÝRING**

Ný matvælalöggjöf að taka gildi

Hinn 1. mars í fyrra tók gildi hér á landi matvælalöggjöf um hollustuhætti og eftirlit á Evrópska efnahagssvæðinu. Löggjöfina tekur Ísland upp samkvæmt EES-samningnum en gefinn var átján mánaða frestur til að lögfesta breytingar vegna búfjárafurða sem taka því gildi 1. nóvember næstkomandi. Umhverfi kjöt- og mjólkurframleiðslu tekur nokkrum stakkaskiptum við breytingarnar.

Matvælastofnun sér um eftirlit með matvælaframleiðslu á Íslandi. Í kynningarefni stofnunarinnar kemur fram að búið er að innleiða eldri matvælalöggjöf ESB á Evrópska efnahagssvæðinu og þar með á Íslandi. Löggjöfin er í gildi fyrir sjávarafurðir, fiskisjúkdóma og almenn matvæli. Þá hefur fóðurlöggjöf ESB einnig verið innleidd en hingað til hefur Ísland verið á undanþágu varðandi búfjárafurðir og dýraheilbrigði.

Markmið matvælalöggjafarinnar er að vernda líf og heilsu manna og tryggja jafnframt frjálst flæði vöru á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá eiga reglurnar að tryggja hagsmuni neytenda og til að mynda gera þeim kleift að rekja feril matvæla á öllum stigum framleiðslu og dreifingar.

„Ég held að þessar reglur séu vandaðar og settar að mjög vel skoðuðu máli. Almennt séð held ég að þær séu til bóta og þetta sé góð löggjöf,“ segir Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður matvælaöryggis og neytendamála hjá Matvælastofnun, um nýju reglurnar.



**VEL MERKT OG REKJANLEGT** Meðal markmiða með evrópsku matvælalöggjöfinni er að tryggja að allur matur sé vel merktur og rekjanlegur í gegnum öll stig framleiðslu og dreifingar.

### Sérstakar kvaðir á útflutning

Íslensk sláturhús hafa að sögn Sigurðar haft útflutningsleyfi til Evrópuríkja frá árinu 1992. Nú hafi öll sauðfjársláturhús, nokkur stórgripahús og öll stóru mjólkurbúin slíkt leyfi.

Matvæla- og dýralækningastofnun ESB sótti Ísland heim í september á síðasta ári. Markmiðið var að meta framleiðsluferla við kjöt- og mjólkurframleiðslu á Íslandi hjá fyrirtækjum sem flytja út til ríkja ESB og ganga úr skugga um hvort framleiðslan væri í samræmi við reglur. Voru heimsótt fimm fyrirtæki sem öll höfðu hlotið útflutningsleyfi.

Hjá öllum fimm fyrirtækjum var hins vegar misbrestur á því að reglunum væri framfylgt. Engin gögn voru til staðar um það hvort fyrirtækin hefðu uppfyllt gæðastaðla áður en þau hlutu leyfið. Þá kom í ljós skortur á skipulagi, aðstöðu, tækjum og viðhaldi í þeim öllum auk þess sem ýmsar aðrar athugasemdir voru gerðar við starfsemi þeirra.

Í einu kjötframleiðslufyrirtæki þóttu aðstæður fullkomlega óviðunandi og var þess þegar krafist að leyfið yrði dregin til baka. Í öðru sláturhúsi þótti vera töluverð hætta á smitum milli tegunda auk þess sem skortur var á merkingum. Mjólkurbúin tvö sem heimsótt voru uppfylltu hins vegar kröfur að mestu leyti. Þá töldu skoðunaraðilar að heilbrigði fólks stæði ekki ógn af framangreindum vanköntum.

„Það var strax tekið á þessum athugasemdum held ég. Almennt er ástandið nokkuð gott en ef þú ferð í svona matvælafyrirtæki má lengi finna eitthvað sem er að. Auðvitað má ýmislegt bæta,“ segir Sigurður, spurður um þessa gagnrýni.

Matvæla- og dýralækningastofnun ESB hefur skoðað aðstæður á Íslandi reglulega undanfarin ár og kom hingað árið 2007. Í skýrslu vegna seinni heimsóknarinnar kemur fram að í millitíðinni hafi aðeins verið aðhafst með fullnægjandi hætti vegna einnar af fjórum athugasemdum stofnunarinnar. Stofnunin taldi auk þess verulega galla vera á eftirliti og framfylgni reglna hjá Matvælastofnun og komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri að svo stöddu hægt að treysta því að íslensku fyrirtækin störfuðu í samræmi við gæðastaðla.

### Undirbúningur stendur yfir

Þegar niðurstöður heimsóknarinnar lágu fyrir hittu fulltrúar hennar fulltrúa Matvælastofnunar sem staðfestu þær. Þá voru lagðar fram sex tillögur um hvernig bæta mætti það sem misbrestur þótti hafa verið á.

Í nóvember í fyrra setti Matvælaeftirlitið svo fram aðgerðaáætlun um það hvernig brugðist skyldi við. Spurður hvernig gangi að bregðast við athugasemdunum og undirbúa gildistöku laganna segir Sigurður: „Ég held að það gangi bara þokkalega. Við vinnum að því hörðum höndum að innleiða þessa löggjöf og það sama gildir um fyrirtæki sem vinna búfjárafurðir að fullu. Ég er ekki viss um að allt verði klárt í öllum fyrirtækjum og það er ekki víst að allt verði búið hjá okkur. Verði þörf á getum við sótt um viðbótarfrest en ég held að við séum á réttri leið.

magnusl@frettabladid.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

10 ÁRA 2001–2011

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001–2011

Allt sem þú þarft

Tæplega þrítugur maður dæmdur í átján mánaða fangelsi:

# Kastaði steini að lögreglumanni

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Austurlands í átján mánaða fangelsi. Hann var sakfelldur fyrir ölvunarakstur, þar sem hann var réttindalaus á bílnum, svo og fyrir að hóta lögreglumönnum lífláti og kasta þungum steini í átt að höfði lögreglumanns.

Maðurinn hafði fáeinum dögum fyrr lokið við afplánun fimm mánaða fangelsisvistar, en hafði stuttu fyrr fengið níu mánaða dóm, meðal annars fyrir hótanir í garð tveggja lögreglumanna. Þann 24. maí hafði lögregla afskipti af honum vegna ölvunaraksturs. Maðurinn varð æstur og kastaði meðal þungum steini í átt að höfði eins lögreglumannsins, sem náði með snarræði að víkja sér undan. Þá hótaði hann fimm lögreglumönnum lífláti og að smita þá af lifrarbólgu C og HIV. Því til áherslu hrækti hann ítrekað á lögreglumennina. Áður hafði hann sótt sporjárn, að sögn til að reyna að drepa annan þeirra. Hann var sýknaður af þeim lið ákærunnar.

Maðurinn sætti geðrannsókn og var úrskurðaður sakhæfur. Hann hafði áður hlotið sautján dóma. - jss



**HÉRAÐSDÓMUR AUSTURLANDS** Dæmdi manninn til refsingar.




Orlando er fjölbreytt borg og einn af vinsælustu áfangastöðum heims fyrir fjölskyldur. Orlando hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarða heims. Hægt væri að heimsækja nýjan skemmtigarð hvern dag vikunnar og þegar fólk hefur fengið fylli sína af þeim hefur Orlando upp á margt annað að bjóða og má segja að borgin bjóði upp á óendanlega möguleika til skemmtunar! Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum og veitingastöðum.

Úrval Útsýn | Lágmúla 4 108 Rvk | 585 - 4000 | www.urvalutsyn.is

* Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á The Floridina Hotel með morgunmat í 8 nætur (8.okt - 16.okt). Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á

**FRÉTTASKÝRING: Orkuskipti í samgöngum** 1. grein af 3

# Endurnýjanlegir orkugjafar í öndvegi

**Meira en 10 prósent af orku sem notuð er í samgöngum verða fengin með endurnýjanlegum orkugjöfum 2020. Það sparar gjaldeyri og er umhverfisvænt. Kolbeinn Óttarsson Proppé skoðaði þær breytingar sem eru fram undan í orkumálum.**

Orkunotkun Íslendinga mun taka gagngerum breytingum verði áætlun ríkisstjórnarinnar um orkuskipti að veruleika. Samkvæmt henni munu meira en tíu prósent af allri orku sem nýtt er í samgöngum koma úr endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2020, eftir níu ár. Í dag kemur eitt prósent úr slíkum orkugjöfum.

Til þess að þetta verði að veruleika er ljóst að umfangsmiklar breytingar þurfa að verða á samgönguflota landsins. Iðnaðarráðherra hefur hleypt af stað átaki í þessa veru, Grænu orkunni, og verkefnisstjórn hennar vinnur nú að tillögum um hvernig þetta getur orðið að veruleika. Með því á að leiða alla þá saman sem fást við orkuskipti í samgöngum.

„Græna orkan mun vinna aðgerðar- og framkvæmdaáætlun um verkefnið og tengja saman alla þá sem fást við málaflokkinn. Með henni skapast aðgengi að stjórnvöldum, en frumkvæðið mun koma frá atvinnulífinu," segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra.

### Úr stjórnsýslu í atvinnulífið

Sverrir Viðar Hauksson er formaður verkefnastjórnar Grænu orkunnar. Hann segir að verkefnið sé nú á mikilvægum tímapunkti; hingað til hafi það fyrst og fremst verið á sviði stjórnsýslunnar, en nú sé það að færast út í atvinnulífið.

Fyrrverandi verkefnisstjórn skilaði af sér drögum að þingsályktunartillögu sem lögð var fyrir Alþingi í janúar. Hún var samþykkt samhljóða í júní og í henni er að finna yfirlýsta stefnu stjórnvalda í málaflokknum.

„Upphaflega hugmyndin var að búa til stóran samstarfssamning og skapa aukið fjármagn til að setja effort í þetta. Síðan var ákveðið að bíða með það og klára grunnvinnuna fyrst," segir Sverrir Viðar. Sú vinna liggur nú fyrir í stefnumótun og fyrir verkefnisstjórninni liggur nú að mynda framtíðargrundvöll fyrir græna orku.

„Það er búið að skapa stefnuna, en við eigum að koma með tillögur og reka á eftir þeim breytingum sem þarf að gera í regluverkinu.

Við erum að skapa samstarfsvettvang opinberra aðila og atvinnugreinanna. Ég sé fyrir mér að ein af nauðsynlegum niðurstöðum úr starfi verkefnisstjórnarinnar verði að gera Grænu orkuna að verkefni til lengri tíma. Það þarf að tryggja þessu fjárhagslegan grunn og skapa aðila sem atvinnulífið getur leitað til," segir Sverrir.

Hann er ánægður með nálgun iðnaðarráðherra, að draga einkageirann að verkefninu. „Það er mjög klókt hvernig hún stendur að þessu. Hún treystir einkageiranum ekki jafnvel og ég, sem hefði viljað ganga lengra fram í þá átt, en lokatakmarkið er það sama; það á að reka þetta án þess að þetta verði miðlægt, ríkislægt lobbí."

### Miklir fjárfestingarmöguleikar

Sverrir segir orkuskiptin munu hafa í för með sér mikla fjárfestingarmöguleika fyrir marga. Ný atvinnugrein hafi myndast í bílabreytingum og miklir möguleikar séu í orkuframleiðslunni.

„Þetta getur haft í för með sér óheyrilega mikla fjárfestingu fyrir þessa aðila. Það er að myndast ný atvinnugrein með bílabreytingum, sem eru samt sem áður mjög frjálslegar í dag. Eitt af þeim viðfangsefnum sem við erum í er að reyna að reglubinda aðeins framkvæmdina og eftirlitið – að það sé verið að gera þetta vel."

Iðnaðarráðherra leggur einnig áherslu á þennan þátt, atvinnusköpunina. Með verkefninu skapist fjölmörg störf í nýsköpun, þegar fjölbreyttir orkugjafar verða nýttir til að knýja samgöngutækin.

Sverrir segir Ísland hafa tækifæri til að vera í forystuhlutverki hvað samgöngur varðar. „Það sem æpir á mann í orkumálum er það að við erum að keyra 70 prósent endurnýjanlega orku í samfélaginu í heild, en við erum með rosalega lágt hlutfall í samgöngum.

Tækifærin eru til staðar varðandi það að á einn eða annan hátt mun rafmagn verða stór hluti af þessum framtíðarorkugjöfum, hvort sem rafmagnið er notað til þess að búa til eitthvað annað eða með beinum hætti. Það verður notað þannig í svo og svo miklum mæli, en líka til að búa til aðra orkugjafa. Þar eigum við ofboðslega mikil tækifæri. Við getum kannski ekki verið í forystuhlutverki í orkuskiptum, það er eitthvað sem ekki er raunhæft, en forystuhlutverk í notkun á endurnýjanlegri orku, það er skynsamleg stefna."

> Við erum að keyra 70 prósent endurnýjanlega orku í samfélaginu í heild, en við erum með rosalega lágt hlutfall í samgöngum.
>
> **SVERRIR VIÐAR HAUKSSON** FORMAÐUR VERKEFNASTJÓRNAR GRÆNU ORKUNNAR

### Hagrænir hvatar

Fjölmargir möguleikar eru uppi þegar kemur að vistvænum orkugjöfum. Metan, rafmagn, lífdísill, vetni og metanolía, svo eitthvað sé nefnt. Sverrir segir tækninýjungar örar í þessum geira og peningum og hugviti sé veitt til hans. „Við verðum að hlaupa hratt til að ná þessu öllu."

Innan stjórnkerfisins er nú unnið að þeim breytingum sem nauðsynlegar eru í regluverkinu til að samræma vinnuna. Katrín segir að það sé víðfeðmt verkefni, því í raun sé fátt óviðkomandi Grænu orkunni.

Meðal þess sem verkefnisstjórnin skoðar er hvernig hægt er að beita hagrænum hvötum til að stuðla að skiptum yfir í umhverfisvænni bíla.

Sverrir tekur dæmi af bensínbíl og dísilbíl. „Dísilbílar skila sama krafti með 20 prósentum minna eldsneyti. Ef gjaldaumhverfið væri þannig að dísilolía væri ódýrari en bensín myndaðist hvati til að kaupa dísilbíla, þeir eru að öllu jöfnu aðeins dýrari, en ef eldsneytið er orðið ódýrara ná menn að reikna sig upp í hver sparnaðurinn verður. Það auðveldar fólki valið og um leið þarf þá að flytja minna inn af eldsneyti."

### Ekki veðjað á einn hest

Katrín segir mikilvægt að stjórnvöld leggi ekki línurnar varðandi orkugjafa. Þeirra sé að styðja atvinnulífið í þeim leiðum sem það velur, hvaða orkugjafi sem verður fyrir valinu.

Sverrir tekur undir það; markaðurinn verði að ráða hvaða leið verður farin. Þess vegna sé mikilvægt að notast við mælikvarðann um innflutning jarðefnaeldsneytis, hvaða orkugjafi komi svo í staðinn fyrir það sé minna mál, sé hann endurnýjanlegur.

*Á morgun verður litið nánar á mismunandi orkugjafa og hvað þarf til að þeir nái útbreiðslu.*

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



## Bílafloti landsmanna og eldsneytið sem knýr hann




Heimild: Umferðarstofa

## Tímabundnir hvatar

„Það sem er erfiðast gagnvart skattaumhverfinu er að tekjumódel íslenska ríkissjóðsins er með þeim hætti að samgöngum er ætlað að skila óheyrilega miklu í ríkiskassann og hefur alltaf verið. Innflutningsgjöld sem eru með því hæsta í heiminum, ofurtollar eru á bílum og við höfum gríðarlega há eldsneytisgjöld. Þá eru bifreiðagjöldin og vaskurinn af öllu sem í tengslum við þetta er ótalin. Samgöngur eru mjög þungt skattlagðar og er stór hluti af skatttekjum ríkissjóðs," segir Sverrir.



SVERRIR VIÐAR HAUKSSON

Hann segir að ef eigi að gefa verulega eftir hvað skatta varðar þurfi að draga úr ríkisútgjöldum, eða afla tekna annars staðar. Þá sé viðbúið að það sem nú er gefið eftir, varðandi umhverfisvænni orkugjafa, sé tímabundið.

„Allt sem er gefið eftir núna, er tímabundið, einhvers staðar munu þeir alltaf sækja aftur tekjurnar, eða þá að þeir fara einhverjar aðrar leiðir sem mér finnst ólíklegt. Það er flækjustig í að nýta skattumhverfið sem hvata nema bara mjög tímabundið.

Metanið er ódýrara en jarðefnaeldsneytið, en hefur ekki sama skatthlutfall, en það mun verða skattlagt. Rafmagn í samgöngur er ekki skattlagt, ef allt væri orðið rafbílavætt hérna væri farið að skattleggja það, nema ríkissjóður taki sig til og finni aðra tekjustofna.

Það er eitt af því sem við erum líka að reyna að horfa til, er hægt að tímasetja það? Það er vont að geta ekki gert plön fram í tímann. Okkar hlutverk er að tímasetja, niðurfelling eða lægri gjöld að lágmarki ákveðinn tíma, eða eitthvað í þeim dúr. Eins er með rafmagnsbílana, það þarf að reikna út hvað það muni kosta að vask-urinn sé felldur niður á rafmagnsbílum og í hve langan tíma? Þá þarf að skoða hvort einhverjir aðrir hvatar séu til sem hægt er að nota."

## Heildarsala eldsneytis á ökutæki í lítrum

| | Bensín (95 og 98 oktan) | Olía |
|---|---|---|
| 2008 | 205.450.331 | 134.391.509 |
| 2009 | 205.207.947 | 135.012.972 |
| 2010* | 197.000.000 | 128.000.000 |

*Áætlað

## Markmið ríkistjórnarinnar varðandi orkuskipti

**1. Markmið.**
Að því skal stefnt að Ísland verði í forystu við notkun á endurnýjanlegri orku í samgöngum. Nú er hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum á Íslandi töluvert lægra en annars staðar eða minna en 1%. Markmiðið innan ESB er 10% fyrir árið 2020.

**2. Mikilvægi.**
Unnið verði markvisst og eins hratt og kostur er að því að draga úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti með því að hvetja til orkusparnaðar og skapa hagrænar forsendur fyrir notkun ökutækja sem nota endurnýjanlega orkugjafa. Stefnt skal að því að hefja framleiðslu og notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum sem leiða til minni losunar gróðurhúsalofttegunda, gjaldeyrissparnaðar og meira orkuöryggis.

**3. Skattaumhverfi.**
Skattaumhverfi verði þróað áfram til að það hvetji bæði neytendur og fyrirtæki til orkuskipta í samgöngum og til framleiðslu á endurnýjanlegum orkugjöfum til samgangna. Jafnframt felist hvati til orkusparnaðar í skattkerfinu.

**4. Orkusparnaður.**
Markvisst verði hvatt til orkusparnaðar í samgöngum, m.a. með miðlun upplýsinga til almennings, umhverfismiðuðu svæðaskipulagi, breyttu skattkerfi, eflingu almenningssamgangna og fleira í samvinnu við þá aðila sem nú þegar vinna að þessum málum, svo sem Orkusetur og sveitarstjórnir.

**5. Samstarf.**
Lykilaðgerðir sem grípa þarf til verði skipulagðar og samstaða sköpuð um þær, m.a. með klasasamstarfi með þátttöku atvinnulífs, sveitarfélaga og ríkis.

**6. Rannsóknir og þróun.**
Stuðla skal að rannsóknum, tækniþróun, nýsköpun og atvinnuþróun tengdri endurnýjanlegum orkugjöfum. Menntun og fræðsla á þessu sviði skal einnig efld.

**7. Ísland sem tilraunavettvangur.**
Ísland er ákjósanlegur vettvangur til að reyna ýmsar nýjungar í notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum í samgöngum. Efla skal þátttöku í erlendu samstarfi í því skyni að laða að þekkingu og fjármagn.

**8.Stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun.**
Efla skal stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun í tengslum við orkuskipti í samgöngum og stefnt skal að sérstakri fjármögnun verkefna á þessu sviði. Fé til verkefna sem tengjast orkuskiptum í samgöngum verði aukið.

**9. Alþjóðasamstarf.**
Ísland uppfylli allar þær skyldur og kröfur sem alþjóðasamþykktir gera til landsins varðandi losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum, orkusparnað og hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum. Jafnframt taki Ísland þátt í alþjóðlegum verkefnum á þessu sviði eftir því sem efni þykja til.

Ætlar þú að breyta um lífsstíl?
16-25 ára

**Heilsulausn 1** - Hentar ungu fólki, 16-25 ára, sem glímir við ofþyngd, offitu og/eða einkenni frá stoðkerfi.

**Átta vikna hópþjálfun 3x í viku.**
**Hefst 29. ágúst. Mán, mið og föst kl. 18.30.**
**Fræðsla um næringu, heilbrigðan lífsstíl ofl.**
Heildarverð 49.800 kr. (24.900 kr. á mán)

**Að námskeiðinu standa íþróttafræðingur, hjúkrunarfræðingur, næringarfræðingur, læknir og sálfræðingar.**
Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á heilsuborg@heilsuborg.is



HEILSUBORG
Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is




## CHANEL KYNNING Í VERSLUNUM HAGKAUPS DAGANA 25. - 31. ÁGÚST

Verið velkomin í Hagkaup Garðabæ, Holtagörðum, Kringlunni, Skeifunni og Smáralind þar sem sérfræðingar Chanel verða á staðnum, veita þér ráðgjöf og kynna nýjungar í Chanel.

### CHANEL KYNNIR HAUSTIÐ 2011

· **5 nýir litir í naglalökkum**

· **Krem augnskuggar í 6 litum,** "long lasting" smart og auðveldir í notkun. Sérstakur bursti fylgir

· **Nýr varalitur sem skapar einstakan stíl,** Rouge Allure Velvet, silkimjúkur með mattri áferð (8 litir)

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

© Inter IKEA Systems B.V. 2011



# Nýjar hugmyndir handa þér

**50.850,-**
**BESTÅ hirslueining**
B240×D50, H75cm. Hvítt

**26.900,-**
**POÄNG ruggustóll**
Áklæði: Dala ólitað. B68×D94, H95cm. Birkispónn



**ANTIFONI vinnulampi**
**5.790,-** H50cm. Svart
*Halógenpera fylgir*



**LUDDE gæra 6.990,-**
Lambskinn. Grátt



**IKEA 365+ BRASA borðlampi 14.990,-**
Ø45, H69cm. Hvítt
*Ljósapera seld sér*



**BIGARRÅ blómapottur m/undirskál 4.990,-**
H22cm. Svart

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30







# Nýi vörulistinn er á leiðinni til þín

Hann hefur að geyma fjölmargar nýjungar og ótal hugmyndir um hvernig þú getur gert sem mest úr pínu plássi - stóru sem smáu.

Vörulistanum er dreift inn á öll heimili landsins sem samþykkja fjölpóst dagana 24. til 26. ágúst og einnig er hægt að skoða hann á heimasíðunni okkar. Í rafrænu útgáfunni færðu nú enn meiri upplýsingar um fjöldann allan af vörum.

IKEA®

**www.IKEA.is**

# neytendur
*hagur heimilanna*

**128%** **VERÐHÆKKUN** Kílóverð á appelsínum hefur meira en tvöfaldast síðan árið 2007.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

*Matarsódi er þarfaþing*




Matarsódi er til margra hluta gagnlegur og nauðsynlegur á öllum umhverfisvænum heimilum. Hann er ódýr, án eiturefna og virkar vel við hin ýmsu verk. Til dæmis er hann góður gegn allri lykt, slekkur olíueld á pönnu, hreinsar silfur, losar óhreinindi í pottum og pönnum, hreinsar erfiða bletti úr fötum og er góður til að hreinsa útigrillið.

■ Umferð

## Skylt að hafa endurskinsvesti í bílum



Í 17 löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES, er ökumönnum skylt að hafa endurskinsvesti eða -jakka í bifreið sinni, að því er segir í frétt á vef Neytendasamtakanna.

Alls tóku 29 ríki þátt í könnun Evrópsku neytendaaðstoðarinnar um umferðarreglur. Könnunin var gerð innan aðildarríkja Evrópusambandsins, ESB, auk Noregs og Íslands. Í þremur löndum er mælt með því að endurskinsvesti séu í bifreiðunum en í níu löndum var það hvorki skylt né mælt með því. Í nokkrum löndum er hjólreiðamönnum einnig skylt að klæðast endurskinsvestum, í það minnsta eftir að skyggja tekur.

Ökumenn sjást betur á vegum úti ef þeir klæðast endurskinsvesti eða -jakka neyðist þeir til að yfirgefa bifreiðar sínar vegna bilunar eða bensínleysis.



■ Verslun á netinu

## Neytendur taki meðmælum á netsíðu með varúð

Auglýsingastofur og neytendur mæla með vörum á heimasíðum fyrirtækja gegn greiðslu. Neytendur þurfa þess vegna að vera á verði, að því er segir á fréttavefnum www.24.dk.

Jakob Linaa Jensen, aðjúnkt við Árósarháskóla, kveðst sjálfur hafa séð hóteleiganda skrifa meðmæli með eigin starfsemi á vefinn Hostelword.com.

Anders Tjørnelund, einn stofnenda Trustpilot.dk, síðu þar sem neytendur skiptast á skoðunum um netverslanir, kveðst kannast við vandamálið. Hann segir fyrirtæki sitt hafa yfir ýmsum tæknilausnum að ráða sem eiga að koma í veg fyrir fölsuð meðmæli. Daglega séu slík meðmæli fjarlægð af síðunni. Hins vegar geti verið erfitt að greina á milli alvörumeðmæla og þeirra sem eru fölsuð. Einkennandi fyrir þau fölsuðu sé meðal annars yfirdrifið hrós auk þess sem nafn viðkomandi netsíðu sé oft nefnt mörgum sinnum.


# Góðir fyrir bakið!

Veltikollar og hnakkstólar




Topstar
Die Drehstuhlmarke
Made in Germany

Hirzlan

www.hirzlan.is

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040




**Á BRETTINU** Actic-stöðvarnar eru meðal þeirra sem bjóða aðgang að sundlaugum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fjölbreytt tilboð hjá líkamsræktarstöðvum

**Það er engin ástæða til þess að borða megrunarduft til að ná af sér aukakílóum sem mögulega hafa bæst við eftir grillmat sumarsins, feitar sósur, vín og ís. Líkamsrækt eins og sund og daglegar gönguferðir koma öllum í gott form, hvort sem þeir þurfa að léttast eða ekki, auk þess sem hreyfing er góð gegn haustdepurð. Nú þegar hausta tekur eru auk þess alls konar tilboð í líkamsræktarstöðvunum sem vert er að skoða.**

Hjá Actic-líkamsræktarstöðvunum, sem eru níu talsins víðs vegar um landið, er til dæmis tilboð á árskorti í Kópavogsstöðvunum en þar kostar það 29.990 kr. til 20. september. Eftir það kostar árskortið í Kópavogi 35.990 kr. Kortin hjá Actic gilda í líkamsrækt og sund í því sveitarfélagi sem þau eru keypt. Á heimasíðu Actic, www.nautilus.is, er að finna upplýsingar um fleiri tilboð.

**Verð hjá líkamsræktarstöðvum**

| | Actic | Baðhúsið | Hress | Hreyfing | Sporthúsið | World Class |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stakur tími | - | 2.000 | 1.400 | 1.500 | 1.500 | 1.900 |
| 1 mán. | - | 11.900 | 11.990 | 10.900 | 11.900 | 12.990 |
| 3 mán. | - | 25.900 | 23.990 | 24.900 | 24.900 | 29.460 |
| 6 mán. | 25.990 | 41.900 | 41.990 | 41.500 | 36.900 | 47.640 |
| 12 mán. | 29.990 til 20. sept. Annars 35.990 | 62.900 | 54.000 til 1. sept. Annars 61.990 | 64.692 | 61.000 + ÍTR-sundlaugar 68.280 + ÍTK-sundlaugar | 69.760 |

Baðhúsið í Reykjavík er heilsulind fyrir konur. Árskortið þar kostar 62.900 kr. Heimasíða Baðhússins er www.badhusid.is.

Líkamsræktarstöðin Hress í Hafnarfirði býður árskortið á 54 þúsund kr. til 1. september. Eftir það kostar almennt árskort 61.990 kr. Heimasíðan er www.hress.is. Á henni sést meðal annars að árskort fyrir námsmenn kostar 43.990 kr. Fleiri tilboð eru jafnframt í boði.

Árskort hjá líkamsræktarstöðinni Hreyfingu í Glæsibæ í Reykjavík kostar 64.692 kr. Þar er hægt að fá svokallaðar Blue Lagoon Spa-meðferðir, sams konar meðferðir og veittar eru í Bláa lóninu í Grindavík. Upplýsingar um tilboð, meðal annars sérstaka fjölskylduaðild og skólaaðild, er að finna á heimasíðunni www.hreyfing.is.

Í líkamsræktarstöðinni Sporthúsinu í Kópavogi kostar árskort með aðgangi að sundlaugum ÍTR 61.000 kr. en 68.280 kr. með aðgangi að sundlaugum ÍTK. Íþróttaskóli Latabæjar er í Sporthúsinu og eru námskeiðin fyrir krakka á aldrinum 3 til 6 ára. Sjá nánar á heimasíðunni www.sporthusid.is.

World Class er með líkamsræktarstöðvar á níu stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Árskortið hjá World Class kostar 69.760 kr. Öllum kortum fylgir aðgangur að öllum stöðvunum ásamt aðgangi að Laugardalslaug, sundlauginni á Seltjarnarnesi og Lágafellslaug. Sjá nánar um tilboð á www.worldclass.is.

Vert er að hafa í huga að ýmis fyrirtæki og stéttarfélög bjóða styrki í líkamsrækt.

ibs@frettabladid.is

Ný verðkönnun ASÍ sýnir verðlækkun á skólabókum á milli ára:

# Hafa lækkað um 33% síðan í fyrra

Skólabækur fyrir framhaldsskóla hafa lækkað í verði um allt að 33 prósent milli ára, samkvæmt nýrri verðlagskönnun ASÍ. Verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð á bókum í verslunum á höfuðborgarsvæðinu miðvikudaginn 17. ágúst síðastliðinn.

Verð var kannað á 23 algengum kennslubókum sem framhaldsskólanemar þurfa að kaupa. Verð bókanna hækkaði mest hjá Pennanum Eymundsson milli ára en lækkaði á sama tíma hjá Griffli, Office 1 og Iðnú. Verðmunur milli verslana hefur aukist milli ára.

Til að mynda hefur stærðfræðibókin „Stærðfræði 3000“ hækkað um 6 prósent í verði hjá Pennanum Eymundsson, stóð í stað hjá Bóksölu stúdenta, en lækkaði um 14 prósent hjá Office 1.

Mesta hækkun á milli ára var hjá Pennanum Eymundsson sem hefur hækkað verðið á 18 titlum af þeim 23 sem skoðaðir voru, en hækkunin var undir tíu prósentum í flestum tilvikum.

Mesta lækkun á milli ára var hjá Office 1, en þar hafði verðið lækkað á 16 bókatitlunum af 17 sem fáanlegir voru. Lækkunin var oftast á bilinu tíu til tuttugu prósent.

Mesta hækkunin á milli ára var á enskubókinni „Lord of the Flies“ sem hækkaði um 53 prósent hjá Bóksölu stúdenta. Mesta lækkunin á milli ára var á sömu bók hjá Griffli um 33 prósent.

Verð var kannað í Bóksölu stúdenta Hringbraut, Pennanum Eymundsson Kringlunni, Office 1 Skeifunni, Griffli Skeifunni og Bókabúðinni Iðnú Brautarholti.

- sv



**SKÓLABÆKUR** Könnun ASÍ sýnir mikinn verðmun á skólabókum á milli verslana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ILVA
einfaldlega betri kostur
30-70%
AFSLÁTTUR
YFIR 1000 VÖRUNÚMER Á LÆKKUÐU VERÐI
RÝMINGAR-
SALA
RÝMUM FYRIR
HAUSTLÍNUNNI
25. ÁGÚST - 4. SEPTEMBER
VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða
ILVA
sendum um allt land
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30
© ILVA Ísland 2010

**5,2 PRÓSENT** er verðbólgan í þessum mánuði, samkvæmt verðbólguspá ráðgjafafyrirtækisins IFS Greiningar. Verðbólgan mældist 5,0 prósent í júlí. Hagstofan birtir nýjar tölur í dag.

Framtakssjóðurinn setur Húsasmiðjuna í söluferli:

# Verður ekki skráð á hlutabréfamarkað

Framtakssjóður Íslands hefur sett Húsasmiðjuna í söluferli. Stefnt hefur verið að því frá upphafi að selja fyrirtækið ýmist að öllu leyti eða hluta þótt ýmsir hafi látið að því liggja að hyggilegt væri að skrá það á hlutabréfamarkað.

Forsvarsmenn Framtakssjóðsins stefna að því að Húsasmiðjunni eða stórum hluta fyrirtækisins verði komið í hendur nýrra eigenda fyrir áramót.



**FALT FYRIRTÆKI** Húsasmiðjan gæti verið komin í hendur nýrra eigenda fyrir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Húsasmiðjan var um skeið í eigu Hannesar Smárasonar, fyrrverandi forstjóra FL Group, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og félaga þeim tengdum. Erlend lántaka sligaði félagið í gengishruninu og tók Landsbankinn fyrirtækið yfir haustið 2009. Húsasmiðjan tapaði 144 milljónum króna í fyrra sem var talsvert betri afkoma en árið áður. Heildareignir í lok síðasta árs námu 5,4 milljörðum króna og var eigið fé ríflega 1,4 milljarðar króna. Húsasmiðjan er hluti af Vestia, sem Framtakssjóðurinn keypti af Landsbankanum fyrir um ári. Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðsins, vildi ekki gefa upp hugsanlegt verð. - jab

Skilanefnd sækir aftur gegn feðgunum í Bolungarvík:

# Tengjast rannsókn sérstaks saksóknara

Skilanefnd gamla Landsbankans ætlar á ný að reyna að sækja 10 milljónir svissneskra franka, jafnvirði 1,4 milljarða íslenskra króna, til eignarhaldsfélaga feðganna Flosa Valgeirs Jakobssonar og Jakobs Valgeirs Flosasonar í Bolungarvík. Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur 31. ágúst næstkomandi.

Skilanefndin lét reyna á málið fyrir dómnum í hittifyrra. Því var vísað frá í október í fyrra þar sem það þótti ekki dómtækt.

Í báðum tilvikum er um að ræða einkamál sem skilanefndin höfðar gegn félögum feðganna. Útgerð þeirra í Bolungarvík, Jakob Valgeir ehf., tók lánið, sem hækkaði mikið í gengishruninu. Tvö félög feðganna voru í ábyrgðum fyrir láninu.

Útgerðarmaðurinn Jakob Valgeir var talsvert í fréttum í kringum bankahrunið vegna tengsla hans við eignarhaldsfélagið Stím. Félagið tengdist Glitni og hefur um skeið verið til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. - jab

# Þjóðverjar kannski færðir skör neðar

**Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's hefur lækkað lánshæfiseinkunnir Japans um eitt stig. Þung skuldabyrði nokkurra evruríkja gæti valdið því að þau horfi upp á sömu örlög á næstu mánuðum.**

Ekki er útilokað að hrina lækkana á lánshæfiseinkunnum muni ganga yfir Evrópu á næstu mánuðum. Þjóðverjar gætu horft upp á breytt lánshæfi fljótlega en Frakkar og Ítalir áður en árið er á enda.

Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's lækkaði lánshæfi Japans um eitt stig í gær, úr Aa2 í Aa3. Lánshæfiseinkunnir nokkurra stórra banka í Japan lækkuðu á sama tíma.

Niðurstaðan kemur ekkert sérstaklega á óvart, greiningarfyrirtækið greindi frá því í maí að það væri með lánshæfi japanska ríkisins í endurskoðun vegna kostnaðarsamrar endurreisnar í kjölfar hamfaranna þar í landi í mars síðastliðnum.

Í rökstuðningi matsfyrirtækisins fyrir ákvörðuninni nú er kastljósinu jafnframt beint að fjárlagahalla japanska ríkisins, mikilli skuldsetningu hins opinbera í samanburði við önnur lönd og vísað til þess að stjórnvöld virðist ekki hafa í hyggju að grynnka á skuldum sínum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn virðist sama sinnis í nýlegri skýrslu. Þar var bent á að skuldir hins opinbera nema nú 233 prósentum af vergri landsframleiðslu og eigi ríkisjóður erfitt með að komast á beinu brautina á næstu árum.


**KANSLARINN BROSIR EKKI SÍNU BREIÐASTA** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og fleiri ráðamenn þar í landi hafa lengi verið ósátt við kostnaðinn sem leggst á herðar Þjóðverja við að bjarga skuldsettum evruríkjum úr vandræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**233%** eru hlutfall skulda japanska ríkisins af vergri landsframleiðslu

Bloomberg-fréttaveitan hefur eftir fjármálasérfræðingum að ólíklegt sé að lánshæfi Japans verði lækkað frekar.

Öðru máli gegnir hins vegar um stærstu löndin sem aðild eigi að myntbandalagi Evrópu. Þjóðverjum hefur lengi gramist hversu mikla byrði þeir þurfa að taka á sig til að leysa úr vanda þeirra evruríkja sem hafa lent í vanda sökum skuldasöfnunar. Andstaða þeirra við úrlausn á vanda annarra og sá langi tími sem endurreisnin hefur tekið kann nú að hafa komið í bakið á þeim í formi lægri lánshæfiseinkunnar á næstu mánuðum.

Bandaríski seðlabankinn hefur þegar gripið í taumana til að ýta hagkerfinu áfram og lýst því yfir að stýrivextir verði ekki hækkaðir eins og á evrusvæðinu fyrr en á þarnæsta ári. jonab@frettabladid.is

Þúsundir ágreiningsmála gegn þrotabúi Glitnis fyrir dómstólum:

# Forstjóri N1 vill 400 milljónir

„Málin fara ekki öll fyrir dómstóla. Í einhverjum tilvikum fáum við fordæmi frá öðrum málum sem gilda á línuna," segir Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis.

Fyrirtaka er á næstum dögum í fjölda ágreiningsmála um kröfur bæði einstaklinga og fyrirtækja við slitameðferð Glitnis sem send voru dómstólum fyrir réttarhlé í júlí. Rúmlega átta þúsund kröfum var lýst í þrotabú Glitnis á sínum tíma. Steinunn segir ágreining um helming þeirra.

Hún bætir við að með dómstólaleiðinni sé fólk að láta reyna á rétt sinn. Forgangskröfur greiðist að fullu en almennar kröfur að hluta við slitameðferð.


HERMANN GUÐMUNDSSON


STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR

Hermann Guðmundsson, forstjóri olíuverslunarinnar N1, er einn þeirra sem lýsti kröfu í bú Glitnis og bíður þess nú að ágreiningsmál hans verði tekið fyrir hjá Héraðsdómi Reykjavíkur í næstu viku. Hann átti innstæðu upp á rúmar 388 milljónir króna í Glitni þegar bankinn fór á hliðina.

Hermann vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær. Steinunn sagðist ekki geta tjáð sig um einstök mál.

Meðaltími einstaks máls hjá héraðsdómi er sex til átta mánuðir og gæti því niðurstaða í máli sem tekið er fyrir um næstu mánaðamót legið fyrir í febrúar eða mars á næsta ári. - jab

Norræni fjárfestingarbankinn leggur milljarða króna til norsks matvælaiðnaðar:

# Reisa stærsta sláturhús landsins

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) hefur lánað matvælafyrirtækinu Nortura í Noregi 315 milljónir norskra króna, jafnvirði 6,6 milljarða íslenskra króna. Fyrirtækið vinnur að því að reisa stærsta sláturhús landsins í Malvik í Suður-Þrændalögum.

Nortura er á meðal umsvifamestu matvælafyrirtækja Noregs í kjötiðnaði og matvælavinnslu. Hjá fyrirtækinu vinna 5.800 manns í 34 verksmiðjum. Ætlunin er að í sláturhúsið færist starfsemi úr fjórum eldri sláturhúsum fyrirtækisins auk vinnslu á lamba- og nautakjöti.

Í tilkynningu frá NIB er haft eftir forstjóranum Johnny Åkerholm að á sama tíma og framleiðsla fyrirtækisins eykst með tilkomu nýs sláturhúss dragi fyrirtækið úr útblæstri koldíoxíðs út í andrúmsloftið með innleiðingu nýrrar tækni og lokunar eldri sláturhúsa. - jab


**JOHNNY ÅKERHOLM** Forstjóri Norræna fjárfestingarbankans segir risasláturhús í Noregi umhverfisvænt.




Betri notaðir bílar
TOYOTA
Gerðu örugg bílakaup
Vorum að fá nokkur frábær eintök af lítið eknum
og betri notuðum Toyota bílum. Þessa bíla færð þú bara hjá okkur.
ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI
Toyota Auris Sol
1600 bensín 5 gíra MM
Á götuna: 11.08 Ekinn: 15.000 km
Verð: 2.990.000 kr. Raðnr. 997271*
GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI
Toyota Corolla h/b sol
1600 bensín sjálfsk.
Á götuna: 01.07 Ekinn: 59.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Raðnr. 997476*
GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI
Toyota Avensis Wagon
1800 bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.06 Ekinn: 83.000 km
Verð: 2.350.000 kr. Raðnr. 997467*
ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI
Toyota Auris Luxury
1600 bensín 5 gíra MM
Á götuna: 08.09 Ekinn: 17.000 km
Verð: 3.690.000 kr. Raðnr. 996736*
ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI
2010
Toyota Verso Terra
1600 bensín 6 gíra
Á götuna: 07.10 Ekinn: 5.000 km
Verð: 3.500.000 kr. Raðnr. 997472*
GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI
Toyota Corolla Sedan Sol
1600 bensín 5 gíra
Á götuna: 06.07 Ekinn: 85.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Raðnr. 997028*
ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI
2010
Toyota RAV4 GX
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 07.10 Ekinn: 8.000 km
Verð: 5.350.000 kr. Raðnr. 997484*
ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI
2010
Toyota Yaris Sol 5 dyra
1330 bensín 6 gíra MM
Á götuna: 07.10 Ekinn: 6.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Raðnr. 997471*
ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI
Toyota Auris Sol
1600 bensín 5 gíra MM
Á götuna: 08.09 Ekinn: 22.000 km
Verð: 3.490.000 kr. Raðnr.996562*
GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI
Toyota RAV4 GX
2000 bensín 5 gíra
Á götuna: 05.08 Ekinn: 45.000 km
Verð: 3.500.000 kr. Raðnr. 996562*
ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI
2010
Toyota Verso Terra
1600 bensín 6 gíra
Á götuna: 07.10 Ekinn: 7.000 km
Verð: 3.500.000 kr. Raðnr. 997462*
ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI
2010
Toyota Auris Luxury
1600 bensín 5 gíra MM
Á götuna: 01.10 Ekinn: 700 km
Verð: 3.790.000 kr. Raðnr. 997261*
GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI
Toyota RAV4 GX
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 61.000 km
Verð: 3.630.000 kr. Raðnr. 997485*
ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI
2011
Toyota Yaris Terra
1000 bensín 5 gíra
Á götuna: 07.11 Ekinn: 8.000 km
Verð: 2.450.000 kr. Raðnr. 997483*
ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI
2010
Toyota Auris Terra
1330 bensín 6 gíra
Á götuna: 07.10 Ekinn: 9.000 km
Verð: 2.800.000 kr. Raðnr. 997468*
ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI
2011
Toyota Yaris Terra
1000 bensín 5 gíra
Á götuna: 06.11 Ekinn: 10.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Raðnr. 997490*
Hvað er Úrvalsbíll?
Er í verksmiðjuábyrgð.
12 mánaða viðbótarábyrgð.
Hvað er Gæðabíll?
Er ekki í verksmiðjuábyrgð.
3 mánaða viðbótarábyrgð.
*Farðu á www.toyotakopavogi.is
og fáðu nánari upplýsingar um bílana
með því að skrá raðnúmer í leit.
BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhalds-
sögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða
Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.
Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070
Toyota Kletthálsi
Kletthálsi 2
Sími: 570 5220
Afgreiðslutími: mán - fös: 09.00 - 18.00 - lau: 12.00 - 16.00
toyotakopavogi.is bnb@toyota.is kletthals@toyota.is
Today
Tomorrow
Toyota

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samband opinberra aðila og einkaskóla:

# Að taka ábyrgð á eigin rekstri

Opinbert menntakerfi frá leikskóla til háskóla er einn af hornsteinum íslensks samfélags. Þessir skólar veita góða og víðtæka menntun og þorri nemenda sækir nám sitt í þá. Auk opinberu skólanna eru reknir margvíslegir einkaskólar á öllum skólastigum, sumir veita sértæka menntun svo sem í tónlist en aðrir eru almennir skólar, leik- og grunnskólar, framhalds- og háskólar. Starfsemi einkaskóla er misumfangsmikil milli skólastiga. Í sumum þeirra er kennt í samræmi við skólastefnur ýmsar sem að öllum líkindum myndu ekki þrífast sérstaklega vel innan opinbera kerfisins.


SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is


Skoðanir fólks á því hvort á að reka einkaskóla yfirleitt samhliða opinbera kerfinu eða ekki eru mismunandi, einkum vegna þess að skólagjöld einkaskólanna gera að verkum að þeir eru ekki valkostur fyrir alla. Hvaða skoðun sem fólk kann að hafa á því er ljóst að einkaskólar auka fjölbreytni í skólastarfi. Ólíklegt verður til dæmis að teljast að hægt væri að stunda nám í Waldorfskóla á Íslandi ef möguleikinn á einkaskólum væri ekki fyrir hendi.

Hér á landi hefur fyrirkomulagið í rekstri einkaskóla að mestu verið með þeim hætti að framlag frá sveitarfélagi eða ríki, eftir því hvort við á, ber þungann af rekstri skólanna, yfirleitt með framlagi á hvern nemanda. Auk þess greiða nemendur skólagjöld sem eru allt frá því að vera tiltölulega lág, eins og tíðkast í einkareknum grunn- og leikskólum, upp í há skólagjöld eins og nemendur Kvikmyndaskóla Íslands hafa innt af hendi.

Það felst í því mikil ábyrgð að stofna og reka skóla óháð því hvort skattfé er meginstoð í rekstri eða léttvægari. Að bjóða upp á nám er skuldbinding þannig að hver og einn sem innritast í skóla ætti að eiga þess kost að ljúka námi sínu þar, nema viðkomandi hafi verið gert viðvart um annað. Engu að síður hlýtur einkaskóli að lúta sömu lögmálum og önnur einkafyrirtæki. Opinberir aðilar hafa jú ekki tekið ákvörðun um stofnun þeirra eða áherslur í starfi, jafnvel þótt starfsemi þeirra hafi hlotið viðurkenningu þeirra og þeir kaupi þjónustu af skólanum með því að greiða tiltekinn hlut í kostnaði vegna hvers nemanda. Opinberir aðilar hafa heldur ekki eftirlit með rekstri þessara skóla með sama hætti og haft er með opinberum stofnunum og þar með skólum.

Einkaskólar vinna vissulega í samræmi við námskrár sem gefnar eru út af ríkinu. Að öðru leyti er rekstur skólanna á ábyrgð þeirra sem eiga þá og reka. Þeir verða þannig að gera fjárhagsáætlanir sem standast miðað við gefnar forsendur og reksturinn verður að bera sig miðað við sömu forsendur. Að sama skapi eru það stjórnendur skólanna sem standa til ábyrgðar gagnvart nemendum og foreldrum þeirra, eigi það við, en ekki stjórnvöld.

Á síðustu dögum hefur Reykjavíkurborg ákveðið að leysa Ísaksskóla úr snöru með því að kaupa húsnæði skólans. Til þess bar borginni ekki skylda fremur en ríkinu ber skylda til að losa Kvikmyndaskólann úr sinni snöru.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Leigupennar og aðrir

Það er sorglega algengt í opinberri umræðu þessi misserin að kalla fólk leigupenna vegna skoðana sinna. Er hugtakið notað þegar sverta á einstaklinga og gefa í skyn að skoðanir þeirra séu ekki raunverulegar heldur einungis til staðar vegna hagsmuna eða fégreiðslna til einstaklingsins sem fæstir lesendur vita af. Margir hafa notað hugtakið óvarlega og nú síðast Ásmundur Einar Daðason þingmaður í vandlætingarpistli í Morgunblaðinu um málflutning Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ, og Þórólfs Matthíassonar prófessors í tengslum við landbúnaðarkerfið.

### Hagsmunagæsla?

Látum vera þá einkennilegu skoðun að gagnrýni á hið fokdýra og tollavarða íslenska landbúnaðarkerfi sé alltaf sett fram til þess eins að auka fylgi við ESB-aðild. Hin spurningin er áleitnari: er það ekki asnalegt að kalla þessa menn leigupenna þegar Ásmundur ekki aðeins starfar sem bóndi þegar hann er frá þingi heldur rekur einnig fyrirtæki sem selur vörur fyrir landbúnað. Hverjir eru líklegri til að láta hagsmuni ráða málflutningi sínum í þessum málum?



### Kvótaumræðunni ekki lokið

Umsagnir um stóra kvótafrumvarp ríkisstjórnarinnar hafa flestar verið á einn veg: Líklega dragi það úr hagkvæmni. Nú hafa bæst við álit frá Deloitte og Landsbankanum sem höggva í sama knérunn. Er ekki kominn tími til að sættast á málamiðlun um lítið breytt kerfi með hærra auðlindagjaldi tengdu framlegð auk þess sem skýrt yrði að kvóti væri nýtingarréttur en ekki eignarréttur? Stóra umkvörtunarefnið er að þjóðin njóti ekki auðlindaarðsins en því má breyta án þess að kollvarpa kerfinu.



magnusl@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ruglingsleg umræða


Evrópumál



Kristján Jóhannsson

útgefandi


Það verður erfitt að koma Evrópuumræðunni á Íslandi á vitrænt plan. Krónan er hrunin með skelfilegum afleiðingum fyrir landsmenn. Það er búið að sýna sig á áratuga notkun á krónunni. Hún hefur fallið um mörg þúsund prósent gagnvart þeirri dönsku á þeim árum sem hún hefur verið í notkun. Fyrir 80 árum var ein dönsk króna jafnvirði einnar íslenskrar krónu en nú er ein dönsk króna jafnvirði 2.500 íslenskra króna (þ.e. þeirrar gömlu).

Krónan á líklega eftir að hrynja enn þá meira í framtíðinni og þá þurfum við að fara að fækka núllunum aftur eins og við gerðum árið 1980. Við erum með verðtryggingu og hún virkar vel fyrir fjármagnseigendur en er skelfileg fyrir lántakendur í landi þar sem ráðamönnum gengur illa að hafa stjórn á efnahagsmálum. Í óðaverðbólgu og hruni er stórhættulegt, ef ekki glæpsamlegt, að hafa verðtryggingu sem þekkist varla í evruríkjunum. Líklega myndi Mannréttindadómstóll Evrópu banna svona gjörning.

> Við erum í átthagafjötrum og ferðakostnaður til útlanda hefur tvöfaldast …

Við erum með of hátt matarverð og alltof háa vexti og launin eru lægri en í flestum þeim Evrópulöndum sem við berum okkur saman við. Við erum í átthagafjötrum og ferðakostnaður til útlanda hefur tvöfaldast frá því fyrir hrun. Það er ekki nema lítill hluti þjóðarinnar sem hefur efni á að ferðast til útlanda. Og við næsta hrun krónunnar hafa enn færri Íslendingar efni á að ferðast. Benda má á að íbúð í Kaupmannahöfn sem var metin á 40 milljónir íslenskar fyrir hrun kostar eftir hrun 80 milljónir íslenskra króna. Er það þetta sem við viljum?

Þeir menn sem vilja slíta viðræðunum við ESB og ekki leyfa þjóðinni að kjósa um aðild ættu þá að vera sjálfum sér samkvæmir og leggja það til að við segðum okkur líka úr NATO. Þá getum við lokað landinu endanlega og sagt með rembingi „Ísland er aðeins fyrir Íslendinga“. Við viljum ekkert með útlendinga og útlönd hafa.

Hvorki evran, dollarinn né kínverski juaninn eru á förum. Leyfið okkur að kjósa um ESB!


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Tyrklandi fleygir fram

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Tyrkir eru nú 79 milljónir að tölu. Tyrkland er þriðja fjölmennasta ríki Evrópu á eftir Rússlandi með sínar 139 milljónir manns og Þýzkalandi með 81 milljón. Lífskjör Tyrkja voru nálægt meðallagi arabalanda 1960-1995, en eftir það hófu Tyrkir sig til flugs og státa nú af tvisvar sinnum meiri kaupmætti þjóðartekna en arabalöndin að jafnaði þrátt fyrir skæða fjármálakreppu 2001. Tekjur á mann í Tyrklandi námu röskum fjórðungi af meðaltali OECD-landa 1995 og nema nú tæpum helmingi. Ekki bara það: Tyrkir lifðu að jafnaði 19 árum skemur en Grikkir 1960, en nú er munurinn kominn niður í sjö ár. Grískur hvítvoðungur getur vænzt þess að verða áttræður (strákar 77, stelpur 83), tyrkneskur 73 ára (strákar 71, stelpur 75). Ég rek þessar tölur til að minna á, að félagsvísar til dæmis um langlífi eru órækur vottur um framfarir ekki síður en hagvísar á borð við tekjur á mann.

Tyrkland deilir landamærum og langri sögu bæði með Evrópu og Austurlöndum nær. Istanbúl, stærsta borg landsins með 15 milljónir íbúa, sumir segja 20, liggur hálf í Evrópu, hinn helmingurinn í Litlu-Asíu handan við Bospórus-sundið.

Tyrkland sótti 1987 um aðild að Evrópusambandinu (ESB). Samningar hafa dregizt á langinn vegna þrálátra efasemda um ráðahaginn innan ESB. Þar finnst sumum, að Tyrkir þurfi að gera meira til að treysta lýðræði og lyfta mannréttindum. Öðrum finnst saga Tyrklands og Evrópu ekki vera nógu samofin til að réttlæta aðild. ESB-ríkin þurfa að komast að sameiginlegri niðurstöðu um aðildarumsókn Tyrklands. Þau setja það ekki fyrir sig, að 99,8 prósent Tyrkja eru múslímar, enda hefur stjórnmálum og trúarbrögðum verið haldið formlega aðskildum í Tyrklandi frá stofnun nýs lýðveldis þar 1923. Milljónir Tyrkja hafa lengi búið og starfað í Þýzkalandi og öðrum ESB-ríkjum við góðan orðstír.

**Langt í land**

Sum ESB-ríki vilja gjarnan hleypa Tyrkjum inn í sambandið af utanríkispólitískum ástæðum. Önnur aðildarríki óttast, að aðild Tyrklands að ESB of snemma gæti kallað efnahagsleg og félagsleg vandamál yfir sambandið og aðhyllast heldur náin viðskiptatengsl ESB við Tyrkland án fullrar aðildar. Ef Grikkland með 11 milljónir íbúa gat komið sambandinu í klípu, geta menn nú spurt, hvað gæti Tyrkland þá gert með sínar 79 milljónir? – og það á opnum vinnumarkaði. Tyrkland hefur búið við mestu verðbólgu allra OECD-landa frá 1960; Ísland er í öðru sæti. Tyrkland hefur einnig búið við afskipti hersins af stjórnmálum annað veifið (herinn tók völdin 1960, 1971 og 1980), en nú virðist ríkisstjórn landsins vera í þann veginn að draga síðustu vígtennurnar úr hernum. Enn getur þó orðið alllöng bið á því, að Tyrkland og ESB nái saman um aðild Tyrkja að sambandinu. Mörgum þykir þó brýna nauðsyn bera til að hleypa Tyrkjum að til að draga úr líkum á, að heimili sín og 300 þúsund týndu lífi í næsta nágrenni við ESB. Á Balkanskaga búa nú 55 milljónir manns í friði og spekt í tólf eða þrettán löndum (Moldóva er ýmist talin með eða ekki). Púðurtunnan virðist nú hafa verið bleytt með viðskiptasamningum þessara landa við ESB, samningum, sem löndin vona líkt og ESB, að séu undanfari fullrar

> Fríverzlun er þaulreynd aðferð til að stilla til friðar milli gamalla óvinaþjóða og lyfta lífskjörum almennings.

gamla púðurtunnan á Balkanskaga springi í loft upp eina ferðina enn með hörmulegum afleiðingum annars staðar um álfuna. Franski rithöfundurinn og lögfræðingurinn Montesquieu vissi, hvað hann söng, þegar hann sagði í riti sínu Andi laganna (1748): Viðskipti efla frið. Þetta er lykilhugsunin að baki ESB og áframhaldandi útvíkkun sambandsins.

Tyrkland var heimsveldi á miðöldum, en veldi Tyrkja leystist upp eftir fyrri heimsstyrjöldina 1914-1918, sem kostaði 19 milljónir mannslífa og mikla þjóðflutninga, meðal annars milli Grikklands og Tyrklands. Grikkir og Tyrkir deila enn um Kýpur, en samt gekk Kýpur í ESB 2004. Árin 1991-2001 voru háð fimm blóðug stríð á Balkanskaga milli þjóða, sem tilheyrðu Tyrklandi á stórveldistímanum. Tvær og hálf milljón manna misstu aðildar. Fríverzlun er þaulreynd aðferð til að stilla til friðar milli gamalla óvinaþjóða og lyfta lífskjörum almennings.

**Friður og umbætur**

Eins og ég lýsti á þessum stað 1. apríl í fyrra kæmi til greina að bjóða Tyrkjum aðild að EFTA og EES-samningnum, sem felur í sér eins konar aukaaðild að ESB án áskriftar að sameiginlegri landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnu ESB og evrunni. EES-samningnum var frá byrjun ætlað að vera þjálfunarbúðir og biðstofa fyrir lönd, sem þurftu tíma til að ákveða, hvort þau vildu ganga alla leið inn í ESB. Með tilboði um aðild að EES væri Tyrkjum veitt færi á að tengjast Evrópu nánari böndum til að efla frið og styrkja umbótasinna í Tyrklandi og veikja afturhaldsöflin, sem horfa frekar til arabaheimsins en Evrópu.

ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

## Röðin er komin að Assad

Einræðið í Sýrlandi er ekki síður viðbjóðslegt en það líbýska en það er erfiðara að brjóta það á bak aftur. Þrýstingurinn gegn stjórn Assads verður að halda áfram og ekki má útiloka neinar aðgerðir.

Lokaorrustan var háð við aðalstöðvar Gaddafis í Trípólí á þriðjudaginn en án vafa er valdatíð einræðisherrans loksins lokið. Vonandi kyndir það undir arabíska vorinu á ný sem farið var að kólna.

Hugrakkir mótmælendur í Sýrlandi hafa brátt í hálft ár látið ljós sitt skína gegn blóðugri stjórn Bashar Assads. Örlög Gaddafis hvetur þá; nú þegar hrópar mannfjöldinn „Nú er röðin komin að þér, Bashar“. Því miður geta atburðirnir í Líbýu orðið til þess að Assad herðir aðgerðirnar gegn sinni eigin þjóð. Hann hefur séð á hverju harðstjóri á von.

wwww.dn.se

**Úr leiðara Dagens Nyheter**

## Launalækkun mikilvæg skilaboð

Það má líta á það sem sterk skilaboð að ráðherrar ríkisstjórnarinnar skuli lækka eigin mánaðarlaun um mörg hundruð evrur. Í hagfræðilegu tilliti skiptir launalækkunin auðvitað engu máli. Hins vegar hafa slík siðferðisleg skilaboð mikla þýðingu þegar efnahagurinn versnar víða um heim og kreppan nálgast hraðar. Það væri auðvitað gott ef leiðtogar viðskiptalífsins gerðu hið sama en það er tæpast eitthvað sem búast má við.

www.hbl.fi

**Úr leiðara Hufvudstadsbladet**



# Nemendafélög í grunnskólum

Menntamál
Helga Margrét Guðmundsdóttir
tómstunda- og félagsmálafræðingur



Með nýrri menntastefnu og menntalögum sem samþykkt voru á Alþingi árið 2008 hafa orðið breytingar í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Aukin áhersla er á velferð nemenda og að nemendur læri um lýðræði í lýðræðislegu skólasamfélagi. Hlutverk fræðsluyfirvalda og samtaka foreldra er að útfæra nýju lögin og upplýsa almenning um þær breytingar sem orðið hafa með nýjum lögum og aðalnámsskrá. Auka þarf fræðslu til starfsfólks í skólum og ekki hvað síst upplýsa foreldra og nemendur um nýjar áherslur í skólastarfinu.

Skólaráð eru nú starfandi í grunnskólum sem allir hagsmunaaðilar innan skólans eiga aðild að. Ráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahaldið. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs sem skipað er níu aðilum sem kosnir eru til tveggja ára í senn. Þar eiga foreldrar og nemendur tvo fulltrúa hvor ásamt kennurum, öðru starfsfólki skóla og einum aðila úr grenndarsamfélaginu.

Bæði nemenda- og foreldrafélög skulu samkvæmt grunnskólalögum setja sér starfsreglur um kosningu fulltrúa í skólaráð og hafa flest foreldrafélög samþykkt slíkar reglur. Í grunnskólalögum er kveðið á um réttindi nemenda til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun og fyrirkomulag skólastarfs, s.s. með setu í skólaráðum. Nokkuð ber á því að nemendafélög fái ekki þann undirbúning sem þau þurfa til að nemendur geti með góðu móti orðið virkir þátttakendur í skólaráðum. Í skýrslu um mannréttindafræðslu hefur starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sett fram tillögur sem ætlað er að vera hugmyndagefandi fyrir skóla fyrir þann mikilvæga þátt í menntun barna að stuðla að virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Þar kemur fram að átt hefur sér stað vitundarvakning á undanförnum árum um mikilvægi þess að nemendur fái tækifæri til að styrkja sjálfa sig og undirbúa sig betur undir áskoranir daglegs lífs í síbreytilegum heimi. Markmiðið með tillögunum er að auðvelda skólum að styrkja þennan þátt í menntun barna og ungmenna. Hægt er að nálgast skýrsluna á vef ráðuneytisins: http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Forsidugreinar/nr/4786. Þar er einnig bent á leiðir til að innleiða markmiðin í kennslu. Má nærri geta að tillögur þessar eru fagnaðarefni fyrir kennara og foreldra sem vinna saman að útfærslu 2. greinar nýrra grunnskólalaga.

> Í grunnskólalögum er kveðið á um réttindi nemenda til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri…

Menntakerfið gegnir mikilvægu hlutverki í að vekja nemendur til umhugsunar, uppfræða þá og hvetja þá til lýðræðislegrar þátttöku. Til að okkur takist það þarf skólastarfið að fela í sér jákvæða afstöðu til lýðræðis og standa vörð um lýðræðisleg gildi og mannréttindi. Virk mannréttindavernd byggir á því að fólk þekki rétt sinn og virði réttindi annarra. Útfærsla nýrra menntalaga er m.a. á hendi fræðslunefnda á hverjum stað en foreldrar og almenningur eru helsta eftirlitið og aðhald á að lögum sé framfylgt. Skólar geta ekki haft eftirlit með sjálfum sér og mikilvægt að borgararnir láti sig varða hvernig á er haldið og hvernig verklag og útfærsla á skólastefnu sveitarfélaga fer fram. Þar gegna foreldrafélög lykilhlutverki. Allt miðar þetta að aukinni velferð okkar, betri líðan nemenda og auknum gæðum menntunar.


## INNKÖLLUN VEGNA RAFRÆNNAR SKRÁNINGAR HLUTABRÉFA Í SKELJUNGI HF.

**Mánudaginn 12. september 2011** verða hlutabréf í Skeljungi hf. tekin til rafrænnar skráningar hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í samræmi við ákvörðun stjórnar Skeljungs hf. þar að lútandi. Þar af leiðandi verður ekki tekið við tilkynningum um eigendaskipti á bréfum félagsins 9.-11. september 2011. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf í Skeljungi hf. tekin til rafrænnar skráningar en þau eru öll í einum flokki og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi. Við rafræna útgáfu hlutabréfanna er nafnverð hvers hlutar ákveðið ein króna.

**Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa sem telja nokkurn vafa leika á að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Skeljungs hf. að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til hlutaskrár Skeljungs hf. að Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík, eða í síma / tölvupóstfangi 444-3000 / iak@skeljungur.is. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu fyrir nefndan dag.**

**Enn fremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri fyrir skráningardag við fullgilda reikningsstofnun, þ.e. banka, verðbréfafyrirtæki eða sparisjóð sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf.**

Athygli hluthafa er vakin á að hin áþreifanlegu hlutabréf félagsins verða ógild sjálfkrafa og því er ekki þörf á að skila þeim til félagsins. Jafnframt er vakin athygli á að ferli rafrænnar skráningar hefur engin áhrif á möguleika hluthafa til að eiga viðskipti með hluti sína í félaginu að undanskildum framangreindum takmörkunum á tilkynningum um eigendaskipti 9.-11. september 2011.

Að lokinni rafrænni skráningu þurfa hluthafar að fela reikningsstofnun umsjón með eignarhlut sínum í félaginu til að geta framselt hluti sína, svo sem vegna sölu eða skipta. Reikningsstofnun stofnar í þessu skyni VS-reikning í nafni viðkomandi hluthafa.

Hluthöfum félagsins er kynnt framangreint bréfleiðis.

*Stjórn Skeljungs hf.*

Skeljungur


# „Ég er meiri femínisti en þú!“

Kvenréttindabarátta
Björk Eiðsdóttir
blaðamaður



Undanfarið hafa fjölmiðlakonurnar Ellý Ármanns og Tobba Marinós fengið töluverða gagnrýni vegna orða sem Ellý lét falla í Fréttatímanum varðandi sjónvarpsþátt sem þær stöllur fara í loftið með á SkjáEinum nú í haust. Þar sagði Ellý þær ætla að fjalla um allt það sem mæðir á konum og taldi svo upp örfá dæmi. Sú upptalning hennar hefur farið fyrir brjóstið á mörgum enda engan veginn tæmandi að þeirra mati, eðlilega ekki, kannski.

Eðlilega ekki, segi ég enda efast ég um að hún hafi ætlað að telja upp umfjöllunarefni næstu mánaða í örstuttu blaðaviðtali. Flest slík viðtöl eru tekin í gegnum síma og viðmælandi hefur stuttan tíma til að íhuga hvernig best sé að koma fyrir sig orði. Þegar ég las viðtalið við þær Ellý og Tobbu staðnæmdist ég einmitt við þetta svar Ellýjar, ekki vegna þess að það færi svo fyrir brjóstið á mér heldur hugsaði ég með mér: „Hún verður skotin í kaf fyrir þetta!“

> …hættum að keppa um hver sé mesti femínistinn - við erum það allar: Konur eru konum bestar!

En það er einmitt þar sem hnífurinn stendur í kúnni, að mínu mati. Sjálf hef ég starfað sem blaðamaður á elsta og vinsælasta kvennatímariti landsins, Vikunni, í fjögur ár auk þess sem ég stjórnaði kvennaspjallþættinum Dyngjunni ásamt Nadiu Katrínu Banine síðastliðinn vetur á SkjáEinum. Því má segja að ég sé hokin af reynslu í að fjalla um „allt það sem konur tala um“. Og veit ég vel að það sem við tölum um er ekki hægt að koma í eina setningu og eins að umræðuefnin eru misjöfn okkar á milli, það hvarflar ekki að mér að ætla öllum konum að vera að tala um það sama og hvað þá öllum stundum.

Á þessum árum mínum í fjölmiðlum hef ég fjallað um allt frá bleiuskiptum að staðalímyndum og allt frá því hvernig beri að velja varalit að því hvaða endurmenntunarmöguleikar séu í boði og ég er viss um að margar konur hafi haft gaman af hvoru tveggja en ekki endilega aðeins öðru hvoru. Það er þó ekki aðalmálið í mínum huga heldur sú staðreynd að kona sem tekur þá ákvörðun að halda uppi sjónvarpsþætti sérstaklega miðuðum að kynsystrum sínum í hverri viku skuli eiga það á hættu að vera skotin í kaf. Eða, leyfið mér að endurorða, ekki aðeins eiga það á hættu, heldur „gjörðu svo vel, farðu í skotbyrgið og búðu þig undir stórhríð“. Og það jafnvel áður en þátturinn fer í loftið.

Þegar við Nadia fórum af stað með Dyngjuna síðasta vetur var hringt í mig frá Fréttablaðinu klukkutíma eftir að ég vissi að ég hefði fengið starfið. Ég var einmitt spurð að því sama og Ellý: Um hvað við ætluðum að fjalla. Ég svaraði eins vel og ég gat, enda voru aðeins nokkrar hugmyndir komnar á blað. Klukkutíma síðar hafði ég svo aftur samband við blaðamanninn til að fá að bæta fleiri hugmyndum við sem höfðu ekki komið í huga mér í flýtinum áður. Þetta gerði ég einfaldlega til að reyna að koma í veg fyrir að vera „skotin í kaf“. Algjörlega eðlilegur og réttmætur ótti af minni hálfu.

Það eru gömul sannindi og ný að færri konur birtast á sjónvarpsskjáum okkar en karlar og því hljótum við öll að fagna breytingum frá þeirri stefnu. Við þurfum ekkert að vera á einu máli um efnistökin, enda aldrei svo að hægt sé að þóknast öllum. Ég hef voða gaman af því að vera fín og sæt en ég fæ samt krumpaðar tær þegar konur fara að tala um megrun og nýjustu línuna í naglalökkun og vinkonur mínar vita betur en að ræða hvaða augnskuggi sé bestur við mig. Ég geri mér þó grein fyrir því að margar konur hafa einmitt sérlegan áhuga á þessu tvennu og þær mega það alveg mín vegna.

Ég meira að segja fjalla um þetta og margt annað sem vekur ekkert endilega áhuga minn, enda er ég blaðamaður en ekki bloggari og skrifa ekki bara um hugðarefni mín eða bara fyrir mig.

Þó svo að ég geti verið sammála ýmsu í gagnrýninni sem komið hefur upp í þessari umræðu og ég sé sammála því að við eigum ekki að ýta undir stöðluð hlutverk kynjanna og það sé gott að vera alltaf aðeins á tánum þá held ég að með því að ráðast hverjar á aðra á þennan hátt færum við einmitt kvenréttindabaráttuna aftur um áratugi.

Umræða er af því góða en orrahríð og illindi ekki. Leyfum röddum kvenna að hljóma, alls konar röddum, og hættum að keppa um hver sé mesti femínistinn – við erum það allar: Konur eru konum bestar!

## AF NETINU

### Afturför í verslun

Ég hef áður skrifað um hvað „handabandið“ má kosta, ekki síst þegar maður heldur sjálfur í bensíndæluna og þarf að afgreiða sig sjálfur. Um leið og maður lætur blekkjast að það sé gert í boði olíufélganna til að þú sparir. Hið rétta er auðvitað að þetta er gert til að eigendurnir sjálfir græði meira innan dyra. Afgreiðsla á rándýru eldfimu eldsneyti, jafnvel upp á tugþúsundir króna í hvert skipti, getur aldrei talist ódýr verslunarvara sem ekki verðskuldar góða þjónustu. Þegar þú ætlast til að þjónustan sé til fyrir þig, en ekki öfugt.

### Myndastyttur af konum

Sammála Jóni Gnarr um, að við þurfum styttu af Björk við Hörpuna, helzt mjög stóra. Samt ekki með ljósasjóvi, það er of gróft. Þurfum að skapa fleiri myndafæri fyrir ferðamenn. Björk er frægasti Íslendingurinn nú um stundir og gæti haft sama aðdráttarafl og Hallgrímskirkja. Þar er alltaf krökkt af ferðamönnum. Ég styð líka plebejíska eftirlíkingu af söguldar-sverðinu á kafi í Melatorgi. Einkum vantar þó myndastyttu af Vigdísi Finnbogadóttur, sem markaði þáttaskil í samspili kynjanna. Ekki dugar, að bara séu til styttur af körlum. Björk og Vigdís eru kjörnar til að brjóta ísinn.

http://jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

www.panama.is




**Einn dagur** og allar hinar
metsölubækurnar á **panama.is**
Sendum heim með hraði!

*„Ástarsaga aldarinnar?“*
– DRUSLUBÆKUR OG DOÐRANTAR

★★★★
– MORGUNBLAÐIÐ

*„Frábær bók“*
– FRÉTTATÍMINN

Panama.is
*-bóksala á netinu*




# Beint í vasa sauðfjárbænda

Landbúnaður

**Þórólfur Matthíasson**
prófessor í hagfræði



Árlegur beinn stuðningur skattgreiðenda við sauðfjárframleiðslu er um fjórir milljarðar króna. Um tveir milljarðar eru í formi svokallaðra beingreiðslna, ríflega milljarður er í formi gæðastýringarálags sem svo er kallað, afgangurinn er í formi ullarnýtingarframlags, framlags til markaðsstarfs (m.a. erlendis!) og í formi framlags til Lífeyrissjóðs bænda. Fjórir milljarðar eru mikið fé. Til samanburðar kostar rekstur allra sendiráða og sendiskrifstofa Íslands erlendis um þrjá milljarða og rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri kostar um fjóra milljarða króna. Auk greiðslna til sauðfjárbænda senda skattgreiðendur einnig kúabændum og grænmetisbændum glaðning. Allt í allt eru heildartilfærslur frá skattgreiðendum til bænda um 11 milljarðar króna á ári. Það er geipimikið fé. Ellefu milljarðar króna eru tæplega 37 þúsund krónur á hvert mannsbarn í landinu eða um 150 þúsund krónur á hverja fjögurra manna fjölskyldu.

Beingreiðslurnar eru byggðar á samningi milli Bændasamtakanna og ríkisstjórnar Íslands. Samningurinn skuldbindur ríkissjóð til að afhenda sauðfjárbændum alla þessa fjármuni á ákveðnum dögum. Venjan er sú að þegar tveir aðilar gera með sér samning felst í samningnum gagnkvæmar skuldbindingar. Óljóst er hver skuldbinding bænda er. Ég tel að samningurinn og þeir ofurtollar sem landbúnaðarráðuneyti leggur á innfluttar kjötafurðir skuldbindi bændur siðferðilega til að selja stærstan hluta framleiðslu sinnar á innlendum markaði. Kjörnir talsmenn bænda og ráðnir embættismenn þeirra benda á hinn bóginn á að ekki sé bókstafur í undirrituðum samningnum er lúti í þessa átt. Bændum sé frjálst að ráðstafa sínum sláturafurðum eins og þeim sýnist þrátt fyrir að bændur hafi þegið fjóra milljarða „að gjöf“ frá skattgreiðendum. Löglegt? Vissulega. Siðlaust? Já, að mínu viti.

**Beingreiðslur og gæðastýringarálag á býli eftir stærð býla**

| Ærgildi | Fjöldi býla | Beingreiðslur á býli, krónur á ári | Beingreiðslur og gæðastýringarálag á býli, krónur á ári |
|---|---|---|---|
| 0-50 | 495 | 92.535 | 138.803 |
| 50-100 | 273 | 425.227 | 637.841 |
| 100–200 | 380 | 821.030 | 1.231.545 |
| 200–300 | 333 | 1.431.356 | 2.147.034 |
| 300–400 | 203 | 1.983.191 | 2.974.787 |
| 400–500 | 116 | 2.543.994 | 3.815.990 |
| 500–600 | 57 | 3.165.991 | 4.748.986 |
| 600–700 | 30 | 3.663.240 | 5.494.859 |
| 700–800 | 26 | 4.266.235 | 6.399.353 |
| 800–900 | 8 | 4.884.943 | 7.327.415 |
| 900–1.000 | 2 | 5.493.132 | 8.239.698 |
| 1.001–1.100 | 3 | 7.337.611 | 11.006.417 |
| **Alls** | **1926** | **1.101.545** | **1.652.317** |

Beingreiðslur og gæðastýringarálag dreifist á sauðfjárbændur í samræmi við greiðslumark hvers býlis auk fjölda sauðfjár sem talið er fram á búfjárskýrslum. Greiðslumark ræðst af fjölda ærgilda sem skráð er á hvert býli. Greiðsla á hvert ærgildi nam ríflega 5.700 krónum á árinu 2010. Meðalgæðastýringarálag var um helmingur þeirrar fjárhæðar. Taflan hér fyrir ofan sýnir meðalupphæð beingreiðslna og gæðastýringarálags á býli eftir stærð býlanna. Stærðin er mæld í ærgildum.

Taflan ber með sér að 1.926 býli fengu beingreiðslur árið 2010. Að meðaltali fær hvert býli 1,1 milljón króna árlega. Sé gæðastýringargreiðslunum bætt við er greiðsla á býli ríflega 1,6 milljónir króna á ári. Til samanburðar eru grunnatvinnuleysisbætur 1,9 milljónir á ári. Um 750 býli eru með greiðslumark undir 100 ærgildum. Þau tæplega 1.200 býli sem eru með hærra greiðslumark en 100 ærgildi fá sendar frá tveimur og upp í ellefu milljónir króna í umslagi frá ríkisféhirði árlega. Eigendur 128 býla fá frá 5 til 11/12 milljónir á ári, eða frá 400 þúsund krónum og upp í um eina milljón króna mánaðarlega. Þetta jafngildir fullum atvinnuleysisbótum 2ja til sex karla eða kvenna allan ársins hring! Það verður ekki annað sagt en ríkisvaldið og skattgreiðendur séu að gera afar vel við ábúendur á þessum 128 býlum.

> Eðlilegt væri hér á landi að binda beingreiðslur við skilyrði um lágmarks sölumagn dilkakjöts…

Þó þversagnarkennt sé þá er afkoma allmargra bænda slæm þrátt fyrir miklar tilfærslur fjármuna frá skattgreiðendum. Ástæðan er óhagkvæm stærð búanna og óþarflega mikið umfang greinarinnar allrar. Ætla mætti að ríkisvaldið reyndi að nota þá miklu fjármuni sem til landbúnaðarstarfseminnar renna til að koma rekstrinum á heilbrigt og sjálfbært stig. Það er ekki gert heldur afhendir landbúnaðarráðherra sauðfjárbændum þessa fjóra milljarða króna án skuldbindinga og skilyrða. Slík skilyrðislaus afhending fjár viðgengst ekki einu sinni í hinu „vonda“ Evrópusambandi. Evrópusambandsbændur þurfa að sækja um beingreiðslur og fá þær ekki nema þeim takist að sýna fram á að starfsemi þeirra sé sjálfbær, að landnýting stuðli ekki að rányrkju, að notkun aukaefna sé innan viðurkenndra marka o.s.frv. Eðlilegt væri hér á landi að binda beingreiðslur við skilyrði um lágmarks sölumagn dilkakjöts á innanlandsmarkaði, að búskapur styrkþegans sé sjálfbær og stuðli ekki að uppblæstri, að fé sé í beitarhólfum og ekki í vegköntum eða uppblásnum heiðarlöndum. Atvinnulaus maður þarf að leggja fram alls konar vottorð áður en hann fær sínar bætur. Atvinnulaus maður þarf að sækja námskeið og leita sér vinnu til að halda bótum sínum. Beingreiðslur streyma hins vegar án umsóknar og án nokkurra skilyrða frá ríkisféhirði til handhafa greiðslumarks.

Að lokum þetta: Skilyrðislaust peningaaustur úr ríkissjóði til sauðfjárbænda viðheldur hallarekstri margra sauðfjárbúa, tefur eða kæfir eðlilega þróun greinarinnar, skilar neytendum dýru kjöti og skattgreiðendum ómældum útgjöldum. Það er erfitt að skilja að nokkur aðili sem starfar að framleiðslumálum og styrkjamálum sauðfjárbúskaparins geti unað við óbreytt ástand.

# AkureyrarAkademían: Hluti af fræðasamfélagi Norðurlands

Fræðasamfélag

**Pétur Björgvin Þorsteinsson**
djákni



AkureyrarAkademían – Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi er fimm ára. Því er ástæða til þess að rýna aðeins í vaxtarmöguleika félagsins og hvetja hvern þann sem tök hefur að styðja við starfsemi félagsins. AkureyrarAkademían hefur gert félögum sínum kleift að vinna að sínum fræðum í skapandi og hvetjandi umhverfi, þar sem fólk styður hvert annað bæði fræðilega og í gegnum hversdagsleg samskipti. Hún skapar þannig ný atvinnutækifæri og stuðlar að nýrri þekkingu. Hún laðar til bæjarins fræðafólk til lengri og skemmri tíma, bæði erlendis frá og frá höfuðborgarsvæðinu. Hún er mikilvægur stuðningur við vaxandi menningarlíf í þessum bæ, við Háskólann, félagasamtök, stofnanir og einstaklinga.

AkureyrarAkademían sem vinnustaður er komin til að vera. Þegar rætt er við fólk sem hefur nýtt sér vinnuaðstöðuna í húsinu verður ljóst hversu mikilvæg aðstaðan hefur verið fyrir flest þeirra. Það að geta setið í ró og næði og stundað fræðistörf er dýrmætt. En það er samfélagið í húsinu, þverfaglegt samtal, samstarf og félagsskapur af fólki með ólíkan bakgrunn sem gerir vinnuaðstöðuna í húsinu ómetanlega. Sá góði andi sem ríkir í húsinu, næðið sem fólk hefur þar og öll aðstaða gerir að verkum að fólki vinnst vel. Allnokkrir félagar í meistara- eða doktorsnámi við Háskóla Íslands eða háskóla erlendis hafa eða hafa haft vinnuaðstöðu í húsinu. Ljóst er, að ef þessi aðstaða væri ekki fyrir hendi hefðu sum þeirra jafnvel tekið ákvörðun um að flytja búferlum.

Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi er komið til að vera. Þegar rætt er við félagsfólk um mikilvægi þess að hér fyrir norðan sé starfandi slíkur félagsskapur eru margir á þeirri skoðun að áfram þurfi að vinna að því að efla og styrkja starf félagsins sem nær til fólks á öllum aldri, með fjölbreyttan bakgrunn úr akademíu og skóla lífsins, fólks sem býr yfir fjölbreyttri þekkingu sem gildir að virkja.

Viðburðir AkureyrarAkademíunnar hafa skapað sér fastan sess í fræða- og menningarlífi Akureyrarbæjar og Norðurlands alls. Sérstaklega verða hin ýmsu þing Akademíunnar þar sem teflt hefur verið saman fólki úr ýmsum atvinnugreinum, fræðum og listum að teljast vel heppnuð og gefa þau fyrirheit um það sem koma skal. Einnig hefur það verið aðalsmerki Akademíunnar að fræðafólk úr ýmsum áttum hefur kvatt sér hljóðs á vettvangi Akademíunnar og þarf svo að vera, því enginn annar vettvangur er til staðar á Norðurlandi þar sem jafn fjölbreyttur og breiður hópur hefur möguleika á því að tjá sig á opinberum vettvangi um hin ýmsu fræði, stærri og minni.

Umfang þeirrar starfsemi sem AkureyrarAkademían mun sinna í náinni framtíð ræðst af því hvernig ríki, bæjarfélög og aðrir aðilar sjá sér fært að styrkja félagið til athafna. Fyrir stjórn og félagsfólk allt er það eitt helsta verkefnið að leita leiða til þess að fjármagna starf félagsins. Ljóst er að félagið hefur einhverja möguleika til að sækja um minni styrki fyrir staka viðburði, en áríðandi er að opinberir aðilar tryggi að daglegum rekstri félagsins sé borgið.

Vaxtarmöguleikar AkureyrarAkademíunnar tengjast einnig ákvörðunum um húsnæðið í gamla Húsmæðraskólanum við Þórunnarstræti 99. Húsið myndi sóma sér vel sem fræðasetur á Akureyri, sem fólkvangur þar sem áhugafólk og fræðafólk af vettvangi lista, menningar og hvers kyns vísinda hefði áfram tök á því að bera saman bækur sínar, sinna samtali og þverfaglegri gagnrýni, sem væri til þess fallin að hvetja einstaklinga til að hugsa út fyrir ramma eigin sérgreinar í átt að nýsköpun og framtíð sem byggir á gagnkvæmri virðingu og forvitni þess sem vill vita meira.

> Ekki má líta framhjá því að auk þess að vera fræðilegur aflvaki er Akademían ekki síður mikilvæg atvinnusköpun í nærsamfélagi sínu.

Ekki má líta framhjá því að auk þess að vera fræðilegur aflvaki er Akademían ekki síður mikilvæg atvinnusköpun í nærsamfélagi sínu. Á þeim fimm árum sem liðin eru frá stofnun hennar hefur Akademían beint og óbeint stuðlað að atvinnusköpun og nýsköpun á svæðinu. Innan veggja Akademíunnar hafa þannig verið unnin rannsóknarverkefni, skrifaðar bækur, unnið að menningarviðburðum, og listsköpun. Fræðimennska er atvinnugrein þeirra sem hana stunda og þótt Akademían sé ekki atvinnurekandi í beinum skilningi er hún mikilvægur grundvöllur þeirra starfa sem Akademónar vinna. Hún er skjólshús fjölmargra sjálfstætt starfandi fræðimanna og skapar þeim frjóan vettvang sem ekki síst hvetur til þverfaglegs samtals og samvinnu. Sem slík eflir Akademían fræðilegan fjölbreytileika á Akureyri og eykur möguleika og víðsýni ungs fræðafólks á svæðinu þegar kemur að starfsmöguleikum.

# Vér hinir óskeikulu

Dómstólar

Kristján Guðmundsson
fv. skipstjóri



Nafn á grein þessari má lesa út úr grein Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmanns í Fréttablaðinu er birtist hinn 6. ágúst 2011. Lögmaðurinn finnur allt til að verja úrskurði dómara Hæstaréttar Íslands í anda þess að þeir sem þar komast til valda séu óskeikulir. Hann telur að ekki megi hrófla við dómi sem þegar hefur verið upp kveðinn og dómur sé hinn endanlegi sannleikur.

Því miður er það svo í íslensku réttarfari að þar hefur þróast spilling sem er verri en nokkur spilling sem áður hefur sést í íslensku samfélagi. Spilling þessi einkennist af umsögn lögmanna sem leitað er til varðandi rekstur máls fyrir dómi að lögmennirnir biðja skjólstæðinga sína að leggjast á bæn og biðja þess að ákveðnir dómarar komi ekki til með að hafa afskipti af málinu.

Dómar eru kveðnir upp án tillits til þess sem mælt er fyrir í lögum og eru slíkir utanlaga dómar miklu fleiri en hinn almenni borgari gerir sér grein fyrir.

Dómur sem kveðinn er upp á að vera til að skýra fyrir almenningi hvernig eigi að túlka umrætt orðalag í lögum sem sett eru af Alþingi í þeim tilgangi að samskipti þegnanna geti gengið með sem fæstum árekstrum. Þegar uppkveðnir dómar í sams konar eða sambærilegum málum eru á einn veg í dag en á allt annan veg á morgun er ekki hægt að taka úrskurð dómara alvarlega.

Framkvæmd dóma á Íslandi er eins og „rússnesk rúlletta“ því dómurinn sem kveðinn var upp í gær vegna skemmdarverka getur í sambærilegu máli verið úrskurðaður af dómara sem löglegt skemmdarverk á morgun. Ekkert samræmi er í túlkun dómara innan hins íslenska réttarkerfis. Fyrir hendi eru skriflegar sannanir fyrir því að álit eins dómara er öndvert við álit dómsstjóra sama dómstóls.

Þegar slíkar sannanir eru fyrirliggjandi um mistúlkanir dómara á lögum og hringlandahátt er því fylgir innan réttarkerfisins án þess að þegnarnir fá leiðréttingu sinna mála er þjóðfélagið á hættulegri braut.

Notkun dómara á fölsuðum gögnum í úrskurðum sínum og að þeir neiti að fara að lögum er ekkert einsdæmi. Fyrir hendi eru fleiri en eitt dæmi (mörg) um að dómari hafi notað falsað gagn sem úrskurður dómarans var byggður á. Þegar réttarkerfið er komið út á svo hála braut að úrskurður dómara er byggður á fölsuðu gagni er stutt í að farið verði í að höggva mann og annan. M.ö.o. að menn hlíta ekki úrskurði dómara heldur taka lögin í sínar eigin hendur.

Lagasetning og tilkoma skipunar á dómara var til þess ætluð að með því yrði hægt að koma í veg fyrir þau vígaferli sem viðgengust á öldum áður.

Réttarkerfið sem spannst upp í kringum dómara er orðið að myllusteini um háls þjóðarinnar því ekkert er að marka uppkveðna dóma. Þjóðin þarf að halda uppi stórum hópi manna sem níðast á þegnunum með geðþóttaúrskurðum sem kallast dómar en dómarnir eru þess eðlis að þeir leysa engan vanda innan samfélagsins.

Eina atriðið sem leyst er með uppkvaðningu dóms er að það eru fluttir peningar frá aðilum að málarekstri og yfir til lögmanna. Sá sem tapar máli þarf að greiða tvisvar til þrisvar sinnum meira í kostnað en sá sem fær jákvæðan úrskurð dómara.

> Dómar eru kveðnir upp án tillits til þess sem mælt er fyrir í lögum og eru slíkir utanlaga dómar miklu fleiri en hinn almenni borgari gerir sér grein fyrir.

Sá sem verður undir í ræðuhöldum fyrir dómara getur ekki leitað réttar síns á neinn hátt. Lögbrot dómara eru fengin mönnum innan sömu starfsklíku til skoðunar og gera ekkert annað en að hvítþvo misgjörðirnar sem felast í dómsorðum. Þvottastöðvar þessar eru Nefnd um dómarastörf og Dómstólaráð. Þeir sem eru skipaðir í þessa nefnd og ráð koma úr hópi dómara og ætlast til þess að þeir fari að kasta rýrð á starfsfélaga sína er álíka og að bregðast samtökum á borð við bandarísku mafíuna.

Dómar sem falla undir utanlaga-dómsúrskurð eru miklu fleiri en fólk í landinu gerir sér grein fyrir.

Dæmi er um að uppkveðinn dómur boðaði að ofbeldi væri löglegt ofbeldi og þeir sem urðu fyrir ofbeldinu fengu heimild dómarans til að snúast til varnar og beita ofbeldi gegn ofbeldismann-

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010









Vildarþjónusta

Viðskiptavinum í Vildarþjónustu býðst **leikhúskort** á lægra verði.

Nú er að hefjast spennandi leikár í **Þjóðleikhúsinu** þar sem helstu listamenn landsins stíga fram á sviðið og sýna áhorfendum nokkur helstu verk leikbókmenntanna auk nýrra og spennandi verka úr samtímanum.

Viðskiptavinum í Vildarþjónustu **Arion banka** býðst leikhúskort að fjórum sýningum á **9.900 krónur** og ungmennakort á **7.900 krónur.**

Hvað **skiptir** þig máli?




**Tilboðið gildir til og með 6. september.**

Kortin fást í miðasölu Þjóðleikhússins, sími **551 1200.**
Greiða þarf með debet- eða kreditkorti frá **Arion banka.**

arionbanki.is — 444 7000

Arion banki

# tímamót

timamot@frettabladid.is



57 **ÞÓRUNN ERLU-VALDIMARSDÓTTIR** sagnfræðingur og rithöfundur er 57 ára í dag.

*„Ást manna og lands hlýtur að vera gagnkvæm.“*



**SIGDÓR OG ÁRMANN** „Þegar við vorum á fraktskipunum vorum við alltaf svartir. Síðan er nóg að spáð sé sólskini,“ segja þeir þegar haft er orð á að þeir séu útiteknir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TVÍBURARNIR ÁRMANN OG SIGDÓR SIGURÐSSYNIR: ERU NÍRÆÐIR Í DAG

## Ert þetta þú eða bróðir þinn?

Þeir eru líkari unglömbum en öldungum tvíburabræðurnir Ármann og Sigdór Sigurðssynir sem eru níræðir í dag. Þeir eru einmitt að ræða um hvernig verja eigi deginum þegar blaðamann ber að. „Ég er búinn að finna gjótu hér fyrir utan Hafnarfjörð sem ég get falið mig í,“ segir Sigdór grallaralegur. „Já, við Sigga verðum ekkert heima heldur,“ segir Ármann en tekur fram að þeir bræður ætli að halda upp á afmælið á laugardaginn. Bökunarilmurinn úr eldhúsinu hjá Sigríði Hrólfsdóttur, konu hans, gefur til kynna að þar verði gott með kaffinu.

Fleiri fagnaðarefni eru í fjölskyldunni því Sigdór og kona hans, Ída Heiður Jónsdóttir, eiga gullbrúðkaupsafmæli á morgun. „Jú, jú, það er margheilagt,“ viðurkennir Sigdór. „Heilmikill pakki.“

Bræðurnir eru fæddir í Neskaupstað og uppaldir í Norðfirði hvor á sínu heimili. „Ég var orðinn níu ára þegar ég sá þennan mann fyrst,“ segir Ármann og bendir á Sigdór. „Móðir okkar dó þegar við vorum mánaðargamlir og við systkinin fimm fórum hvert í sína áttina.“ Sigdór tekur við. „Ég var tekinn í fóstur á bæ í sveitinni sem hét Vindheimar en Ármann var hjá fólki í þorpinu. Okkur var báðum sagt að við ættum tvíburabróður en höfðum engan sérstakan áhuga á að hittast.“

Ármann tekur undir það. „Fóstra mín sagðist hafa farið með mig að



**EIGA GULLBRÚÐKAUP Á MORGUN** Sigdór og kona hans, Ída Heiða Jónsdóttir.

Vindheimum en þá fór þessi heiðursmaður til fjalls og faldi sig. Þannig að við hittumst fyrst í skóla níu ára gamlir.“ „Við áttum samt ekki sömu leikfélaga og urðum ekki vinir fyrr en um fimmtán ára aldur. Þá urðum við samlokur,“ botnar Sigdór.

Ármann og Sigdór eru eineggja tvíburar og nauðalíkir enda segja þeir fólk hafa ruglað þeim saman í 90 ár. Sigdór nefnir dæmi. „Það var einn asskoti góður verkstjóri á Norðfirði sem sagði alltaf: „Ert þetta þú eða bróðir þinn?“ þegar ég kom til hans með hjólbörur að sækja kol.“ „Ég var um tíma togaraskipstjóri og Sigdór stýrimaður,“ rifjar Ármann upp. „Við komum til Reykjavíkur og þurftum að sinna ansi mörgum erindum. Þá fór Sigdór á suma staðina og skrifaði nafnið mitt, þannig gátum við nýtt tímann betur!“ Sigdór kveðst þrisvar hafa verið rekinn úr kennslustofu í Stýrimannaskólanum því kennarinn hafi talið að hann væri Ármann. „Þú átt ekki að sitja hér. Þú ert í hinum bekknum, það veistu,“ sagði kennarinn. „Ég sá mér leik á borði, greip töskuna og ætlaði í frí en fávitarnir í bekknum gátu ekki þagað!“

Bræðurnir byrjuðu á sjó sextán og sautján ára. „Viðhorfið austur í Neskaupstað var þannig að annaðhvort kom maður sér út á sjó eða hélt áfram í beitningarskúrum. Það var ekki margt að gera,“ segja þeir og rifja upp að oft hafi þeir siglt með aflann, hvor á sínum bát, á stríðsárunum. Á seinni árum hafa þeir átt stangveiði að áhugamáli.

Báðir hafa bræðurnir búið í Hafnarfirði frá 1955 og haldið þar hvor með sínu íþróttaliði til að geta verið ósammála. Rígurinn er þó ekki meiri en það að þeir ætla að halda veisluna á laugardaginn í Haukaheimilinu. „Það var Sigdór, sem stakk upp á því þótt hann haldi með FH,“ bendir Ármann á. „Já, afmælið verður frá 12 til 15 og allir vinir okkar eru velkomnir ef þeir nenna,“ segir Sigdór. Snýr sér að Ármanni. „En ef enginn mætir, hvað gerum við þá?“ „Þá kaupum við frystihús fyrir kökurnar,“ svarar Ármann að bragði.

**gun@frettabladid.is**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Kristján G. Sveinsson**

fyrrverandi bifreiðarstjóri, Sóleyjarima 9, Reykjavík.

Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju í dag fimmtudaginn 25. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Margrét Zúber Sveinsdóttir**
**Guðbjörg Lóní Kristjánsdóttir**
**Anna Lísa Kristjánsdóttir** **Leó E. Löve**
**Aníta Margrét Aradóttir**
**Kristján Jóhann Arason**
**Anna Margrét Leósdóttir**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og stuðning við andlát og útför*

**Stefaníu Ármannsdóttur**

Aðalstræti 62, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Hlíð og heimaþjónustu Akureyrarbæjar, og annarra sem aðstoðuðu í veikindum hennar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Baldur Sigurðsson.**

---

*Útför okkar ástkæra*

**Hjálmars Vilhjálmssonar Dr. Philos.**

fiskifræðings, Ásvallagötu 18, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 20. ágúst, verður gerð frá Hallgrímskirkju mánudaginn 29. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Kolbrún Sigurðardóttir**
**Vilhjálmur Hjálmarsson**
**Sigurður Stefán Hjálmarsson** **Jóhanna Erlingsdóttir**
**Kristín Anna Hjálmarsdóttir** **Jón Þór Geirsson**
**Ína Björg Hjálmarsdóttir** **Sigurður Þór Jónsson**
**Vilhjálmur Hjálmarsson yngri**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Hjördísar Lovísu Pálmadóttur.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Gjörgæsludeildar Sjúkrahúss Akureyrar. Einnig viljum við þakka þeim innilega, sem hafa gefið til líknarfélaga í hennar minningu.

**Pétur Haraldsson**
**Fanney Bergþóra Pétursdóttir - Hafsteinn Lúðvíksson**
**Haraldur Már Pétursson - Silja Einarsdóttir**
**Úrsúla Nótt Siljudóttir - Helga Dís Hafsteinsdóttir**
**Illugi Dagur Haraldsson - Ríkharður Pétur Hafsteinsson**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---



*Ástkær eiginmaður minn, sonur, bróðir, tengdasonur, mágur og frændi,*

**Ragnar Heiðar Kristinsson**

húsasmíðameistari, Bæjarbrekku 10, Álftanesi,

sem varð bráðkvaddur á heimili sínu fimmtudaginn 18. ágúst, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju þriðjudaginn 30. ágúst kl. 13.

**Ragnheiður Katrín Thorarensen**
**Ingibjörg Magnúsdóttir**
**Hulda Björk Ingibergsdóttir**
**Kristín Þorvaldsdóttir**
**Þorvaldur Jón Kristinsson**
**Ólafur Kristinsson** **Þorbjörg Inga Jónsdóttir**
**Oddur C.S. Thorarensen** **Unnur L. Thorarensen**
**Elín Thorarensen** **Úlfar Örn Friðriksson**
**Alma Thorarensen** **Sindri Sveinbjörnsson**
**og frændsystkin**

---



*Ástkær eiginkona mín og besti vinur, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Jóhanna M. Aðalsteinsdóttir**

Hjallahlíð 19b, Mosfellsbæ,

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 23. ágúst. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en bendum á Minningarsjóð Karitas í síma 5515606 milli kl. 08.30 og 10.00 eða netfangið karitas@karitas.is

Útförin verður auglýst síðar.

**Björn Júlíusson**
**Unnur Björnsdóttir** **Ágúst Helgi Jóhannesson**
**Erla Björnsdóttir** **Guðmundur Þór Reynisson**
**Birna Björnsdóttir** **Sigursteinn Norðfjörð Kristjánsson**
**Anna Lilja Björnsdóttir** **Hallgrímur Jónas Ingvason**
**Sædís, Örvar, Tómas, Reynir Þór, Björn Emil, Jóhanna Iðunn.**
**Anna Björk Aðalsteinsdóttir** **Lárus S. Aðalsteinsson**

# Skólabækurnar

## öflugar tölvur á góðu verði

### MacBook Pro 13”

Allt að 2,7GHz 2-kjarna Intel i7 örgjörvi
Allt að 8GB DDR3 vinnsluminni
Allt að 750GB harður diskur

Thunderbolt tengi (10Gbps)
Tvö USB 2.0 tengi
FireWire 800 tengi
SDXC kortarauf
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth

Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 199.990.-**







### MacBook Air 11”

Allt að 1.8GHz Dual-Core Intel Core i7
Allt að 4GB vinnsluminni
Allt að 256GB SSD diskur

Thunderbolt tengi (10Gbps)
Tvö USB 2.0 tengi
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth

Þyngd 1.08 kg

Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 169.990.-**



LaCie Neil Poulton - flakkari
1TB USB2 - 3,5”
**Verð frá: 12.990.-**



LaCie minnislykill
4GB, 8GB, 16GB
**Verð frá: 4.990.-**



Fartölvutöskur
Mikið úrval
**Verð frá: 5.990.-**



Office 2011 Home and Student
Word, Excel og PowerPoint
**Verð frá: 18.990.-**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

**Epli.is,** Laugavegi 182, sími 512 1300 | Opið 10-18 mánudaga til föstudaga og 12-16 laugardaga | **www.epli.is**




*Okkar hjartans ástkæru, mæðgurnar*

**Hanna Lilja Valsdóttir**
**og Valgerður Lilja Gísladóttir**
Sogavegi 22, Reykjavík,

verða jarðsungnar frá Grafarvogskirkju kl. 15 mánudaginn 29. ágúst nk. Blóm og kransar vinsamlega afþakkað en þeim sem vilja minnast þeirra er bent á Barnaspítala Hringsins eða söfnunarreikning til styrktar börnum Hönnu Lilju og Gísla, reikningsnúmer: 0322-13-700345, kt.: 080171-5529.

**Gísli Kr. Björnsson**
**Þorkell Valur Gíslason** **Guðrún Filippía Gísladóttir**
**Sigríður Hanna Gísladóttir**
**Valur Steinn Þorvaldsson** **Guðrún Sigurðardóttir**
**Sigríður Þóra Valsdóttir** **Ingólfur Kristján Guðmundsson**
**Sigurður Már Valsson** **Dröfn Helgadóttir**
**Anna Filippía Sigurðardóttir** **Björn Ottó Halldórsson**
**Kristbjörn Helgi Björnsson** **Steinunn Dögg Steinsen**
**Katrín Ellý Björnsdóttir** **Kristinn Halldórsson**
**Björn Ragnar Björnsson** **Guðrún Magnea Árnadóttir**
**Birgir Magnús Björnsson** **Unnur Hlíðberg Hauksdóttir**
**Fanney Ósk Þórisdóttir**
**Gísli Guðbrandsson** **Guðbjörg Ólafsdóttir**
**Ellý Ingólfsson**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Jónína Björg Guðmundsdóttir**
Teigi II, Fljótshlíð,

lést á Kirkjuhvoli, Hvolsvelli, miðvikudaginn 17. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð laugardaginn 27. ágúst kl. 14.00.

**Hrafnhildur Árnadóttir** **Páll Theódórs**
**Guðbjörn Árnason** **Hlín Hólm**
**Árni Björn Pálsson** **Sylvía Sigurbjörnsdóttir**
**Fannar Pálsson Theodórs** **Dagný L. Sighvatsdóttir**
**Hlynur Pálsson Theodórs**
**Anna Þrúður Guðbjörnsdóttir**
**Helga Hólm Guðbjörnsdóttir**
**Hugi Hólm Guðbjörnsson**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samhug og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Garðars Aðalsteinssonar**
Brekkugötu 38, Akureyri.

**Alda Þorgrímsdóttir**
**Ómar Garðarsson** **Rannveig Benediktsdóttir**
**Smári Garðarsson**
**Páll S. Garðarsson** **Sigurður Ö. Guðbjörnsson**
**Eydís Garðarsdóttir** **Bjarni Einarsson**
**Viðar Garðarsson** **Sigríður Á. Viðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**


## LOKAÐ

Skrifstofur okkar og vöruhús verða lokaðar í dag, fimmtudaginn 25. ágúst vegna jarðarfarar Áslaugar Guðjónsdóttur.

LINDSAY

John Lindsay hf Klettagörðum 23




*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Þ. Björnsson**
Norðurbrún 1, áður Þangbakka 8, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 15. ágúst. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**Sigríður Kristinsdóttir** **Torfi Þorsteinsson**
**Margrét Guðmundsdóttir** **Ásmundur Karlsson**
**Birna Guðmundsdóttir** **Eyjólfur Ó. Eyjólfsson**
**Konráð Guðmundsson** **Rósa Björg Ólafsdóttir**
**Kolbrún Jónsdóttir**



*Elskulegi eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Sölvi Steindórsson**
bóndi, Lindarsíðu 4, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar mánudaginn 15. ágúst
Útför fer fram föstudaginn 26. ágúst kl. 13.30.
Útförin fer fram frá Glerárkirkju.

**Jóhanna Jóhannsdóttir**
**Stefán Guðmundsson** **Guðrún Sigtryggsdóttir**
**Hannes R. Reynisson** **Margrét Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,*

**Halldór Sigurður Guðmundsson**
plötu- og ketilsmiður,
Bakkastöðum 73, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans 12. ágúst, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 13.

**Bergljót Harðardóttir**
**Hulda Björk Halldórsdóttir** **Sigfús Jónas Guðnason**
**Guðmundur Halldórsson**
**Þröstur Reyr Halldórsson** **Steinunn Guðjónsdóttir**
**Hulda R. Einarsdóttir** **Jón Pálsson**
**Jón Guðmundsson** **Guðrún Ólafsdóttir**
**Helgi Guðmundsson** **Anna Magnúsdóttir**
**afabörn og langafabarn**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Svavar Friðleifsson**
Litlagerði 3, Hvolsvelli,

sem lést á Sjúkrahúsi Suðurlands sunnudaginn 14. ágúst, verður jarðsunginn frá Stórólfshvolskirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Björgunarsveitina Dagrenningu á Hvolsvelli, sími 893-8430, bankanr. 0182-26-3227.

**Marta Arngrímsdóttir**
**Arngrímur Svavarsson** **Guðrún H. Hlöðversdóttir**
**Jón Marteinn Arngrímsson**
**Bjarni M. Sigurðarson**
**Ragnar H. Rögnvaldsson.**

# Opið hús í Ljósheimum

Ljósheimadagurinn verður haldinn sunnudaginn næstkomandi 28. ágúst milli klukkan 14 og 18.

Ljósheimadagurinn hefur verið haldinn þrisvar á ári síðustu sjö ár. Þá eru gestum og gangandi boðið að kynna sér starfsemi miðstöðvarinnar. Hægt er að fara í 15 mínútna prufutíma gegn vægu gjaldi auk þess sem dagskrá í sal er opin öllum. Meðferðir sem hægt er að prófa eru til dæmis: nálastungur, heilsunudd, bowen, svæðanudd og heilun. Nýlunda í Ljósheimum í vetur verður barnajóga og gongslökun

Nánari upplýsingar er að finna á www.ljosheimar.is.



**LJÓSHEIMAR** Hægt verður að fara í prufutíma.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ruth Guðmundsson**
Seljahlíð, Hjallaseli 55,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 17. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 31. ágúst klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á minningarsjóð Seljahlíðar, sími: 5402400.

**Guðmundur J. Axelsson** **Arndís Axelsson**
**Dóra Axelsdóttir** **Guðmundur R. Jónsson**
**barnabörn og langömmubörn**



*Ástkær systir okkar, mágkona, frænka og vinkona,*

**Sigurborg Hjaltadóttir**
frá Hólum, Hornafirði,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut sunnudaginn 21. ágúst. Minningarathöfn fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 1. september kl. 13.00. Jarðsett verður frá Bjarnaneskirkju laugardaginn 3. september kl. 14.00.

**Jón Hjaltason** **Steinunn B. Sigurðardóttir**
**Halldóra Hjaltadóttir**
**Þorleifur Hjaltason** **Edda Lúðvíksdóttir**
**Hjálmar Kristinsson**
**Aðalheiður Geirsdóttir**
**Helga Karlsdóttir**
**Baldur Sigurjónsson**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginkona, móðir og amma*

**Guðrún Sveinsdóttir**
Hásölum 13, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt 24. ágúst sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Kristinn Kristinsson**
**Kristinn Kristinsson** **Steinunn Lilja Sigurðardóttir**
**Sigríður Kristinsdóttir** **Bergur Þorgeirsson**
**Bergljót Kristinsdóttir** **Andrés I. Guðmundsson**
**Sveinn Kristinsson** **Ásta Rut Sigurðardóttir**
**Dagbjört Kristinsdóttir** **Matthías Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**Victoria Beckham** er þekkt fyrir fínpússað útlit sem hún fullkomnar með himinháum hælum. Nú þarf dívan hins vegar að breyta til því eftir aðgerð á baki hafa læknar fyrirskipað henni að klæðast flatbotna skóm. Það verður því forvitnilegt að líta skóbúnað Victoríu þegar hún kynnir nýja línu sína á tískuvikunni í New York eftir hálfan mánuð.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512

ÞESSI STÆKKAR ÞIG UM NÚMER



Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

teg 42026 - vel fylltur og flottur, fæst í BC skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,-




**Opnum** með nýja haustvöru



hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

**Rakel Sólrós Jóhannsdóttir fatahönnuður segir fatastíl sinn klassískan og áberandi.**

# Freistar gæfunnar í London

Þetta er Anna Sui-kjóll sem kærastinn minn, Alexander Dan, gaf mér þegar ég var í starfsnámi hjá Anna Sui. Mér þykir mjög vænt um kjólinn. Hann minnir mig á skemmtilega tíma," segir Rakel Sólrós Jóhannsdóttir fatahönnuður, þegar Fréttablaðið forvitnast um eftirlætisflíkina hennar.

Rakel lýsir kjólnum sem klassískum en áberandi. „Kannski er það bara minn stíll," segir hún hlæjandi. „Mér finnst þægilegt að vera í einhverju klassísku en poppa það upp. Ég er til dæmis í litríkum Kronkron-skóm og með silkiklút sem ég keypti í Marokkó við kjólinn en í klassískum svörtum jakka yfir. Jakkann hannaði ég sjálf."

Undanfarið ár hefur Rakel unnið hjá Farmers Market og sinnt eigin hönnun á kvöldin. Nú er hún á leiðinni til London að freista gæfunnar. „Ég ætla að reyna að komast í starfsnám hjá hönnuði, vera í ár og sjá svo til. Ég hef alltaf verið á leiðinni að prófa eitthvað nýtt og taka áhættuna og nú er komið að því."

Ytra ætlar Rakel að nota frítímann til að sinna eigin hönnun og hennar fyrsta verk verður að kaupa sér notaða saumvél. „Annars er ég alveg handalaus."

*heida@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Nisti og langar keðjur** verða vinsælar í vetur ef marka má vefsíðuna style.com. Nokkrar stjörnur á borð við Alexu Chung og Karolinu Kurkovu hafa skartað slíkum hálsmenum undanfarið og þykir ljóst að slík muni eiga auknum vinsældum að fagna á næstunni.


SKÓMARKAÐUR

xena



St. 37-41 Verð: 6.575



St. 36-41 Verð: 6.595



St. 40-46 Verð: 6.295



St. 36-41 Verð: 5.895

Opið
mánud-föstud. 11-18
laugard. 11-16

xena

Grensásvegur 8 &
Nýbýlavegur 12
Sími 517 2040



Haustvörurnar komnar.
Útsölulok



BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

vísir


# Haustflíkur sem nánast eru notaleg teppi

**Hér heima og úti í heimi er ullarfatnaður, svo sem síðar og þykkar peysur, treflar og ponsjó áberandi í línum þekktra hönnuða þetta haustið.**

Þykkar og síðar peysur, heilgallar úr ull, ponsjó og fleiri notalegar flíkur úr fórum íslenskra hönnuða eru svolítið áberandi um þessar mundir og greinilegt að það sakar ekki þótt flíkin geti einnig komið að gagni sem létt teppi heima í stofu. *julia@frettabladid.is*



Ponsjó í haustlitunum frá Andersen & Lauth.



Verndarhendur kallast þessir alltumvefjandi treflar frá Vík Prjónsdóttur sem komu á markað á síðasta ári og njóta sívaxandi vinsælda. MYND/MARINO THORLACIUS

Bleik, síð peysa úr haust- og vetrarlínu Kronkron en hún er líka til í eplagrænu. MYND/ÚR EINKASAFNI

Yndislegur galli úr 100 prósent ull frá Vík Prjónsdóttur.



Skikkja úr ull, trefill og alpahúfa frá þeim stöllum í Lúka Art & Design.


Haustvörurnar komnar



- Skokkar
- Kjólar
- Buxur
- Mussur
- Aladínbuxur
- Leðurjakkar

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Fleiri myndir á Facebook, vertu vinur



30 daga hreinsun á mataræði!



Námskeið með DAVÍÐ KRISTINSSYNI
næringar- og lífsstílsþjálfara

HEILSUHÚSINU LÁGMÚLA 5
Fimmtud. 01. sept. kl. 20:30 - 22:30

Innifalið í námskeiði er uppfærð handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðli.
Námskeiðsgjald kr. 5.900 kr.
Nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.

NÁMSKEIÐ HEFJAST!

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

KRAFTAVERK



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice

# Fá mér leppa tvo úr hári þínu

Í eina tíð þótti hárfegurð norrænna kvenna einstök. Ljóst víkingahár var sjaldgæft og dáleiddi margan manninn. En nú eru aðrir tímar og af ýmsum ástæðum, meðal annars af efnameðferðum, hefur dofnað yfir ljósa litnum á Norðurlöndunum nema auðvitað að um litað hár sé að ræða. Í Rússlandi og víðar í Austur-Evrópu mátti lengi vel sjá sítt ljóst hár enda hefðin að ungar stúlkur söfnuðu hári sem var fléttað í langar fléttur og fléttan ekki klippt fyrr en á fullorðinsárum. Þið munið sjálfsagt eftir Júlíu Tímosjenko, fyrrum forsætisráðherra Úkraínu og hennar ljósa fléttaða hári, en kona frá Úkraníu sem ég þekki í Cannes segist ekki viss um að þetta sé hennar eigið hár!

Eftir hrun kommúnismans og aukið frelsi í löndum Austur-Evrópu hefur hár kvenna stórlega látið á sjá hvað varðar litinn því þær tóku upp þá vitleysu eftir Vesturlandakonum að lita á sér hárið og setja í það permanent. Þetta vita þeir sem höndla með hár, ekki síst kaupendur hárs af síðhærðum konum sem svo framleiða hárkollur og lokka í hárlengingar. Markaðurinn hefur verið í uppsveiflu um nokkurt skeið og blómstrar sem aldrei fyrr. Eftirspurnin er mest eftir síðu ljósu hári sem helst á að vera slavneskt og ef ekki þá er ljóst hár frá Suður-Rússlandi ekki slæmt. Aðrar hárgerðir eru verri. Að sama skapi hækkar verðið á hárinu því sífellt færri konur halda í hinar fyrrnefndu fléttur sem ekki þykja móðins og nemur hækkunin um sjötíu prósentum á ári. Góð flétta getur selst á hundrað og fimmtíu evrur og dugir seljandanum fyrir farsíma!

Vinnustofurnar sem vinna hárið meðhöndla tvö tonn á ári. Oftast eru það konur til dæmis í fátækum héruðum Rússlands sem vinna þessa vinnu og ekki eru launin merkileg, um fjögur hundruð evrur á mánuði. Í Moskvu er fjöldi hárgreiðslustofa sem vinna nær eingöngu við hárlengingar fyrir auðugar rússneskar konur eða hjákonur ríkra manna sem leggja allt í útlitið. Því er nóg að gera í hárinu og verðið ekkert vandamál.

En ljósa hárið er í hættu. Hárfræðingar segja að með tímanum muni gæðahárið hverfa af markaðnum. Kínverjar eru nú þegar að taka yfir markaðinn með fölsku hári eða lélegu mannshári. Vandamálið er hins vegar það að venjulegt fólk getur ekki greint gæðahárið frá öðru hári og kínverska hárið kemur jafnvel frá Kína merkt „Made in Siberia“! Svo ganga þær óstaðfestu sögur um að fólk sé látið hverfa til að ná í fallegt hár.



# Litríka Bollywood

**Lakme-tískuvikan í Mumbai á Indlandi var haldin nýlega. Þjóðlegar hefðir voru í fyrirrúmi svo og litagleðin sem einkennir Indverja. Yfir sextíu hönnuðir sýndu það sem koma skal í indverskri tísku.**



## Forsala á fatnaði Reyjavík Runway

FORSALA VERÐUR Í KVÖLD Á FATNAÐI HÖNNUÐANNA SEM KEPPTU Í REYKJAVÍK RUNWAY FYRIR VIKU.

Fatahönnunarkeppni Reykjavik Runway sumarið 2012 fór fram á fimmtudaginn í síðustu viku. Forsala á fatnaði hönnuðanna sem kepptu í Reykjavik Runway verður í kvöld, 25. ágúst, í Bílaumboðinu Öskju, umboðsaðila Mercedes Benz á Íslandi og hefst hún klukkan 18.18 en stendur til 21.21. Þar gefst gestum kostur á að kaupa flíkur úr sumarlínum hönnuðanna á forsöluverði og fá þær afhentar fyrstar allra þegar þær koma úr framleiðslu í vor. Forsalan verður aðeins í þetta eina skipti en tíu prósent af hagnaði sölunnar renna til Einstakra barna.

Þeir hönnuðir sem munu selja fatnað sinn í kvöld eru: Harpa Einarsdóttir með merkið ZISKA, en hún bar sigur úr býtum í keppninni. Eygló Margrét Lárusdóttir með merkið EYGLO, Rosa Winther Denison og Bryndis Þorsteinsdóttir með merkið ROSABRYNDIS og Sólveig og Edda Guðmundsdætur með merkið Shadow Creatures. *- sg*





Jazzballett

Innritun fyrir haustönn stendur yfir á www.jsb.is

FRAMHALDSNEMENDUR OG NÝNEMAR
Rafræn skráning er á www.jsb.is, upplýsingar í síma 581 3730.

Jazzballett
- Skemmtilegt og fjölbreytt dansnám fyrir stelpur og stráka frá 7 ára aldri
- Í boði eru byrjenda- og framhaldshópar á aldrinum 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára og 16+
- Uppbyggileg dansþjálfun sem veitir svigrúm til sköpunar og frelsi til tjáningar
- Allir nemendur taka þátt í glæsilegri nemendasýningu í Borgarleikhúsinu á vorönn.

Nám og kennsla
Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi.
Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

Kennslustaðir:
- *Danslistarskóli JSB í Kópavogi, Íþróttahúsi Digraness. Almenn braut.*
- *Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll. Almenn braut og listdansbraut.*

Stundaskrá birtist á vefnum 19. ágúst. Kennsla hefst 5. september!

Frístundakortið
Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar.

DANSLISTARSKÓLI JSB

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

## Alþjóðleg ferðaráðgjöf

IATA UFTAA Authorised Training Centre

Ferðamálaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa" til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðaþjónustu. www.menntun.is



Ferðamálaskóli Íslands
The Icelandic School of Travel and Tourism

Bíldshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8–22



## Glæsilegar haustvörur



laxdal.is

SKOÐIÐ SÝNISHORN Á LAXDAL.IS

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422



## FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



**Opið mánudag- föstudag frá 11-18, laugardaga frá 11-16.**

Suðulandsbraut 50
Bláu húsin við Faxafen
108 Reykjavík
Tel: 5884499
mostc@mostc.is

Við erum á facebook

Möst.C


# Köflótt er áfram vinsælt

**Köflótt hefur verið vinsælt undanfarin misseri og engin breyting verður þar á í haust og vetur. Tískuhönnuðir hafa margir hverjir ákveðið að nota sterkari liti í köflóttu mynstrin sín.**

Margir tengja köflótt mynstur við skotapils og hefðbundin efni en í haust verða kaflarnir sterkari og litasamsetningarnar djarfari. Köflótt mynstur er ekki einskorðað við skyrtur eða pils í haust. Í haust- og vetrarlínum margra tískuhúsa mátti sjá jakka, buxur og ýmsa fylgihluti með köflum.

Þrátt fyrir að litasamsetningar köflótta efnisins séu djarfari í haust þá hafa tískusérfræðingar sagt að nú sé ekki rétti tíminn til að velja frumlega liti með köflótta efninu. Betra er að halda sig við litapallettu efnisins. Hlutlausir og brúnir litir fara til dæmis vel við rjómagulan og beinhvítan, rauðir og svartir kaflar passa við svartan, rauðan eða hvítan og grænt og blátt gæti verið gott til að tóna niður með gráum eða svörtum.

*- mmf*



Chanel-tískuhúsið sýndi svartan- og gráköflóttan jakka á haust- og vetrarsýningu sinni í París í vor. NORDICPHOTOS/GETTY

Mikið fór fyrir köflóttu mynstri á haust- og vetrarsýningu Jean-Charles de Castelbajac í vor. Hægt er að klæðast köflóttu frá toppi til táar og bera stóra tösku í stíl.

Köflótt efni er ekki einskorðað við skyrtur eða pils, heldur einnig jakka og ýmsa fylgihluti, eins og sást á haustsýningu Raffaella Curiel nú í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY



Haustlegur jakki Agnes B með köflóttu mynstri úr haustlínu hennar. Hönnuðurinn heldur sig við litapallettu hins köflótta efnis og velur ekki djarfar samsetningar. NORDICPHOTOS/GETTY


## ÚTSALAN Á FULLU, ALLT Á AÐ SELJAST.

**Haustið nálgast kuldinn bítur Úff, Úff.**

**Dúnkápur/vattkápur 50% afsl. o.m.fl.**

TOPPVÖRUR TOPPÞJÓNUSTA

NÆG BÍLASTÆÐI

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16





**Keramik fyrir alla.**
**10% afsláttur í ágúst og september gegn framvísun miðans.**
**keramik@keramik.is**
**s: 552 2882**





## FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

Aðeins 2 verð á útsöluvörum
1.990 - 2.990

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • ÁGÚST 2011



## VICKY

MÝKRI LÖG Á NÝRRI PLÖTU

## BJÖRK

GEFUR ÚT RÁNDÝRT BOX FYRIR SAFNARA





# LIFÐU AF Í SEPTEMBER

**FARÐU Í BÍÓ** Það er farið að dimma og ekki er langt í að gamli góði skítakuldinn bætist við. Þá er eina vitið að loka sig inni eða skella sér í bíó. Í september hefst RIFF-hátíðin og þar er ýmislegt djúsí að finna. Til dæmis í tónlistarflokki hátíðarinnar. Þar má nefna Scenes From The Suburbs eftir Spike Jonze sem byggir á plötu Arcade Fire, The Suburbs. Ætti að vera skothelt.



**HLUSTAÐU** Nýja platan hans Snorra Helga fær afar góðar viðtökur og óhætt er að mæla með að fólk tékki á henni. Stjörnurnar fimm í Fréttatímanum voru kannski aðeins of margar en Winter Sun er engu að síður ein af betri plötum ársins til þessa.

**FARÐU ÚT** Allir vita að maður á að vera á Íslandi á sumrin, einfaldlega af því það er skásti tíminn hérna. Allir ættu jafnframt að vita að haustin eru besti tíminn til að ferðast og leika sér. September er einn besti mánuðurinn til að skella sér í borgarferð, skoða sig um og sleppa sér aðeins í búðunum. New York er auðvitað besta borg alheimsins og ekki skemmir fyrir að þar er enn sumarveður fram í október.



## SPILA 24 SINNUM Á 24 DÖGUM

„Þetta verða 24 tónleikar á 24 dögum í 24 borgum í ellefu löndum," segir Björgvin Sigurðsson, söngvari og gítarleikari Skálmaldar.

Víkingarokksveitin kröftuga er á leiðinni í stóra tónleikaferð um Evrópu í lok september ásamt Finntroll, Wintersun og fleiri kunnum sveitum úr sömu senu. „Þetta verður keppnistúr. Þetta verður ekkert frí," segir Björgvin. „Við förum í litla tónleikaferð í sumar um Ísland og Færeyjar með Hamferð. Svo förum við á Wacken-hátíðina í ágúst og í þriggja daga ferð til Svíþjóðar í byrjun desember en þetta er fyrsti alvöru túrinn," segir hann spenntur.

Tónleikaferðin kallast Heidenfest og er þetta þriðja árið í röð sem hún er farin. „Þessi ferð er skipulögð af fyrirtæki sem er með nokkur mini-festivöl á sínum snærum. Við þurfum voða lítið að gera nema að vera í rútunni þegar hún leggur af stað. Það er allt mjög „professional" í kringum þetta." Flestir tónleikarnir verða í Þýskalandi og flestir verða þeir í höllum sem taka um 1.500 áhorfendur.



**KEPPNISTÚR** Rokkararnir í Skálmöld eru á leiðinni í tónleikaferð um Evrópu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Plata Skálmaldar, Baldur, var nýverið gefin út erlendis og hefur hún undantekningalítið fengið góða dóma. Þar má nefna 7 af 10 mögulegum hjá hinu þekkta tímariti Metal Hammer og 4 af 5 á síðunni Metalcrypt.com. *- fb*

**POPP** er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.
**Ritstjóri:** Atli Fannar Bjarkason
atlifannar@frettabladid.is
**Útlitshönnun:** Arnór Bogason
**Sölustjóri auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson
benediktj@365.is • sími 512 5411
**Útgefandi:** 365 hf.












**BJÖRK** Biophilia er sjöunda hljóðversplata Bjarkar á enskri tungu.

### BIOPHILIA-BOX BJARKAR KOSTAR HÁTT Í HUNDRAÐ ÞÚSUND KRÓNUR

# GLAÐNINGUR FYRIR RÍKA AÐDÁENDUR

Á heimasíðu Bjarkar Guðmundsdóttur, Bjork.com, var á dögunum auglýst viðamikið Biophilia-box í tilefni af útgáfu samnefndrar plötu hennar. Þrátt fyrir að kosta hátt í eitt hundrað þúsund krónur er boxið nú þegar uppselt en það var gefið út í tvö hundruð númeruðum eintökum. Ljóst er að eingöngu alhörðustu aðdáendur söngkonunnar með mikið fé á milli handanna tryggðu sér eintak og er það væntanlegt til þeirra í pósti í lok september.

„Þetta er gefið út í mjög takmörkuðu upplagi," segir Ásmundur Jónsson í Smekkleysu, sem gefur út plötur Bjarkar hér á landi. Spurður hvort þetta sé dýrasta varan sem Björk hafi sent frá sér telur hann svo vera. „En það hafa oft verið hlutir á eBay sem tengjast henni á einhvern hátt sem hafa verið seldir á hærra verði."

Biophilia hefur verið lýst sem heimsins fyrstu app-plötunni. Fyrir peninginn sem boxið kostar myndu sumir ætla að iPad-græja fylgdi með í kaupunum en svo er ekki. Fyrir 500 pund, eða um 93 þúsund krónur, fá kaupendur sendan heim til sín forláta viðarkassa með 48 blaðsíðna safaríkum Biophilia-bæklingi og tíu krómuðum tónkvíslum í tíu mismundandi litum. Hver tónkvísl um sig hefur verið gerð sérstaklega fyrir hvert lag á plötunni en þau eru tíu talsins. Að sjálfsögðu fylgir Biophilia-platan einnig með í kaupunum ásamt upptöku frá nýlegum tónleikum Bjarkar á listahátíðinni í Manchester.



**BIOPHILIA** Tíu krómaðar tónkvíslir í tíu mismunandi litum fylgja með boxinu.

**LÖGIN Á BIOPHILIA:**

- MOON
- THUNDERBOLT
- CRYSTALLINE
- COSMOGONY
- DARK MATTER
- HOLLOW
- VIRUS
- SACRIFICE
- MUTUAL CORE
- SOLSTICE

Biophilia-boxið er eins og gefur að skilja eitt það dýrasta sem gefið hefur verið út og líklega það dýrasta sem ekki er safnbox með öllum plötum flytjanda. Þýsku rokkararnir í Rammstein eru ekki hálfdrættingar á við Björk því óvenjuleg útgáfa plötu þeirra, Liebe Ist Fur Alle Da, kostaði um 45 þúsund krónur. Auk viðhafnarútgáfu af plötunni sjálfri voru í boxinu sex kynlífsleikföng og hvert og eitt þeirra var sérmerkt einum meðlimi bandsins.

Dýrar endurútgáfur eru einnig vinsælar um þessar mundir, þar á meðal Nevermind-plata Nirvana sem kom fyrst út fyrir tuttugu árum. Super Deluxe-útgáfa plötunnar kostar þó „aðeins" um fimmtán þúsund krónur sem eru smáaurar miðað við Biophilia-boxið.

*freyr@frettabladid.is*


Fender
YAMAHA
t.c. electronic
SHURE
behringer
M-AUDIO
VOX
Peavey
PreSonus
Taylor
Quality Guitars
Takamine
Washburn
Ibanez
ERNIE BALL
MUSIC MAN
Pearl
TAMA
PAiSTe
Zildjian
KORG
YAMAHA
Glæsilegt úrval – Topp vörumerki
í stærstu hljóðfæraverslun landsins
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
TÓNABÚÐIN
Síðumúla 20 ▪ Reykjavík ▪ www.hljodfaerahusid.is
Sunnuhlíð 12 ▪ Akureyri ▪ www.tonabudin.is

# NÝJA HLJÓMPLATAN ER ÞÆGA YNGRA BARNIÐ

**Rokkhljómsveitin Vicky gefur út aðra breiðskífu sína, Cast a Light, á næstu dögum. Þau segja nýju lögin í senn poppaðri, vandaðri og höfða betur til stúlkna.**

**Orð:** Hallfríður Þóra Tryggvadóttir
**Myndir:** Valgarður Gíslason

Það þykir óvenjulegt að meirihluti rokkhljómsveitar sé skipaður kvenfólki. Vicky fellur undir þann hóp og er oft á tíðum kölluð stúlknarokkhljómsveit en hana skipa Ástrós Ósk Jónsdóttir bassaleikari, Eygló Scheving Sigurðardóttir söngkona, Karlotta Laufey Halldórsdóttir gítarleikari og loks sveitadrengurinn Orri Guðmundsson, sem slær taktinn fyrir stúlkurnar.

„Hún varð til alveg óvart. Ég, Karlotta og Ástrós vorum saman í annarri hljómsveit. Það var ekki fyrr en Orri og Eyrún, fyrrverandi gítarleikarinn okkar, komu í heimsókn í æfingahúsnæðið okkar að Vicky varð til. Eyrún byrjaði að spila á gítarinn minn og Orri að tromma. Ég hóf að syngja með og eftir tveggja tíma samspil var fyrsta lagið okkar orðið til,“ segir Eygló um stofnun hljómsveitarinnar.

Þetta var haustið 2006 og að ári liðnu léku þau á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves. Fyrrverandi umboðsmaður þeirra uppgötvaði þau á tónleikum á skemmtistaðnum Amsterdam og fóru hjólin að snúast eftir það. Brátt var hljómsveitin flogin til Peking þar sem hún lék á stærstu rokktónlistarhátíð Kína, Midi Music Festival, og skömmu síðar lögðu þau upp í tónleikaferð um Bandaríkin. Fyrsta breiðskífa hljómsveitarinnar, Pull Hard, kom út haustið 2008 og fékk góðar undirtektir. Svo góðar að lagið Blizzard rataði í sjöunda sæti á lista útvarpsstöðvarinnar X-ins 977 yfir bestu lög ársins 2008.

Að þremur árum liðnum hafa þau leikið á tónleikum víða um heiminn, þar á meðal á Canadian Music Week og tvívegis á tónlistarhátíð í St. Louis í Bandaríkjunum. Eygló segir þau ekki hafa kunnað að fylgja frumrauninni réttilega eftir. „Í upphafi fengum við allt örlítið upp í hendurnar vegna fyrrum umboðsmannsins okkar. Við áttuðum okkur ekki á því að best væri að gefa út aðra plötu strax,“ segir hún og getur þess að þegar þau loks ákváðu að vinna að nýju efni hafi það orðið til á augabragði. Vinna við nýju hljómplötuna hófst fyrir alvöru í mars og eftir rúman mánuð voru lögin tilbúin til hljóðritunar. Hélt hljómsveitin vestur í Önundarfjörð með Bandaríkjamanninum Jason Allen, sem stýrði upptökunum. „Við höfum farið þrisvar í tónleikaferð um Bandaríkin og kynntumst Jason, sem rekur hljóðverið Blasting Room, í einni þeirra. Við buðum honum að taka upp plötuna með okkur, sem hann þáði og hljóðblandaði lögin vestanhafs,“ segir Orri.

Eyrún, fyrrverandi gítarleikari þeirra, sagði skilið við hljómsveitina í vetur og fylgdu því ýmsar breytingar. „Við ákváðum að vera fjögur í stað þess að fá nýja manneskju. Aðallega því við erum svo mikil heild og miklir vinir,“ segir Eygló og í sameiningu lýsa þau yfir að hljómsveitin eyði eiginlega of miklum tíma saman og sé jafn náin og fjölskylda. Orri bætir við í sömu mund: „Nýr hljómsveitarmeðlimur þyrfti að smellpassa inn í hópinn til að þetta myndi ganga.“

Skömmu eftir útgáfu breiðskífunnar Pull Hard skilgreindi tónlistarvefmiðillinn Pitchfork Media tónlistarstefnu hljómsveitarinnar sem popp-metal. Nokkur breyting hefur orðið á stefnu hljómsveitarinnar með nýju lögunum, sem þykja heldur poppaðri. „Þetta fylgir því að hafa aðeins einn gítarleikara, platan varð sjálfkrafa poppaðri. Við stilltum heldur ekki magnarana upp úr öllu valdi á æfingum. Þess í



**HREMMINGAR Í KÍNA** Textar Vicky voru ritskoðaðir og lögregla gætti þess að allt færi frægu ummæli Bjarkar „Free Tibet“.







Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# skólar og námskeið

FIMMTUDAGUR 25. ÁGÚST 2011




NORDICPHOTOS/GETTY



# Fjarnámskeið í ljósmyndun

**Lærðu öll undirstöðuatriðin í ljósmyndun**

Myndavélin - myndatökur
tölvuvinnsla - Photoshop
RAW vinnsla - stúdíómyndataka
myndasala - góð ráð
vandamál & lausnir - ofl.

- Þú ræður hraðanum. Einfalt og þægilegt.
- Þú hefur aðgang að námsefninu í 365 daga.
- Nýju námsefni bætt inn í hverjum mánuði.

Árgjaldið er núna á tilboði aðeins **9.900** kr. til 3. sept.
(fullt verð er 14.900 kr.)

**Skráning á www.fjarnamskeid.is**



NÁMSKEIÐ FYRIR VERÐANDI BYGGINGASTJÓRA - 3. SEPTEMBER

# Ábyrgð byggingastjóra

**Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla þá sem ætla sér að starfa sem byggingarstjórar og stýra byggingaframkvæmdum í samræmi við samþykktir, lög og reglur.**

Fjallað er um byggingarleyfi og önnur samskipti sem byggingarstjóri þarf að eiga við byggingayfirvöld. Farið yfir hlutverk byggingarstjóra við verkframkvæmdir og meðhöndlun uppdrátta, lög, reglugerðir, tryggingar og tryggingaslit. Kynnt gildi og framkvæmd úttekta, s.s. áfanga-, fokheldis, stöðu- og lokaúttektir.

Á námskeiðinu er kynnt og afhent Byggingarstjóramappa, en hún er vísir að gæðakerfi fyrir byggingarstjóra. Í nýjum mannvirkjalögum er gert ráð fyrir því að byggingarstjórar hafi gæðakerfi vegna starfa sinna. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Kennarar verða Magnús Sædal byggingarfulltrúi og Gunnar Pétursson lögfræðingur.

**Kennt verður í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs að Skúlatúni 2 í Reykjavík, laugardaginn 3. september frá kl. 9.00 – 16.30.**

**Skráning á www.idan.is og í síma 590 6400**

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - www.idan.is



Guðmundur Tyrfingsson ehf

**Skólaferðir - Óvissuferðir - Starfsmannaferðir**

Söguferðir Ratleikir Línudans



Gönguferðir Skólaferðir Hellaskoðun
Leikir og fjör

**Hvað langar ykkur að gera?**

Hafðu samband og við sérsníðum ferð fyrir þinn hóp.

**Guðmundur Tyrfingsson ehf**
**gt@gtbus.is www.gtbus.is**
**S. 482-1210**


# Betri hegðun barna, minni depurð og meiri félagsfærni

**Börn með hegðunarvanda, sem í þrjú ár fengu uppeldi samkvæmt aðferðum PMT-Foreldrafærni, sýndu betri framkomu, voru síður döpur og sýndu meiri félagsfærni en önnur börn sem áttu í sömu erfiðleikum og fengu þá þjónustu sem sveitarfélögin almennt veita.**



**„Í stuttu máli sagt komu börnin sem fóru í gegnum meðferð PMT-Foreldrafærni marktækt betur út en samanburðarhópurinn,“ segir Margrét.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er úrræði til að meðhöndla hegðunarvandamál barna,“ byrjar Margrét Sigmarsdóttir sálfræðingur, spurð hvað PMT-Foreldrafærni sé. Hún opinberaði nýlega fyrstu niðurstöður úr stórri rannsókn á árangri þessa úrræðis hér á landi og sýna þær að hann er verulegur. Börn sem höfðu fengið meðhöndlun samkvæmt aðferðum sem þar er beitt sýndu betri hegðun, voru síður döpur og höfðu aukið félagsfærni sína verulega á rannsóknartímanum sem var þrjú ár. Þau höfðu þar yfirburði miðað við samanburðarhóp sem hafði notið þjónustu fagfólks sveitarfélaganna og hafði einnig tekið framförum.

PMT stendur fyrir Parents Management Training og er bandarískt meðferðarform sem breiðst hefur út um heiminn. Hafnarfjörður innleiddi verkefnið hér á landi árið 2000. Fleiri sveitarfélög hafa tileinkað sér það og er Akureyri þar framarlega. Margrét er verkefnisstjóri þess hér á landi og vinnur að doktorsritgerð um árangurinn. „Okkur fannst við ekki geta setið með hendur í skauti og beðið eftir að ráðamenn tækju ákvörðun um markviss viðbrögð við þessum hópi. Þess vegna fórum við af stað,“ segir hún.

„Rannsóknin tók til 102 fjölskyldna sem höfðu leitað eftir hjálp vegna hegðunarvanda barna. Hún fór af stað 2007. Þá var gerð mæling á vissum hlutum, eins og félagsfærni, hegðun og þunglyndiseinkennum barnanna og færni foreldra. Í framhaldinu var rannsóknarhópnum skipt í tvennt og óháður aðili dró út hvaða fjölskyldur fengju PMT-meðferð og hverjar fengju þá þjónustu sem sveitarfélögin bjóða, sem er dálítið mismunandi. Alger tilviljun réði í hvorum hópnum hver fjölskylda lenti. Í hópnum sem fékk PMT-meðferðina voru 28 stúlkur og 74 drengir, 20 voru í leikskóla og 80 í grunnskóla. Öll sýndu hegðunarfrávik. Í stuttu máli sagt komu börnin sem fóru í gegnum PMT-Foreldrafærni-meðferðina marktækt betur út en samanburðarhópurinn. Einkum jókst félagsfærni þeirra mikið, bæði að mati foreldra og kennara.“




**Línur sem sýna framfarir í félagsfærni hjá samanburðarhópunum tveimur.**

Margrét segir hegðunarvanda vera algengustu ástæðu þess að börnum er vísað til sérfræðinga. „Auðvitað óhlýðnast öll börn einhvern tíma en þegar þau fara yfir öll mörk og ástandið verður viðvarandi getur það þróast út í að verða eitt stærsta vandamál samfélagsins,“ segir hún og hefur áhyggjur af mikilli lyfjanotkun íslenskra barna. Hún er líka gagnrýnin á of mikla áherslu á greiningar á vanda barna og segir mikilvægt að fjármagni sé varið í úrræði til að meðhöndla vandann. *gun@frettabladid.is*

# Skólahúsnæði vígt í Hvalfjarðarsveit

Nýtt skólahúsnæði grunnskólasviðs sameinaðs grunn- og leikskóla Hvalfjarðarsveitar var vígt á þriðjudag. „Þetta var bæði vígsla og skólasetning nýs sameinaðs leik- og grunnskóla í Hvalfjarðarsveit. Hann er svo nýr að hann er ekki einu sinni búinn að fá nafn,“ segir Ingibjörg Hannesdóttir, skólastjóri hins nýja skóla, sem tók við störfum í byrjun júní. „Við athöfnina færðu svo börn úr gömlu skólunum sem sameinuðust skólanum táknræna gjöf. Annars vegar frá Heiðarskóla og hins vegar Skýjaborg. Þeirra innslag var frábært.“

Hvaða áhrif mun sameiningin hafa? „Hjá sveitarfélaginu er hún ekki hugsuð sem niðurskurður eða sparnaður heldur sem faglegur ávinningur vegna fámennis,“ útskýrir Ingibjörg og bætir við að nýtt skipurit hafi verið unnið sem snýst um að færa stjórnunarfjármagnið í starfshópinn. „Í raun fer það stjórnunarfjármagn sem sparast aftur inn í skólastarfið.“



**Nýja skólahúsnæðið hýsir grunnskólasvið sameinaðs grunn- og leikskóla Hvalfjarðarsveitar.** MYND/ARNÞÓR BIRKISSON

Ingibjörg segir að lögð sé áhersla á samfellu milli skólastiga. „Við viljum nýta þessa aðstöðu bæði sem leik- og grunnskóla,“ segir Ingibjörg og tekur fram að sér finnist yfirvöld á svæðinu setja börnin í forgang. *- mmf*

MÍMIR
símenntun

FULLT AF SKEMMTILEGUM NÁMSKEIÐUM Á

# HAUSTÖNN 2011

TUNGUMÁL

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

MENNING

GAGN OG GAMAN

MYNDLIST

HANDVERK OG HÖNNUN

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ

**Skráning stendur yfir í síma 580 1808 og á mimir.is**

Mímir-símenntun • Ofanleiti 2 • 103 Reykjavík



**Tæknifræði** (BSc)
Hagnýtt háskólanám í tæknifræði
www.keilir.net/kit



**Flugakademía**
Einkaflugmannsnám og atvinnuflugmannsnám
www.keilir.net/flug

**Hefst 5. september**

Hagstætt verð á leiguíbúðum á Ásbrú og
fríar rútuferðir milli Ásbrúar og Reykjavíkur

Nánari upplýsingar á: **www.keilir.net**

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

Söngskólinn í Reykjavík

**INNRITUN** í allar deildir stendur yfir •
**INNTÖKUPRÓF** fara fram 23-26. ágúst •

• **Unglingadeild yngri** *11-13 ára*
• **Unglingadeild eldri** *14 -15 ára*
• **Almenn tónlistardeild** *Grunn-/Mið-/Framhaldsnám*
• **Háskóladeild** *Einsöngs-/Söngkennaranám*

• www.songskolinn.is
Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans að Snorrabraut 54, sími 552-7366 kl. 10-16 alla virka daga




Óreiðukennt umhverfi getur hindrað að árangur heimalærdóms verði sem skyldi.



Sniðugt er að hafa ílát undir skriffæri glær. Bæði virðist umhverfið þá stærra og auðvelt er að sjá hvað leynist í ílátunum.

# Röð og regla í vetur

**Það getur gert gæfumuninn fyrir námsárangurinn að hafa námsgögn tiltæk á sínum stað, í snyrtilegu umhverfi heima fyrir og svo á réttum stað í skólatöskunni. Gott er að skipuleggja sig vel í byrjun hausts og koma sér upp ákveðnum vanaverkum.**



Þeir sem vilja ekki fjárfesta í sérstökum skriffærahirslum geta notast við krukkur, blómapotta og bakka sem til eru á heimilinu.

**SKÓLATASKAN:**

■ Til að námsbækurnar skemmist ekki og þær séu örugglega í skólatöskunni þegar á þarf að halda, sem og önnur námsgögn, er mjög mikilvægt að taka daglega til í töskunni. Gott er að gera ráð fyrir ákveðinni stund á hverjum degi til að fara yfir töskuna, henda nestisumbúðum og þvo ef þarf. Um leið er hægt að raða í hana öllu sem þarf að vera til staðar fyrir kennslustundir næsta dags.

■ Á sama hátt er gott að taka íþróttadót og slíkt til að kvöldi.

■ Öðru hverju er gott að tæma alveg töskurnar og hrista úr þeim úti á svölum og þvo ef það má og þarf.

■ Gott er að nota tösku sem hefur nokkur hólf fyrir minni hluti og er ekki eins og allar hinar töskurnar. Sumir eru með svartar töskur sem týnast auðveldlega og því er gott að skreyta töskuna einfaldlega með skærlitum límmiða eða binda litsterkan borða á haldið.



**SKRIFBORÐIÐ HEIMA:**

■ Þar sem heimanáminu er sinnt, hvort sem er á sérstöku skrifborði eða við borðstofuborð, skulu öll gögn alltaf vera tiltæk.

■ Ef lært er við borðstofuborð er gott að koma sér upp sérstakri skúffu eða hillu þar sem dótið er geymt í röð og reglu á meðan borðið er notað til annarra hluta. Penna, liti og önnur skriffæri er gott að geyma í krukkum eða öðrum ílátum. Oft er gott að hafa þau glær til að sjá nákvæmlega útlit pennanna og blýantanna og hvort strokleður leynist á botninum.

■ Á borðplötunni sjálfri er þó ekki gott að geyma of mikið af dóti, heldur einungis verkfærin, og hafa þau þá í góðum ílátum sem taka lítið pláss. Almennt er gott að lærdómsumhverfið sé snyrtilegt.

■ Í skúffum, svo sem undir borðplötunni, er betra að geyma pappíra, blöð, plastumslög undir verkefni og annað sem gott er að grípa til.

■ Ekki þarf að kaupa dýr ílát, sultukrukkur eru til dæmis fyrirtaksílát. Síðast en ekki síst skiptir miklu máli að stóllinn sé góður og á borðinu sé vinnulampi.



**ÖNNUR GÓÐ RÁÐ FYRIR ÁRANGURSRÍKAN NÁMSVETUR:**

■ Finndu út hvaða aðstæður henta þér best fyrir heimalærdóminn. Sumir læra betur við undirleik tónlistar en aðrir þurfa frið og ró.

■ Lestu stundum upphátt og reyndu að sjá mikilvæg atriði í námsbókunum fyrir þér á myndrænan hátt. Notaðu liti og merkingar sem henta þér til að muna hlutina betur.

■ Fáðu nægan svefn og borðaðu reglulega.

HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100%
HÁGÆÐA
MYSUPRÓTEIN

PRÓTEINDRYKKURINN SEM
ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF

NÚ EINNIG MEÐ KÓKOS OG SÚKKULAÐI




HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á
HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU,
LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVILJUN AÐ
HLEÐSLA ER EINN VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI.
HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSYKURSÓÞOL.

MJÓLKURSAMSALAN

WWW.MS.IS

ÍSLENSKA SIA.IS MSA 55956 08/11









Linda D. Ólafsdóttir á vinnustofu sinni þar sem hún skapar litrík ævintýr barna í hefðbundnum teiknistíl og þar sem handbragð listamannsins nýtur sín hvað best. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Útilokað að plata krakka

**Í dag opnar sýningin Leikandi lestrarhestar í Ráðhúsinu. Þar má sjá myndskreytingar Lindu D. Ólafsdóttur úr Lestrarlandinu, nýútkominni lestrarbók Námsgagnastofnunar sem kennd verður fyrstu bekkjum grunnskóla landsins í vetur.**




Myndirnar vann Linda með akríl-, tré- og olíulitum. Á sýningunni í Ráðhúsinu má sjá áhugavert sköpunarferli myndanna og hvernig Linda vann þær stig frá stigi.

„Það er mikill heiður að fá að skapa myndir í lestrarkennslubók komandi kynslóða. Áhugi minn á myndskreytingum kviknaði þegar ég sjálf lærði að lesa og lá yfir myndunum í Við lesum, á milli þess sem ég klóraði mig fram úr orðunum,“ segir Linda sem var farin að teikna um leið og hún hafði vald á blaði og blýanti og stefndi barnung að því að starfa við myndskreytingar.

„Í hverjum bekk er ávallt einn teiknari og ég var hann. Kennarinn lét okkur myndskreyta skólaljóðin og ég hafði strax mikinn metnað í því. Þá fékk ég mikla hvatningu frá foreldrum mínum og endalausir staflar blaða og lita til taks heima. Það skiptir miklu fyrir þá sem langar að verða betri í teikningu; að æfa sig oft og teikna það sem er í kringum þá hverju sinni,“ segir Linda sem man eftir sér átta ára á myndlistarnámskeiði barna í MHÍ.

„Í dag sé ég hvað mamma lagði mikið á sig til að ég kæmist í það sem mér þótti skemmtilegast, en hún taldi aldrei eftir sér að dröslast með mig og litlu tvíburasystkini mín í strætó eldsnemma á morgnana til að koma mér á námskeiðið,“ segir Linda þakklát.

Linda útskrifaðist með BFA-gráðu frá Listaháskóla Íslands 2001 og MFA-gráðu í myndskreytingum frá Academy of Art University í San Francisco 2009.

„Ég nýt þess að myndskreyta barnabækur því ég hef svo gaman af fallegum sögum og að sjá þær myndrænt fyrir mér. Myndskreytingar barnabóka eru ekki síður fyrir fullorðna, því foreldrar eru líka gagnrýnendur þegar þeir lesa með börnum sínum. Á sama tíma þurfa myndskreytingar fyrir börn að vera raunsæjar og útilokað að plata þau. Þau rýna í minnstu smáatriði og taka eftir því ef sögupersóna skiptir um sokk,“ segir Linda sem teiknaði 38 myndir í Lestrarlandið frá febrúar til júní.

„Ég naut þess láns að heimsækja skólabörn í Austurbæjarskóla, en af þeim tók ég myndir sem ég studdist við svo teikningarnar yrðu trúverðugri með raunverulegum stellingum barna, fatnaði og svipbrigðum við ólíkan starfa og leik. Hin raunverulegu börn eru þó ekki í bókinni en vissulega gæti einhver kannast við andlit sitt í sögupersónum.“

Sýningin opnar í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag og stendur til 4. september. *- þlg*

NORDPLUS

**Nordplus styrkir menntasamstarf og tungumálaverkefni**

Aukaumsóknarfrestur í Nordplus Sprog október 2011
Frestur fyrir undirbúningsheimsóknir í Nordplus Junior í október 2011

**www.nordplus.is**



Regnbogafuglinn fær fugla í mismunandi litum og stærðum til að leika saman.

# Börn læra um margbreytileika

**Sigrún Arna Elvarsdóttir hefur gefið út barnabókina Regnbogafuglinn. Bókin nýtist vel til þess að opna umræðu um margbreytileikann með börnum í leikskóla.**

Sigrún Arna hefur undanfarin fjögur ár starfað sem sérkennslustjóri á leikskólanum Sólborg á Ísafirði. Hún er nú nýflutt til Noregs þar sem hún mun vinna sem leikskólakennari auk þess sem hún vinnur að því að ljúka mastersritgerð sinni í sérkennslufræðum við Háskóla Íslands.



Sigrún Arna Elvarsdóttir

„Regnbogafuglinn var gæluverkefni sem ég vann meðfram mastersnámi mínu," segir Sigrún Arna. Hugmyndin að bókinni vaknaði í leikskólanum. „Ég var að vinna með nokkrum drengjum og vantaði sögu sem fjallaði um að við værum öll ólík og hefðum ólíka hæfileika en gætum öll verið vinir og leikið saman. Ég fann enga bók á bókasafni leikskólans og settist því niður og skrifaði þessa sögu," segir hún en söguna hélt hún áfram að þróa á námskeiði í háskólanum. „Þá las ég hana fyrir börnin í leikskólanum. Út frá því urðu til umræðupunktar sem finna má á hverri síðu í bókinni."

Sigrún Arna hlaut styrk úr Þróunarsjóði námsgagna til að ljúka við bókina. Hún fór þá á fésbók og komst þar í samband við Jelenu Jóhannsson sem býr á Ísafirði og hún tók að sér að teikna myndir í bókina.

Sigrún Arna segist hafa fengið mjög góð viðbrögð við bókinni. Hún hafi til að mynda kynnt hana fyrir leikskólastjóranum í Noregi sem strax hafi keypt tvær bækur á íslensku.

Innt eftir efni mastersverkefni hennar segir Sigrún Arna það einnig tengjast starfi sínu í leikskólanum. „Ritgerðin fjallar um skóla án aðgreiningar á leikskóla.



Ég breytti starfsháttum mínum þannig að ég hætti að taka börn út af deildum í einkatíma heldur vann ég alfarið að sérkennslu í hópavinnu. Það gekk rosalega vel og ég myndi ekki sinna sérkennslu á annan hátt í dag," segir hún glaðlega. - sg

# Inntökupróf að hefjast

Inntökupróf í Drengjakór Reykjavíkur verða í Hallgrímskirkju miðvikudaginn 31. ágúst. Þá er 9-11 ára drengjum boðið að koma í stutta prufu þar sem þeir syngja lag og tónskala og tónheyrn er prufuð.

Drengjakór Reykjavíkur var stofnaður árið 1990 og starfar í Hallgrímskirkju. Stjórnandi kórsins er Friðrik S. Kristinsson sem einnig stjórnar Karlakór Reykjavíkur. Í kórstarfinu felast æfingar tvisvar í viku. Þá er farið í kórferðalag innanlands annað hvert ár og kórferðalag til útlanda hitt árið. Æfingabúðir eru yfir eina helgi að hausti og vori og bæði jóla- og vortónleikar. Þá syngur kórinn við messu að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Drengirnir kynnast öflugu tónlistarstarfi og hefur það sýnt sig að margir fyrrverandi kórfélagar halda áfram tónlistarnámi.



Margir drengjanna halda áfram tónlistarnámi eftir að kórstarfinu sleppir.


Allir í dans
Kennsla hefst mánudaginn 5.sept.
ZUMBA
Zumba fitness 2x í viku. 8 vikna námskeið
Samkvæmisdansar
Barna- og unglingahópar
Hjóna- og keppnishópar
Byrjendur og framhald
Barnadansar
3. - 4. ára
Break - Freestyle
Barna- og unglingahópar.
Innritun á www.dih.is
sími: 565-4027 / 861-6522
kl. 13:00 - 19:00
Kennslustaðir:
Haukahraun 1 og Íþróttahús Setbergsskóla, 220 Hafnarf.





DÍH Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar
Haukahraun 1 - Hafnarfirði - www.dih.is

Domus vox – Söngskóli
Vetrarstarfið hefst 12. september
Innritun virka daga kl. 13:00 – 18:00 í síma 511 3737 · 861 7328 · 893 8060
Listhús raddarinnar
Allegro ma non troppo
Margrét J. Pálmadóttir
Skólastjóri






Einsöngsdeild for-, grunn- og miðnám · Cantabile kvennakór á ferð og flugi
Stúlknakór Reykjavíkur 6 - 8 ára · 9 - 12 ára · 13 - 15 ára · 16 - 25 ára
Vox feminae fullskipaður
NÝTT! Strákar kórskóli 6 - 8 ára og 9 - 12 ára · Karlmenn einkatímar og hóptímar
Domus vox
Laugavegur 116, 105 Reykjavík · sími 511 3737 · www.domusvox.is · domusvox@domusvox.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.





Meiri Vísir.
vísir

**● MARGIR KAUPA NEMAKORT** „Sala nemakortanna fer vel af stað, enda geta námsmenn sem nota strætisvagna reglulega sparað umtalsverðar fjárhæðir yfir veturinn með þeim. Nú þegar hafa yfir 2.000 námsmenn lagt inn pöntun," segir Júlía Þorvaldsdóttir, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs Strætó bs. Kort sem gildir eina önn kostar 11.000 krónur en fyrir allan veturinn 20.000.



Námsmenn í framhaldsskólum eða háskólum á höfuðborgarsvæðinu, með lögheimili í sveitarfélagi sem á aðild að Strætó bs., eiga kost á að kaupa nemakortið.

Hægt er að panta nemakort á vefsvæði Strætó, https://www.straeto.is.

**● ÁTTUNDA JAPANSKA RÆÐUKEPPNIN** Sendiráð Japans, í samvinnu við Hugvísindadeild Háskóla Íslands og Japan Foundation, mun standa fyrir árlegri japanskri ræðukeppni í áttunda sinn.



Keppnin verður haldin 10. september frá kl. 13.00 í Odda 101, Háskóla Íslands.

Þátttakendur keppninnar verða flestir námsmenn á háskólastigi. Keppnin er opin öllum em treysta sér til að halda um fimm mínútna ræðu á japönsku. Þátttakendum verður raðað niður í viðeigandi flokka af aðstandendum keppninnar.

Til að skrá sig í keppnina, er áhugasömum vinsamlegast bent á að senda tölvupóst til Sendiráðs Japans á Íslandi, á póstfangið japan@itn.is, til að fá sent umsóknareyðublað. Útfylltri umsókn skal svo skilað aftur til sendiráðsins fyrir 2. september.

Sigurvegarar í hverjum flokki fá verðlaun tengd Japan sem veitt eru af Japan Foundation.



Ásta Kristún Ragnarsdóttir stýrir Nemaforum.

**● NEMAFORUM Á NÝJUM STAÐ** Nemaforum hefur verið opnað á nýjum stað og er nú til húsa í Hafnarhvoli, Tryggvagötu 11 á fjórðu hæð. Fólkið að baki Nemaforum eru þau Ásta Kristrún Ragnarsdóttir námsráðgjafi og Valgeir Guðjónsson, tónlistarmaður og félagsráðgjafi.

Í Stofunni í Nemaforum, bjóða þau upp á námskeið í námstækni og áhugasviðsgreiningu. Fyrra námskeiðið þjálfar markvissar lestraraðferðir sem byggja á kerfi sem Ásta Kristrún hefur þróað en hið síðara byggir á NEMAcode-áhugasviðsgreiningu sem gefur skýra mynd af því hvaða námsleiðir og starfssvið eru vænlegar fyrir hvern og einn. Boðið er upp á námskeið fyrir fólk á öllum skólastigum.

Stofan er jafnframt til leigu fyrir smærri veislur, fundi og önnur mannamót enda er stofan hlýlegt menningarathvarf.

Nánari upplýsingar um Nemaforum og Stofuna er að finna á www.nemaforum.com.

**● MYNDAVÉLIN MUNDUÐ** Margir eiga í dag fínar og dýrar myndavélar. Fæstir kunna þó að nýta alla þá kosti sem í boði eru í svo flóknum vélum. Því hafa allir gott af því að fá fagmenn til að segja sér aðeins til. Á vefsíðunni ljosmyndari.is er til að mynda boðið upp á nokkur námskeið bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Námskeiðin eru haldin í Stangarhyl 7 en meðal námskeiða má nefna: Þriggja daga CANON ljósmyndanámskeið, photoshopnámskeið og fjarnámskeið í ljósmyndun á netinu.




# Er kominn tími til að gera eitthvað?

*Námskeið sem opna þér nýjar leiðir*

Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing

**Hringsjá býður úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.**

**Hringdu núna til að styðja söfnunina:**

903 1000 og þú gefur 1.000 kr.
903 3000 og þú gefur 3.000 kr.
903 4000 og þú gefur 4.000 kr.

Hjartans þakkir:

Fíton/SÍA


ÚTILÍF
ÚTIVISTAR
UTSALA
ENN MEIRI ÚTSALA
30-70% AFSLÁTTUR AF NORTH FACE FATNAÐI, JÖKKUM,
BUXUM, PEYSUM, BOLUM, SKYRTUM OG GÖNGUSKÓM.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS



HAM



ADHD

## > Í SPILARANUM

Ham - Svik, harmur og dauði
Ofvitarnir - Stephen Hawking - Steven Tyler
Vax - Greatest Hits
CSS - La Liberacion
ADHD - ADHD 2

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Airwaves á Akureyri

Akureyringar eiga gott kvöld í vændum á laugardaginn þegar forsvarsmenn Iceland Airwaves-tónlistarhátíðarinnar blása til tónleika í bænum.

Tónleikarnir verða á Græna hattinum og það verða Of Monsters And Men, skagfirska sveitin Contalgen Funeral og Ljósvaki sem troða upp. Húsið opnar klukkan 21 og það er ókeypis inn.

Í tilkynningu frá forsvarsmönnum Iceland Airwaves segir að tónlistarmenn og tónlistarunnendur á höfuðborgarsvæðinu horfi með öfundaraugum til Græna hattsins sem sé einn albesti tónleikastaður landsins. Staðurinn yrði eflaust nýttur á hátíðinni ef hann væri 300 kílómetrum nær miðbæ Reykjavíkur en raun ber vitni.



**OF MONSTERS AND MEN** Sigursveit Músíktilrauna árið 2010 er ein þeirra sveita sem troða upp á Græna hattinum á Airwaves-tónleikum á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## > PLATA VIKUNNAR

Pétur Ben & Eberg - Numbers Game

★★★★

„Samstarf tveggja af fremstu poppurum landsins veldur ekki vonbrigðum.“ - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Margar nýjungar á Airwaves*

Nú er runninn upp sá tími ársins þegar dagskrá Iceland Airwaves-hátíðarinnar er farin að skýrast og kominn tími til að kíkja á hvaða listamenn koma fram í þetta skiptið. Airwaves 2011 fer fram dagana 12.-16. október. Þetta er þrettánda hátíðin og önnur undir stjórn Gríms Atlasonar. Þegar maður kíkir á dagskrána sér maður strax að það eru margar nýjungar í ár.

Í fyrsta lagi hefur nýr tónleikastaður bæst við, Harpa. Það verður gaman að sjá hvernig hún kemur út á Airwaves. Í öðru lagi eru a.m.k. tvö stór alþjóðleg nöfn sem eru löngu búin að festa sig í sessi á hátíðinni í ár. Annars vegar Björk sem spilar í fyrsta sinn á Airwaves og hins vegar Yoko Ono Plastic Ono Band. Í þriðja lagi spilar Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn á Airwaves 2011, en 13. október mun hljómsveitin leika verk eftir Valgeir Sigurðsson, Daníel Bjarnason og Steve Reich.



**DRAUMAPOPP** Hljómsveitin Beach House spilar á Iceland Airwaves 2011.

Þegar maður skoðar dagskrána þá sér maður samt að þrátt fyrir þessar nýjungar þá verður hátíðin í ár, eins og undanfarin ár, fyrst og fremst hátíð grasrótarinnar. Flestar heitustu hljómsveitir Íslands munu spila á Airwaves 2011 og mikill fjöldi efnilegra erlendra listamanna. Ég þekki ekki öll þessi nöfn enn þá, en af þeim sem ég er búinn að kynna mér hlakka ég mikið til að sjá Baltimore-dúóið Beach House, Svíana í Dungen, kanadísku strákana í Karkwa og samlanda þeirra Owen Pallett, eistnesku spunasveitina Kreatiivmootor, japanska raf-poppbandið MI-GU, Bristol-sveitina Zun Zun Egui og Berlínarbandið Ter Haar. Sérstaklega er ég samt spenntur fyrir tUnE-yArDs. Hún er algjört möst.

John Grant, sem átti plötu ársins í fyrra að mati margra, kemur líka á Airwaves 2011, eins og nýstirnin í The Vaccines (með Íslendinginn Árna Árnason á bassa), gæðasveitin The Twilight Sad og finnsku snillingarnir í 22 Pistepirkko. Þeir síðastnefndu voru frábærir á Tveimur vinum 1991. Það lítur ekki út fyrir að Airwaves ætli að klikka í ár frekar en undanfarin ár!


## Jóa í Veghúsum

Svandís Dóra Einarsdóttir hefur verið viðloðandi leiklist frá því hún man eftir sér og leikið fjölda mismunandi hlutverka. Í vetur leikur hún Jóu í Veghúsum í verkinu Heimsljós.



FÖSTUDAGUR

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN




**Á TÓNLEIKUM** Red Hot Chili Peppers á tónleikum í Hollywood síðastliðinn mánudag. Tíunda hljóðversplata sveitarinnar er á leiðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kokhraustir án Frusciante

**Tíunda hljóðversplata Red Hot Chili Peppers kemur út á mánudaginn. Josh Klinghoffer hefur tekið við gítarleiknum af hinum óútreiknanlega John Frusciante.**

Fyrsta plata Red Hot Chili Peppers í fimm ár, I‘m With You, kemur út á mánudaginn.

Eftir tveggja ára hlé þar sem Flea stundaði tónlistarnám í Kaliforníu og Kiedis einbeitti sér að nýfæddum syni sínum, hófust upptökur í september í fyrra með Rick Rubin við stjórnvölinn.

I´m With You er fyrsta plata Kaliforníu-fönkaranna í fimmtán ár án gítarleikarans óútreiknanlega Johns Frusciante, sem ákvað að segja skilið við bandið í annað sinn. Margir óttast að það sama gerist nú og gerðist síðast þegar Frusciante hætti. Þá gaf út sveitin út hina misheppnuðu One Hot Minute með Dave Navarro á gítarnum en miðað við smáskífulagið The Adventures of Rain Dance

> **5** Josh Klinghoffer var fimm ára þegar fyrsta plata Red Hot Chili Peppers kom út.

og fleiri lög þurfa aðdáendur Chili Peppers ekkert að óttast. Tónlistin hefur lítið breyst og þrátt fyrir að Frusciante hafi átt stóran þátt í vinsældum sveitarinnar virðist hinn ungi Josh Klinghoffer hafa það sem til þarf.

I´m With You er tíunda hljóðversplata Red Hot Chili Peppers. Hljómsveitin var stofnuð 1983 af Anthony Kiedis, gítarleikaranum Hillel Slovak (sem lést úr ofneyslu heróíns 1988), Flea og trommaranum Jack Irons. Fyrsta platan, samnefnd sveitinni, kom út 1984. Þrátt fyrir að hún hafi ekki selst vel fékk hún ágæta spilun í bandaríska háskólaútvarpinu. Næsta plata, Freaky Styley, gerði lítið til að auka vinsældir strákanna en sú næsta, The Uplift Mofo Party Plan, varð sú fyrsta til að ná inn á vinsældalista. Fjórða platan Mothers Milk, með nýliðann Frusciante um borð, vakti enn meiri athygli á sveitinni, enda var lögð meiri áhersla á melódíur en taktfast fönkið. Eftir útgáfu Blood Sugar Sex Magik 1991 fóru hjól piparsveinanna að snúast fyrir alvöru og Kiedes og félagar öðluðust heimsfrægð með lögunum Under the Bridge og Give It Away. Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeim tuttugu árum sem eru liðin síðan þá. Chili Peppers hefur selt yfir sextíu milljónir platna, unnið sex Grammy-verðlaun og ekki sér fyrir endann á vinsældunum þrátt fyrir brotthvarf Frusciante.

En hvernig hljómar svo nýja platan? Aðdáendur sveitarinnar, sem hafa getað hlustað á plötuna á heimasíðu sveitarinnar síðustu daga, virðast nokkuð sáttir. Ráða má af viðbrögðum þeirra að I´m With You sé stútfull af flottum lögum þó platan sé alls ekki gallalaus. Stóru tónlistarblöðin Uncut og Q virðast sama sinnis. Hvort um sig gefur plötunni þrjár stjörnur af fimm mögulegum.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 18. - 24. ágúst 2011

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Of Monsters And Men | Little Talks |
| ▲ | 2 | Coldplay | Every Teardrop Is A Waterfall |
| ▲ | 3 | Adele | Set Fire To The Rain |
| ✱ | 4 | Páll Óskar | La Dolce Vita |
| ▼ | 5 | Bubbi Morthens | Háskaleikur |
| ▲ | 6 | Mugison | Stingum af |
| ▲ | 7 | Jón Jónsson | Wanna Get It |
| ▲ | 8 | Foster The People | Pumped Up Kicks |
| ▲ | 9 | Pétur Ben & Eberg | Over And Over |
| ▼ | 10 | Steindi JR / Bent / Matti Matt | Gull af mönnum |

## TÓNLISTINN

Vikuna 18. - 24. ágúst 2011

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Helgi Björns & reiðmenn... | Ég vil fara uppí sveit |
| ▶ | 2 | Gus Gus | Arabian Horse |
| ▶ | 3 | Steindinn okkar | Án djóks ... samt djók |
| ▶ | 4 | Bubbi | Ég trúi á þig |
| ▲ | 5 | Björgvin & Hjartagosarnir | Leiðin heim |
| ▼ | 6 | Jón Jónsson | Wait For Fate |
| ▲ | 7 | Björk | Gling gló |
| ▼ | 8 | Rökkurró | Í annan heim |
| ▼ | 9 | Valdimar | Undraland |
| ✱ | 10 | Snorri Helgason | Winter Sun |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

heilir

# Sturtuklefar

## Hert öryggisgler allan hringinn • Sturtusett fylgir

**SUMAR TILBOÐ!**







Heill, lokaður hornlisti

til afgreiðslu af lager

Lausar hlífar framan á botni

RÚNNAÐUR STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90

Lausar hlífar framan á botni

KANTAÐUR STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90

Vottun: CE ISO 9001

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

> STILLER FÆR CHAPLIN

Ben Stiller fær hin virtu Charlie Chaplin-verðlaun Bafta-samtakanna í Los Angeles. Þetta var tilkynnt á þriðjudag. Verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn 30. nóvember.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Banderas snýr aftur til Almodóvars

Eftir mögur ár í Hollywood hefur Antonio Banderas snúið aftur í arma spænska leikstjórans Pedros Almodóvar því kvikmyndin La piel que habito er fyrsta kvikmynd þeirra tveggja í 21 ár. Myndin var frumsýnd í Cannes fyrr á þessu ári og fékk afbragðsgóða dóma.

Almodóvar reynir sig við vísindaskáldskap í fyrsta sinn en höfuðeinkenni hans eru aldrei langt undan. Myndin er byggð á skáldsögunni Tarantula eftir Thierry Jonquet og segir frá lýtalækninum Robert Ledgard sem segist hafa fundið upp fullkomið skinn. Hann tekur jafnframt fram að hann hafi eingöngu prófað skinnið á tilraunamúsum en það er ekki alveg sannleikanum samkvæmt.

Banderas hefur ekki átt sjö dagana sæla á hvíta tjaldinu í Hollywood og hefur helst alið manninn í arfaslökum B-myndum. Það er því ekkert skrýtið að hann skuli leita aftur á náðir Almodóvars en spænski kvikmyndarisinn á einna helst heiðurinn af glæstum ferli Banderas. Hann gaf leikaranum sitt fyrsta tækifæri í Laberinto de pasiones sem frumsýnd var 1982 og tveimur árum seinna var Banderas á allra vörum fyrir frammistöðu sína í La ley del deseo. Það var svo með kvikmyndunum Konur á barmi taugaáfalls og Bittu mig, elskaðu mig, báðar eftir Almodóvar, að Banderas fór vestur um haf til Hollywood.



**KOMINN HEIM** Antonio Banderas er kominn aftur heim og leikur að nýju undir stjórn Pedros Almodóvar í kvikmyndinni La piel que habito.

# Keppir á Spáni

Íslensku kvikmyndinni Á annan veg hefur verið boðið að keppa á San Sebastian-kvikmyndahátíðinni á Spáni. Leikstjóri er Hafsteinn Gunnar Sigurðsson en hátíðin fer fram 16.-24. september. Myndin keppir í New Directors Award-flokknum en hann er tileinkaður fyrstu eða annarri mynd leikstjóra. Til mikils er að vinna því fyrstu verðlaun eru 90 þúsund evrur sem skiptast jafnt á milli leikstjóra og spænskra dreifingaraðila.

Á annan veg fjallar um tvo vegavinnukarla á 9. áratug síðustu aldar sem vinna við afskekkta fjallvegi. Þeim kemur ákaflega illa saman til að byrja með en þegar lífið tekur óvænta stefnu læra þeir að meta félagsskap hvor annars. Með aðalhlutverkin í myndinni fara þeir Sveinn Ólafur Gunnarsson, Hilmar Guðjónsson og Þorsteinn Bachmann.



**TIL SPÁNAR** Mynd Hafsteins Gunnars Sigurðssonar, Á annan veg, keppir á San Sebastian-kvikmyndahátíðinni.

# Veisla í Sambíóunum

Sambíóin ætla að blása til Kvikmyndadaga í Kringlunni og sýna kvikmyndir sem farið hafa sigurför um heiminn. Opnunarmynd hátíðarinnar verður Tree of Life eftir Terence Malick en hluti hennar var tekinn hér á landi. Með aðalhlutverkin fara þeir Brad Pitt og Sean Penn. Myndin vann Gullpálmann á Cannes á þessu ári.

Þá verður dýrasta kvikmynd Asíu, Red Cliff, einnig sýnd á hátíðinni en hún er eftir John Woo sem hefur getið sér gott orð fyrir hasarmyndir sínar í Hollywood. Sambíóin ætla einnig að sýna Beaver, kvikmynd Mels Gibson í leikstjórn Jodie Foster en hún er fyrsta kvikmynd ástralska leikarans eftir stöðug vandamál í einkalífinu. Þá verður myndin Fair Game sýnd en hún skartar Sean Penn og Naomi Watts í aðalhlutverkum.



**CANNES-MYND** Tree of Life með Sean Penn og Brad Pitt í aðalhlutverkum verður frumsýnd á Kvikmyndadögum Sambíóanna sem hefjast á föstudaginn.






# Ingalls-krakki á nýrri braut

**Á fyrstu árum níunda áratugar síðustu aldar fylgdust sjónvarpsáhorfendur (aðallega konur) með þáttunum Húsið á sléttunni. Þar steig sín fyrstu skref ungur strákur sem hefur tekið sér sinn tíma til að komast á toppinn.**



**Á UPPLEIÐ** Þrátt fyrir að hafa verið lengi að í Hollywood má kannski segja að ferill Jasons Bateman stefni upp um þessar mundir. Hann leikur aðalhlutverkið í gamanmyndinni Change-Up.

Jason Bateman leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Change-Up á móti Ryan Reynolds. Bateman leikur fjölskylduföður sem er öfundsjúkur út í vin sinn, leikinn af Reynolds, en hann hefur vart undan að sofa hjá föngulegu kvenfólki. Eitt kvöld skipta þeir hins vegar um líkama og fá að upplifa líf hvors annars með kostulegum uppákomum.

Bateman steig sín fyrstu skref í leiklist hjá frægri bandarískri sjónvarpsfjölskyldu, hinni hjartagóðu Ingalls-ætt í Walnut Grove í Minnesota. Bateman fór þar með hlutverk James Cooper Ingalls sem Ingalls-fjölskyldan ættleiddi eftir sviplegt fráfall foreldra hans. Hlutverkið varaði í 21 þátt en framtíð hins tíu ára gamla leikara var ráðin.

Jason Kent Bateman, eins og hann heitir fullu nafni, er fæddur 1969. Hann er sonur Kents Bateman sem var áhrifamaður í Hollywood, og flugfreyju. Ingalls-hlutverkið gerði það að verkum að leikarinn fékk mörg hlutverk í misgóðum sjónvarpsseríum auk þess sem hann birtist af og til í b-myndum sem aldrei skiluðu neinu bitastæðu til baka.

Það var því ekki fyrr en sjónvarpsframleiðandinn og handritshöfundurinn Mitchell Hurwitz kom með hlutverk til hans sem var klæðskerasniðið fyrir sérstakan gamanleik og jafnvel hreim Batemans; gamanþáttaröðina Arrested Development. Söguþráðurinn og persónurnar voru ólíkar öllu því sem bandarískir áhorfendur áttu að venjast, gagnrýnendur elskuðu þá og þættirnir voru tilnefndir til fjölda Emmy og Golden Globe-verðlauna og hlaut Bateman meðal annars þau síðarnefndu fyrir leik sinn í þáttunum. En í bandarískum sjónvarpsiðnaði gildir aðeins eitt lögmál: áhorfstölur og Arrested Development náði aldrei neinu flugi á því sviði. Fox-sjónvarpsstöðin ákvað því að hætta framleiðslu þeirra eftir aðeins þrjú ár. Hins vegar er nú unnið að handriti fyrir bíómynd um Bluth-fjölskylduna.

Bateman naut engu að síður góðs af þáttunum. Hann fékk loks hlutverk í kvikmyndum á borð við Juno, State of Play og Up in the Air eftir Jason Reitman. Bateman hefur síðan haft í nægu að snúast á þessu ári en auk The Change-Up lék hann í kvikmyndunum Paul og Horrible Bosses.

freyrgigja@frettabladid.is

# Affleck í nýrri hasarmynd

Ben Affleck hefur samkvæmt fréttum vestanhafs samþykkt að leika aðalhlutverkið og leikstýra nýrri hasarmynd frá Joel Silver, framleiðanda Lethal Weapon-myndanna og Die Hard.

Myndinni hefur verið gefið vinnuheitið Line of Sight og verður nokkuð óvenjuleg í sniðum því hún mun segja söguna frá sjónarhóli eins manns og verður tekin upp líkt og fyrstu persónu skotleikur í tölvum. Peter O'Brien, sem skrifaði handritið að tölvuleiknum Halo: Reach, hefur verið beðinn um að skrifa handritið að myndinni.

Nýlega var frá því greint að Affleck og eiginkona hans, Jennifer Garner, ættu von á sínu þriðja barni og því er í mörg horn að líta hjá Hollywood-stjörnunni. Næsta mynd sem hann leikur í er hins vegar kvikmyndin Argo og söguþráður hennar lofar nokkuð góðu. Hún fjallar um hóp CIA-njósnara sem smygla sér inn í Íran í líki scifi kvikmyndagerðarmanna. Meðal mótleikara Afflecks í myndinni eru John Goodman og Alan Arkin.



**NÝ TEGUND AF HASAR** Ben Affleck hefur tekið að sér aðalhlutverkið í kvikmyndinni Line of Sight.




Við hjá Úrvali Útsýn tökum þessa dagana á móti bókunum frá hundruða Íslendinga sem stefna á skíðaferðir í vetur. Við höfum áratuga reynslu og bjóðum upp á vinsælustu skíðasvæðin í Ítalíu, Madonna Di Camiglio og Selva val Gardena. Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að fara í fyrsta sinn á skíði, finna allir brekkur við sitt hæfi í Ölpunum.

Úrval Útsýn | Lágmúla 4 108 Rvk | 585 - 4000 | www.urvalutsyn.is



2 **MILLJÓNIR MANNA** borguðu sig inn á vefsíðu sem sýnir gamalt kynlífsmyndband Kim Kardashian og rapparans Ray J um svipað leyti og raunveruleikastjarnan gekk að eiga Kris Humphries. Venjulega er vefsíðan með 300 þúsund gesti. Google greinir frá því að írskir karlmenn voru duglegastir við að hala niður myndbandinu.

## Þykir of mjó



Kántrísöngkonunni LeAnn Rimes brá heldur í brún þegar gestur veitingahúss vatt sér að henni og skammaði hana fyrir að vera of mjó. Rimes, sem sat að snæðingi ásamt eiginmanni sínum, leikaranum Eddie Cibrian, var mjög brugðið og skrifaði svo reiðilestur til konunnar á samskiptavefnum Twitter þegar heim var komið.

„Hvernig vogaði hún sér að koma upp að borðinu mínu og segja mér að borða meira? Er ekki allt í lagi með fólk? Á meðan ég þarf að borða meira þarf hún að læra mannasiði.“

Holdafar Rimes hefur verið í kastljósi fjölmiðla en hún þykir vera of mjó og hafa grennst hratt síðustu mánuði.

**REIÐ Á VEITINGAHÚSI** Söngkonan LeAnn Rimes fékk að heyra það frá veitingahúsagesti sem hvatti hana til að borða meira. NORDICPHOTO/GETTY

AUNTS DESIGN
Íslensk hönnun

**Þú færð Auntsdesign bolinn til styrktar Neistanum á eftirtöldum útsölustöðum:**

Rita Bæjarlind 6 og Eddufelli 2.
Nordic Store, Lækjargata 2.
Neistinn, Síðumúla 6.
Auntsdesign-Studio, Hlíðasmára 8.
Kúnígúnd Kringlunni og Laugarveg 53.
Hús Handanna, Egilsstöðum.
Fríhöfnin - Rammagerðin.
Álafoss, Kvosinni Mosfellsbær.
Hrím Hönnunarverslun, Hofi Menningarhúsi og Kaupvangsstræti 10, 600 Akureyri.
Baðhúsið, Brautarholti 20.



Á allra vörum

www.auntsdesign.is

# HEFUR SELT 20 ÞÚSUND BÆKUR



**Friðrika Hjördís Geirsdóttir hefur eytt öllu sumrinu í að undirbúa nýjan matarþátt fyrir Stöð 2. Samkvæmt síðustu tölum hefur hún líka selt tuttugu þúsund eintök af tveimur matreiðslubókum sem komu út á þessu ári.**

„Þetta er bara búið að vera enn ein meðgangan,“ segir Friðrika Hjördís Geirsdóttir sjónvarpskona.

Hún hefur selt, samkvæmt síðustu tölum, tuttugu þúsund eintök af matreiðslubókunum sínum tveimur sem komið hafa út á síðastliðnum níu mánuðum; annars vegar Léttir réttir og hins vegar Bollakökubókin. Friðrika segir þetta vera skemmtilegar tölur. „Maður er auðvitað þakklátur fyrir þessar viðtökur og ég hafði ekki alveg gert mér grein fyrir þessu.“

Friðrika er síður en svo hætt allri útgáfustarfsemi því í október kemur út þriðja bókin sem unnin er í tengslum við nýja matreiðsluþætti á Stöð 2. Hún gæti því mögulega náð hálfgerðri Arnaldar Indriða-stöðu hvað sölu varðar þótt sjónvarpskonan geri lítið úr þeim samanburði. „Hann verður alltaf á toppnum.“

Friðrika hefur því átt lítið sumarfrí, hún hefur eytt því í að undirbúa þáttaröðina enda segir hún að kyrrseta eigi ekki við sig.

„Þarna fær athyglisbresturinn að njóta sín til fullnustu.“ Hún segist jafnframt njóta þess að vinna við matargerðarþætti enda reyni hún alltaf að finna eitthvað nýtt til að gera. „Núna ætlum við til að mynda að ferðast um heiminn án þess að stíga fæti út úr eldhúsinu. Eitt land í einu verður tekið fyrir í hverjum þætti og kynntir til leiks réttir sem fólk tengir við það.“

**freyrgigja@frettabladid.is**

**GÓÐUR ÁRANGUR** Friðrika Hjördís Geirsdóttir hefur selt tuttugu þúsund eintök af tveimur matreiðslubókum sínum á aðeins níu mánuðum.

Það munar miklu að vera í Námunni

**Náman er vildarþjónusta** fyrir alla námsmenn, 16 ára og eldri. Lögð er áhersla á þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins, betri kjör og fjölbreytt fríðindi.





Kvikmyndaframleiðandinn Þórir Snær með Ninnu Hafliðadóttur.



Samkvæmisljónin Tobba Marinós og Karl Sigurðsson ásamt Björk Eiðsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Eðalhjónin Sverrir Guðjónsson og Elín Edda Árnadóttir smökkuðu á veigunum.

# Smakkað á Birki og Björk í Norræna húsinu



Atli Bollason, fyrrum Sprengjuhallar-mógull, skartar nú glæsilegum makka og hann mætti ásamt Helga Steinari Helgasyni.

**Veitingastaðurinn Dill í Norræna húsinu var þéttsetinn á þriðjudagskvöld þegar boðið var upp á íslenska líkjörinn Björk og snafsinn Birki sem báðir eru unnir úr íslensku birki. Sjónvarpskonan fyrrverandi, Elsa María Jakobsdóttir, er framleiðandi vínsins ásamt föður sínum og veitingamönnunum Ólafi Erni og Gunnari Karli. Drykkirnir mæltust mjög vel fyrir hjá gestum og gangandi.**



Sigríður Ásgeirsdóttir og Sigríður Thorlacius, söngkona með meiru.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Betri kjör**

- » Hagstæðir vextir
- » 150 fríar færslur
- » Kreditkort frítt fyrsta árið
- » Yfirdráttarheimild
- » Hagstæðari tryggingar

**Þjónusta**

- » Almenn fjármálaþjónusta
- » Fræðsla og ráðgjöf
- » LÍN-þjónusta
- » Greiðsludreifing
- » Netklúbbur

**Fríðindi**

- » Aukakrónur
- » 2 fyrir 1 í bíó
- » Námsstyrkir
- » Vegleg inngöngugjöf
- » Fjölbreytt tilboð

Þarfir námsmanna og aðstæður þeirra breytast með aldrinum. Náman býður öllum námsmönnum upp á hagnýtar lausnir, óháð skólastigi og námslandi. Námufélagar um allan heim fá hagstæðari kjör á bankaviðskiptum, víðtæka fjármálaþjónustu með sérstaka áherslu á námslán og fjölbreytt fríðindi. Aukakrónur eru fríðindasöfnun Landsbankans þar sem Aukakrónum er safnað með virkum viðskiptum og jafngildir hver Aukakróna einni krónu.

Kynntu þér Námuna á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000











NÝR DANSÞÁTTUR Á RÚV Katrín Hall verður aðaldómari í nýjum dansþætti í Ríkissjónvarpinu í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Katrín Hall í dómarasætið

**Katrín Hall verður aðaldómari í nýjum dansþætti sem hefur göngu sína í Ríkissjónvarpinu í vetur. Katrín er viss um að þáttvurinn verði mikil lyftistöng fyrir þá ört vaxandi listgrein sem dansinn er.**

„Þetta leggst mjög vel í mig,“ segir Katrín Hall, listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins, sem verður aðaldómari í nýjum dansþætti Ríkissjónvarpsins í vetur.

Aðdragandi og undirbúningur að aðkomu Katrínar í þættinum hefur verið töluverður síðan í sumar. „Ég tók strax mjög vel í þetta enda tel ég að þáttur á borð við þennan sé mikil lyftistöng fyrir þá ört vaxandi listgrein sem dansinn er,“ segir Katrín og bætir við að hún fari í þetta verkefni af miklum metnaði.

Dansþátturinn verður á dagskrá RÚV í vetur og verður Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir við stjórnvölinn. Enn er verið að leita að fleirum til að liðsinna Katrínu í dómarasætinu. Bæði áhorfendur og dómnefnd hafa svo lokaáhrif á úrslit þáttarins.

Katrín leggur áherslu á að verið sé að leita að hæfileikaríkasta og efnilegasta dansara eða dönsurum, yfir 16 ára aldri, á Íslandi í dag en vill ekki líkja þættinum við ameríska raunveruleikaþáttinn So You Think You Can Dance. „Þátturinn er ekki eins uppbyggður, en bæði einstaklingar, pör og danshópar mega skrá sig og eiga þau sjálf að semja metnaðarfull atriði,“ segir Katrín og bætir við að það séu svo margir dansstílar í gangi á Íslandi. Hún á því von á fjörugum þætti sem gefur innsýn inn í heim dansara hvort sem það sé í samkvæmisdansi, listdansi, breikdansi eða hipphoppi.

„Ég hef trú á að þetta verði vítamínsprauta fyrir dansinn og hvatning fyrir dansara að koma sér og sinni list á framfæri,“ segir Katrín, sem er mikill fengur fyrir þáttinn en hún hefur heilmikla reynslu og meðal annars samið dans fyrir söngkonuna Shakiru og atriði fyrir bresku útgáfuna af So You Think You Can Dance. „Já, það er ýmislegt sem hefur rekið á fjörur mína og maður nýtir sér þá reynslu í þessu verkefni.“

Katrín hefur ekki í hyggju að vera mjög óvæginn dómari. „Ég verð með uppbyggilega gagnrýni að leiðarljósi og dansarar eru vanir að taka henni og nýta sér á réttan máta. Við leitum að svo mörgum samspilandi þáttum í fari hvers og eins þátttakanda.“

Prufur fyrir þáttinn fara af stað í október en nánari dagsetningar verða auglýstar síðar.

alfrun@frettabladid.is

# Leikarar á hestatónleikum Helga

„Við ætlum að búa til hestastemningu og taka tónleikana aðeins í aðrar áttir,“ segir tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson.

Helgi og hljómsveitin Reiðmenn vindanna halda tónleika í Háskólabíói 8. október. Með þeim á sviðinu verða vinir Helga, leikararnir og hestamennirnir Hilmir Snær Guðnason, Atli Rafn Sigurðarson og Gísli Örn Garðarsson. Óvíst er reyndar með þátttöku Gísla Arnar þar sem hann mun leikstýra Hróa hetti í London um svipað leyti. „Við ætlum að setjast niður og taka ófamagnaðar útgáfur fremst á sviðinu. Við ætlum að deyfa ljósin og búa til hestastemningu. Við ætlum að taka lög sem eru sungin mikið í hestaferðum. Þetta verður mjög skemmtilegt og auðvitað verður húmor og sprell líka,“ greinir Helgi frá, ánægður með þátttöku leikaranna enda hafa þeir farið saman í fjölda reiðtúra. „Það verður gaman að fá þá. Þeir eru vanir að vera með þögla áhorfendur í salnum en þarna geta þeir aðeins leyft sér að sprella.“

Að sögn Helga verða þetta fyrstu alvöru tónleikar hans og Reiðmannanna. Þeir hafa tvívegis stigið á svið í sumar. Fyrst á Bestu útihátíðinni og svo á Akureyri um verslunarmannahelgina.

Þrjár hestaplötur þeirra hafa selst eins og heitar lummur, eða í um 25 þúsund eintökum samanlagt. Sú nýjasta, Ég vil fara upp í sveit, hefur verið ein sú mest selda í sumar. Miðasala á tónleikana í Háskólabíói hefst 8. september. - fb



TÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI Helgi Björnsson og Reiðmenn vindanna spila í Háskólabíói ásamt Hilmi Snæ, Atla Rafni og Gísla Erni.

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / www.bioparadis.is / midi.is
FIMMTUDAGUR: ■VANDANA SHIVA – SEEDS AND SEEDMULTINATIONALS 20:00 ■*ANDLIT NORÐURSINS* 18:00, 20:00, 22:00 ■ANIMAL KINGDOM 17:50, 22:10 ■*NÓI ALBINÓI(NOI THE ALBINOI)* 18:00 ■*HÁSETA VANTAR Á BÁT(SHANGHAIING DAYS)* 20:00 ■*BÍÓDAGAR(MOVIE DAYS)* 22:00 ■MARY & MAX 18:00 ■HOWL 20:00 ■MONSTERS 22:00 ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*



**Í SAMSTARF MEÐ VERO MODA** Alexa Chung verður andlit fyrirtækisins í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Alexa í fatabransann

**Breska sjónvarpsstjarnan og tískufyrirmyndin Alexa Chung verður andlit næstu línu frá verslanakeðjunni Vero Moda. Það þykir mikill fengur fyrir fyrirtækið að fá hina ungu Chung í sínar raðir því hún þykir með eindæmum smart og mikil fyrirmynd í tískuheiminum. Í yfirlýsingu frá fyrirtækinu segir: „Chung er öllum tískumeðvituðum konum innblástur.“**

**Fatnaðurinn kemur í búðir með haustinu en þau frægu nöfn sem áður hafa ljáð fyrirtækinu andlit sitt eru Kate Moss og Gisele Bündchen.**



**INNRÁSARVÍKINGAR** Elva Dögg Gunnarsdóttir hefur gengið til liðs við Innrásarvíkingana.

# Elva Dögg í Innrásarhóp

**Elva Dögg Gunnarsdóttir hefur gengið til liðs við grínhópinn Innrásarvíkingarnir. Hún er eini uppistandarinn á Íslandi með Tourette-heilkenni. Hún er ófeimin við að gera grín að sjálfri sér og öllum kækjunum sem hún er með og bara lífinu almennt.**

**Elva Dögg kemur í hópinn í stað Óskars Péturs Sævarssonar en fyrir voru þeir Rökkvi Vésteinsson og Beggi blindi. Hópurinn hefur verið á ferðalagi um landið í sumar. Í kvöld verður hann í Hofi á Akureyri, á morgun á Húsavík og á Siglufirði á laugardaginn. Ferðalaginu lýkur með uppistandi í Reykjavík í byrjun október.** - fb

# Nú verður kátt í höllinni

Það ríkir mikil gleði við dönsku hirðina eftir að tilkynnt var um að Marie prinsessa væri barnshafandi. Hún og maðurinn hennar, Jóakim prins, eiga von á barni í janúar og verður prinsinn því brátt fjögurra barna faðir. Marie og Jóakim eiga fyrir hinn tveggja ára gamla Henrik en Jóakim eignaðist tvö börn með prinsessunni Alexöndru. Spákona heldur því fram að hjónin eigi von á strák.

Ekki verður annað sagt en að danska hirðin fjölgi sér ört því Friðrik krónprins og eiginkona hans, Mary Donaldson, eignuðust fyrr á þessu ári tvíbura og áttu fyrir tvö börn. Margrét Þórhildur Danadrottninng mun því vart hafa undan að kaupa gjafir handa öllum átta barnabörnunum sínum.



**FJÖLGAR Í FJÖLSKYLDUNNI** Jóakim prins og Marie eiga von á sínu öðru barni í janúar. Þetta er fjórða barn Jóakims og áttunda barnabarn Margrétar Þórhildar. NORDICPHOTOS/GETTY




**20%** kynningarafsláttur af
Ceramide andlitslínunni frá Elizabeth Arden
í Debenhams dagana 25.-31. ágúst

Sérfræðingar okkar verða á staðnum og veita þér faglega ráðgjöf um þessa einstöku andlitslínu.

Glæsilegt tilboð á þessari fallegu gjafatösku frá Elizabeth Arden.

**Tilboðsverð: 12.792.-**

Verðmæti : 29.218.-



Glæsilegar gjafir með keyptum vörum frá Ceramide, Green Tea & 8 hour*.

*Meðan birgðir endast.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# sport

sport@frettabladid.is



**EVRÓPUMEISTARAR BARCELONA** eru á meðal félaganna 32 sem verða í pottinum þegar dregið verður í riðlakeppni Meistaradeilar Evrópu í knattspyrnu í dag. Tyrkneska knattspyrnusambandið meinaði landsmeisturum Fenerbahce í gær að spila í deildinni í kjölfar spillingarmáls sem skekur tyrkneska knattspyrnu. Trabzonspor, sem hafnaði í öðru sæti tyrknesku deildarinnar, tekur sæti þeirra. Drátturinn fer fram í höfuðstöðvum UEFA klukkan 15.45 og verður í beinni úsendingu á vefsíðu sambandsins.

# Körfuboltastrákur á krossgötum

**Arnar Pétursson vakti mikla athygli um helgina þegar hann kom fyrstur í mark í Reykjavíkurmaraþoninu. Hann er tvítugur körfuboltastrákur sem æfði í aðeins tvo mánuði fyrir maraþonið. Hann íhugar nú hvort hann eigi að söðla algerlega um. „Ég vona að Ólympíuleikar séu raunhæft markmið fyrir mig," segir hann.**

**ÍÞRÓTTIR** Arnar Pétursson bar sigur úr býtum í Reykjavíkurmaraþoninu þegar hann kom í mark á tæpum tveimur klukkustundum og 45 mínútum. Árangurinn er sérlega glæsilegur í ljósi þess að Arnar er ekki nema tvítugur og æfði sérstaklega fyrir hlaupið í einungis tvo mánuði.

Hann er fyrst og fremst körfuboltamaður en hann spilar sem leikstjórnandi með Breiðabliki í 1. deildinni. Hann ákvað samt að láta slag standa og hlaupa til sigurs í Reykjavíkurmaraþoninu – með þessum góða árangri.

„Ég var himinlifandi. Þetta var óvænt en líka léttir að hafa klárað hlaupið," segir Arnar. „Þetta er ólíkt því sem maður þekkir úr körfuboltanum, nú var ég að einbeita mér að einum degi og einu hlaupi. Þegar það er búið og ég sá að þetta gekk allt upp fylgdi því ótrúlega mikil gleðitilfinning."

Arnar átti erfitt með þessar tilfinningar. „Já, það má segja að þær hafi borið mig ofurliði," segir hann í léttum dúr. „Það var ótrúlega skemmtilegt að fá að upplifa það."





**KOMINN Í MARK** Arnar segir að tilfinningarnar hafi borið hann ofurliði þegar hann kom í mark í Reykjavíkurmaraþoninu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Alltaf í góðu formi

Arnar hefur fyrst og fremst stundað boltaíþróttir, körfubolta og fótbolta. Hann spilar enn körfubolta með Breiðabliki og mun áfram gera í vetur. Hann hefur einnig sterk tengsl í körfuna þar sem faðir hans, Pétur Hrafn Sigurðsson, var framkvæmdastjóri KKÍ til margra ára. Hann segir þó að það hafi ekki verið mjög erfitt að skipta yfir í langhlaupin.

„Ég hef alltaf verið í góðu formi frá náttúrunnar hendi og alltaf átt auðvelt með að hlaupa hratt og lengi. Það var svo fyrir tveimur árum að ég sagði að ég myndi hlaupa maraþon um leið og ég næði aldri," segir Arnar en aðeins átján ára og eldri mega hlaupa fullt maraþon í Reykjavíkurmaraþoninu.

„Ég gerði svo það, bara til að hlaupa maraþon. Það gekk ótrúlega vel og ég náði að vera í öðru sæti af íslensku keppendunum en fyrirfram vissi ég ekkert á hvaða tíma ég myndi hlaupa."

### Foreldrarnir í kapphlaupi

Faðir hans, Pétur Hrafn, hafði áður hlaupið maraþon og giskaði á að Arnar myndi hlaupa á þremur og hálfum tíma í þessari frumraun sinni. Raunin varð að Arnar kom í mark á tveimur klukkustundum og 55 mínútum og voru foreldrarnir næstum búnir að missa af því þegar hann kom í mark.

„Þau ákváðu að ná mér úti á Seltjarnarnesi og fylgja mér í mark. En það endaði með því að þau þurftu að koma sér í flýti niður í bæ til að sjá mig koma í mark," rifjar hann upp.

Eftir þetta fékk Arnar ábendingar um að hann gæti náð langt í greininni. Og fyrir maraþonið í ár ákvað hann að æfa sérstaklega fyrir hlaupið í tvo mánuði.

Miðað við þann stutta undirbúning er ekki erfitt að sjá fyrir sér að Arnar gæti náð enn lengra ef hann helgar sig langhlaupum. En hann segir að körfuboltinn taki nú aftur við á haustmánuðunum.

„Ég mun pottþétt spila með Breiðabliki í vetur. En ég mun taka hlaupin samhliða og leggja minni áherslu á miklar lyftingar í körfunni. Það hentar langhlauparа ekki vel að vera með stóra og mikla vöðvauppbyggingu."

### Mikið svigrúm fyrir betri árangur

Hann neitar því ekki að hann sér mikla möguleika á að ná góðum árangri í hlaupunum og þarf því eflaust að ákveða hvort hann ætli að leggja þau algjörlega fyrir sig.

„Ég tel að ég hafi mjög mikið svigrúm til að bæta mig og er bæði gott og hvetjandi að hugsa til þess. Þegar ég byrjaði að æfa í vor fyrir hlaupið var það bara til að sjá hvað ég gæti ef ég myndi leggja aðeins á mig," segir hann og vill ekki útiloka að keppa á Ólympíuleikum.

### Ólympíuleikarnir heilla

Lágmarkið fyrir Ólympíuleikana er tvær klukkustundir og fimmtán mínútur. Arnar þyrfti því að bæta sig um hálftíma til að eiga möguleika á því að komast þangað en segir það vissulega heillandi tilhugsun. „Ég hef fulla trú á að ég geti staðið mig mjög vel í þessari grein. Ég vona að það sé raunhæft markmið fyrir mig að komast á Ólympíuleika enda kemur ekkert annað til greina en að stefna sem hæst ef ég myndi leggja þetta algerlega fyrir mig."

Hann stendur því frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort hann eigi að taka skrefið til fulls. „Það er einmitt það sem ég er að velta fyrir mér á hverjum degi. Ég hef fundið fyrir mikilli hvatningu og finnst það skemmtilegt. En ég geti ekki alveg snúið baki við körfunni og strákunum í liðinu eins og er – ekki enn að minnsta kosti."

eirikur@frettabladid.is





**NÝTT VERKEFNI** Eyjólfur og Tómas Ingi Tómasson reyna að koma Íslandi í lokakeppnina 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

EM 2013 hjá U21 árs liðinu:

# Eyjólfur velur landsliðshópinn

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U21 árs landsliðs karla, valdi í gær 23 manna landsliðshóp fyrir leikina gegn Belgíu og Noregi í undankeppni EM 2013. Leikirnir fara fram 1. september á Vodafone-vellinum og 6. september á Kópavogsvelli.

**Landsliðshópurinn**

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Arnar Darri Pétursson | SönderjyskE |
| Árni Snær Ólafsson | ÍA |
| Ásgeir Þór Magnússon | Höttur |
| **Varnarmenn** | |
| Dofri Snorrason | KR |
| Eiður Aron Sigurbjörnsson | ÍBV |
| Finnur Orri Margeirsson | Breiðablik |
| Gísli Páll Helgason | Þór |
| Hlynur Atli Magnússon | Fram |
| Jóhann Laxdal | Stjarnan |
| Kristinn Jónsson | Breiðablik |
| **Miðjumenn** | |
| Atli Sigurjónsson | Þór |
| Björn Jónsson | KR |
| Björn Daníel Sverrisson | FH |
| Brynjar Gauti Guðjónsson | ÍBV |
| Guðlaugur Victor Pálsson | Hibernian |
| Magnús Þórir Matthíasson | Keflavík |
| Þórarinn Ingi Valdimarsson | ÍBV |
| **Sóknarmenn** | |
| Aron Jóhannsson | AGF |
| Björn Bergmann Sigurðarson | Lilleström |
| Guðmundur Þórarinsson | ÍBV |
| Jóhann Helgi Hannesson | Þór |
| Kolbeinn Kárason | Valur |
| Kristinn Steindórsson | Breiðablik |


LOADING IÐNAÐARHURÐIR





LOADING HURÐIR

Loading hurðir eru klæðskerasniðnar með tilliti til stærðar og mismunandi aðstæðna. Mikið framboð lita ásamt öryggisþáttum sem tryggir öruggt aðgengi að hurð.
Hurðin veitir góða einangrun ásamt því að vera traust gagnvart veðurofsa.

www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði


Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er í 124. sæti á nýjum styrkleikalista FIFA:

# Enn versnar staða landsliðsins

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu karla er komið í 124. sæti á styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins en nýr listi var birtur í gær. Ísland fellur um þrjú sæti frá því að síðasti listi var birtur en í millitíðinni hefur landsliðið spilað einn leik, 4-0 tapið gegn Ungverjum í Búdapest fyrr í mánuðinum.

Samningur Ólafs Jóhannessonar landsliðsþjálfara rennur út í lok yfirstandandi undankeppni. Jón Gunnlaugsson, formaður landsliðsnefndar, var spurður að því í viðtali við vefsíðuna fotbolti.net í gær hvort nefndin væri byrjuð að skoða þjálfaramálin.

„Það er byrjað að velta þessu öllu saman fyrir sér. Menn hafa ekki viljað tjá sig mikið um þetta og því hafa menn mikið verið að geta í eyðurnar. Það eru alltaf sögur í gangi og þeim hefur ekki fækkað eftir að fjölmiðlunum hefur fjölgað. Þetta er eitthvað sem við þurfum að lifa með en það er langt í frá að ég sé eitthvað ánægður með árangurinn, það má ekki túlka það þannig," sagði Jón.



**UM NÓG AÐ HUGSA** Ólafur Jóhannesson hefur sætt töluverði gagnrýni undanfarna mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bilið milli Færeyinga og Íslendinga jókst en frændur okkar hækkuðu sig um eitt sæti og eru komnir í 111. sæti. Liechtenstein og Wales eru næstu Evrópuþjóðir fyrir ofan Ísland en Kasakstan og Lúxemborg þær næstu á eftir.

Jón segir vandamálið liggja í því að Ísland spili yfirleitt við sterkari þjóðir og lönd á borð við Færeyjar vilji ekki spila við Ísland meðan þau séu fyrir ofan á listanum.

„Það hefur hjálpað okkur undanfarin ár að við höfum unnið eina og eina þjóð sem hefur skipt máli, við unnum Tékka fyrir ekki mörgum árum og fleiri þjóðir. Það vegur minna í dag en það gerði. Við bara vonum það besta, við verðum að gera það. Ég er samt ekki bjartsýnn á að við verðum ofarlega á listanum í framtíðinni alveg sama hvað gerist. Því miður," sagði Jón við fotbolti.net.

Hollendingar eru komnir í efsta sæti heimslistans en Evrópu- og heimsmeistarar Spánverja falla niður í annað sæti.

Ólafur Jóhannesson tilkynnir í dag landsliðshópinn fyrir leikina gegn Noregi og Kýpur í undankeppni EM 2012 en þeir fara fram í byrjun næsta mánaðar. - ktd



FOOTBALL
blek www.blekhonnun.is
HÚSMÓÐIRIN
HÚSMÓÐIRIN ER LOKSINS KOMIN TIL AKUREYRAR!
Nýr íslenskur gleðileikur eftir Vesturport. Öll trixin í bókinni og fullt af óvæntum uppákomum.
AÐEINS EIN SÝNINGARHELGI!
1. sýning 2. september kl. 20
2. sýning 3. september kl. 20
MIÐASALA Á WWW.MENNINGARHUS.IS OG Í SÍMA 450 1000
MIÐASALAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA FRÁ 13-19 OG ALLAN SÓLARHRINGINN Á VEFNUM
Borgarleikhúsið
VesturPort
HOF
MENNINGARHÚS

## ÚRSLIT

### Meistaradeild Evrópu

**FORKEPPNI, SÍÐARI LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **Udinese - Arsenal** | **1-2** |
| 1-0 Antonio Di Natale (39.), 1-1 Robin van Persie (55.), 1-2 Theo Walcott (69.) | |
| Arsenal fer áfram samanlagt 3-1. | |
| **Viktoria Plzen - FC Kaupmannahöfn** | **2-1** |
| Plzen fer áfram samanlagt 5-2. | |
| **Benfica - FC Twente** | **3-1** |
| Benfica fer áfram samanlagt 5-3. | |
| **Sturm Graz - BATE Borisov** | **0-2** |
| BATE fer áfram samanlagt 3-1. | |
| **Rubin Kazan - Lyon** | **1-1** |
| Lyon fer áfram samanlagt 4-2. | |
| *Sigurliðin tryggðu sér sæti í riðlakeppninni.* | |

### Enski deildabikarinn

**LEIKIR Í 2. UMFERÐ**

| | |
|---|---|
| Exeter - Liverpool | 1-3 |
| 0-1 Luis Suarez (23.), 0-2 Maxi Rodriguez (55.), 0-3 Andy Carroll (58.), 1-3 Nardiello, vsp. (80.) | |
| Bolton - Macclesfield | 2-1 |
| Everton - Sheffield United | 3-1 |
| Blackburn Rovers - Sheffield Wednesday | 2-1 |
| West Ham - Aldershot Town | 1-2 |




**HETJAN** Theo Walcott skoraði í báðum leikjunum gegn Udinese. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Meistaradeild Evrópu:

## Arsenal komst í riðlakeppnina

**FÓTBOLTI** Arsenal tryggði sér sæti í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í gærkvöld með 2-1 sigri á Udinese á Ítalíu í síðari viðureign liðanna. Mikil pressa var á lærisveinum Arsene Wenger en Robin van Persie og Theo Walcott tryggðu Lundúnaliðinu sigur.

FC Kaupmannahöfn, lið Ragnars Sigurðssonar og Sölva Geirs Ottesen, féll úr keppni. Liðið tapaði 2-1 gegn Plzen í Tékklandi. Vitað var að róðurinn yrði þungur fyrir FCK eftir 3-1 tap á heimavelli í fyrri leiknum.

Sölvi Geir spilaði allan leikinn en Ragnar kom inn á seint í síðari hálfleik. **-ktd**



**Í LEIT AÐ NÝJU LIÐI** Landsliðsmaðurinn Hanna Guðrún Stefánsdóttir er á mála hjá Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslenski kvennahandboltinn:

## Stjarnan hætt við keppni

**HANDBOLTI** Stjarnan hefur dregið lið sitt í efstu deild kvenna í handknattleik úr keppni á komandi tímabili. Handknattleiksdeild félagsins sendi frá sér fréttatilkynningu þess efnis í gærkvöld.

Þar kemur meðal annars fram að handknattleiksdeild Stjörnunnar hafi reynst erfitt að afla fjármuna til að halda rekstri liðsins gangandi. Þeir sem það hafi gert undanfarin ár séu þess ekki megnugir án frekari stuðnings.

Þá segir að ein ástæða þess að markmið um þátttöku í ár hafi ekki náðst sé vegna hræringa á leikmannamarkaði þar sem íslensk félög virði að vettugi lög HSÍ um samskipti félaga við leikmenn. Fréttatilkynninguna í heild sinni má lesa á Vísir.is.

Ljóst er að leikmenn Stjörnunnar þurfa að leita sér að nýju félagi. **- ktd**

# Eyjamenn taka stóra prófið í kvöld

**Toppslagur KR og ÍBV í Pepsi-deild karla er í kvöld. KR-ingar eru enn ósigraðir og stinga af með sigri í kvöld. Eyjamenn geta hleypt mikilli spennu í toppbaráttuna með sigri fyrir lokasprettinn í deildinni.**




**BARIST UM BOLTANN** Það mun mikið mæða á KR-ingnum Guðmundi Reyni Gunnarssyni og Eyjamanninum Finni Ólafssyni í kvöld. KR vann dramatískan 1-0 sigur í leik liðanna á KR-vellinum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÓTBOLTI** KR og ÍBV mætast í fyrsta sinn á tímabilinu í kvöld þegar leikur liðanna úr 9. umferð fer fram. Leiknum var frestað á sínum tíma vegna þátttöku liðanna í Evrópukeppnunum. Um toppslag er að ræða í deildinni og ljóst að það er mikið undir.

KR-ingar eru enn taplausir í deildinni og geta með sigri í kvöld tekið fimm stiga forystu í deildinni auk þess að eiga leik til góða. Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, veit hvað það þýðir.

„Það myndi í raun þýða að mótið væri búið,“ sagði Heimir í samtali við Fréttablaðið í gær. Kollegi hans hjá KR, Rúnar Kristinsson, vill þó ekki taka svo djúpt í árinni.

„Hvernig sem leikurinn fer þá er Íslandsmótinu ekki lokið. Þetta er ekki úrslitaleikur. Vissulega er þetta mikilvægur leikur fyrir bæði lið eins og hver annar leikur. Þessi eini leikur mun ekki hafa úrslitaáhrif í mótinu.“

Heimir fer í svipaða sálma og segir að sínir leikmenn megi ekki gleyma sér í þessum eina leik. „Við eigum leik gegn Víkingi þremur dögum síðar og það eru jafnmörg stig í boði í þeim leik. Við viljum ekki byggja upp of miklar væntingar fyrir leikinn gegn KR – leikmenn mega ekki leggjast í volæði þó svo að hann tapist því staðreyndin er sú að staða okkar í deildinni er mjög góð sama hvernig leikurinn endar.“

Heimir segir þó rétta tímann til að mæta KR nú. „Þeir hafa sjálfir rætt um að það sé þreyta í liðinu og svo eru meiðsli í þeirra röðum. Það er því rétti tíminn nú til að láta slag standa og við ætlum að reyna að vinna leikinn í kvöld.“

### Mikið leikjaálag á KR

Rúnar segir að leikjaálagið hafi haft áhrif. „Við spiluðum sex leiki í Evrópukeppninni og fórum alla leið í bikarnum og því höfum við spilað fleiri leiki en önnur lið í deildinni. En við erum líka með stóran leikmannahóp og við vitum vel að fylgifiskur þess að ná árangri er mikið álag á leikmenn,“ sagði hann. „Það þýðir samt ekkert að dvelja of lengi við þetta og við erum alls ekki að búa til neinar afsakanir. Við verðum eins mikið tilbúnir og hægt er fyrir leikinn í kvöld og höfum engar afsakanir sama hvernig hann fer.“

Staðan á leikmannahópi ÍBV er fín. Aðeins einn leikmaður, Denis Sytnik, er frá vegna meiðsla og spilar hann líklega ekki meira með í sumar.

### Hápressan hefur skilað árangri

ÍBV hefur spilað á köflum mjög grimman bolta gegn sínum andstæðingum og segir Rúnar að hápressan hafi reynst Eyjamönnum vel.

„ÍBV er með vel skipulagt lið og liðinu hefur tekist mjög vel til að spila sinn bolta. Það sýnir bæði árangurinn í sumar og í fyrra. Þetta eru vinnusamir og duglegir strákar og við munum mæta þeim af hörku,“ segir Rúnar en ætlar samt ekki að breyta miklu á leikskipulagi sinna manna.

„Við höfum ekki lagt það í okkar vana að liggja til baka og beita skyndisóknum og við munum ekki breyta út af okkar venjum. Við munum fyrst og fremst hugsa um okkar eigin leik og hvernig við viljum að leikurinn spilist.“

### Auglýsi ekki í blöðunum

Sjálfur segir Heimir að ÍBV hafi átt það til að liggja til baka og að það hafi einnig skilað árangri. „Við höfum bæði bakkað og pressað. Hápressan hefur kannski fengið meiri athygli en við höfum ekki síður náð góðum úrslitum þegar við höfum lagt meiri áherslu á varnarleikinn. En fyrir vikið eru leikirnir hægari og það finnst mönnum ferlega leiðinlegt,“ segir hann í léttum dúr.

> Hvernig sem leikurinn fer þá er Íslandsmótinu ekki lokið. Þetta er ekki úrslitaleikur.
>
> **RÚNAR KRISTINSSON**
> **ÞJÁLFARI KR**

„Ég ætla vitanlega ekki að auglýsa það í blöðunum hvernig við munum spila en við munum að sjálfsögðu reyna að vinna leikinn.“

### Ekki meiri pressa á KR

KR-ingar hafa í gegnum tíðina búið við miklar væntingar enda krafan um titil hávær á hverju ári í vesturbænum. Rúnar vill þó ekki kannast við að það sé meiri pressa á KR en öðrum liðum í deildinni.

„Fyrir tímabilið stefndu 6-7 lið á að blanda sér í toppbaráttuna og ég get ekki séð að það sé meiri pressa á okkur en þeim. Strákarnir eru einfaldlega búnir að æfa vel í ár og þeir vilja ná árangri. Við höfum staðið okkur vel hingað til og mótið er komið vel á veg. Ef eitthvert álag hefur verið til staðar hingað til þá hafa strákarnir höndlað það mjög vel.“

Heimir er sömuleiðis ánægður með stöðu ÍBV í deildinni en bendir á að margir hafi ef til vill ekki búist við svo miklu af Eyjamönnum í sumar. „Umræðan um okkur hefur ef til vill verið á þann veginn að allir eru að bíða eftir því að blaðran springi. Við erum einfaldlega mjög ánægðir með hópinn og þann árangur sem hann hefur náð á skömmum tíma. Við erum ekki langt frá þeim árangri sem við náðum í fyrra og þá voru allir ánægðir. Við höfðum mjög gaman af því að vera í toppbaráttunni fram í síðustu umferð í fyrra og viljum endurtaka leikinn nú.“

**eirikur@frettabladid.is**

## KR og ÍBV mætast í toppslag Pepsi-deildar karla í kvöld

### KR

**Þjálfari:** Rúnar Kristinsson



**Árangur 2010:** 4. sæti (38 stig)

**Staða í deild:** 1. sæti (14 leikir, 34 stig)

**Í banni í kvöld:** Enginn

**Meiddir leikmenn:** Óskar Örn Hauksson (út tímabilið), Gunnar Örn Jónsson (óvíst hversu lengi), Skúli Jón Friðgeirsson (3-4 vikur), Magnús Már Lúðvíksson (tæpur)

**Líklegt byrjunarlið (4-3-3):**

Hannes Þór Halldórsson

Dofri Snorrason
Gunnar Þór Gunnarsson
Grétar S. Sigurðarson
Guðmundur Reynir Gunnarsson

Bjarni Guðjónsson
Baldur Sigurðsson
Björn Jónsson

Kjartan Henry Finnbogason
Viktor Bjarki Arnarson
Guðjón Baldvinsson

### ÍBV

**Þjálfari:** Heimir Hallgrímsson



**Árangur 2010:** 3. sæti (42 stig)

**Staða í deild:** 2. sæti (15 leikir, 32 stig)

**Í banni í kvöld:** Enginn

**Meiddir leikmenn:** Denis Sytnik (út tímabilið)

**Líklegt byrjunarlið (4-3-3):**

Albert Sævarsson

Arnór Eyvar Ólafsson
Brynjar Gauti Guðjónsson
Rasmus Christiansen
Matt Garner

Finnur Ólafsson
Andri Ólafsson
Tryggvi Guðmundsson

Tony Mawejje
órarinn Ingi Valdimarsson
Jeffs

Stuðsveitin Stalla-Hú þarf að notast við hendurnar og röddina líkt og aðrir til þess að hvetja ÍBV í kvöld:

# Engin hljóðfæri í stúkunni á KR-vellinum

**FÓTBOLTI** Reiknað er með góðri mætingu á KR-völlinn í kvöld en ljóst að áhorfendur verða að láta hendur og raddbönd nægja til þess að styðja sín lið. Á KR-vellinum ríkir hljóðfærabann sem þýðir að meðlimir stuðningsbands ÍBV, Stalla-Hú, þurfa að skilja hljóðfæri sín eftir heima.

„Auðvitað er það leiðinlegt en þetta er þeirra völlur og maður skilur þetta. Það er samt kaldhæðnislegt að banna hljóðfæri í Frostaskjólinu og samt er tónlistarskóli í íþróttahúsinu þeirra. Við fylgjum öllum reglum en þetta er hluti af stemningunni. Flest lið eru með trommur eða lúðra en KR-ingarnir vilja banna þetta,“ segir Skapti Örn Ólafsson, forsprakki Stalla-Hú.

„Við vorum að grínast með það að Miðjan [stuðningsmenn KR] væri hrædd um að tapa stúkunni. Þeir eru bara í einhverju miðjumoði á meðan við sækjum fram með hljómsveitinni okkar,“ bætir Skapti við í léttum dúr.

Jónas Kristinsson, framkvæmdastjóri KR, segir félagið hafa tekið þessa ákvörðun fyrir nokkrum árum þegar hinn almenni stuðningsmaður var farinn að kvarta yfir trommuslætti og öðrum ófögnuði á leikjum. Hann segir engan ákveðinn leik hafa fyllt mælinn.

„Nei, ekkert svoleiðis. Við ákváðum þetta bara fyrir tímabilið 2008 eða 2009 að það væri komið nóg af tónleikum. Menn yrðu bara að nota röddina og það höfum við gert síðari ár. Við vorum með trommur í miðri stúkunni en hættum því í leiðinni. Við látum jafnt yfir alla ganga,“ segir Jónas.

„Það er leiðinlegt að geta ekki farið með bandið okkar á stærsta og flottasta völl á Íslandi. En við mætum hvítklæddir og hvetjum okkar lið,“ segir Skapti. **- ktd**



**ÁN STUÐSVEITARINNAR** Eyjamenn verða að spjara sig án Stalla-Hú í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

UPPHEIMAR

# kilju MARKAÐURINN

**HEFST Í DAG KL. 13:00**

## Við Stórhöfða, beint á móti Bílasölu Guðfinns – 25. - 28. ágúst kl. 13:00-17:00







**Sara Blædel verður á staðnum** og áritar bækur sínar í dag, fimmtudaginn 25. ágúst frá kl. **15:00 til 16:00**

## AÐEINS FJÖGUR VERÐ, **FRÁ KR. 499-**




SARA BLÆDEL | ÆVAR ÖRN | BÖÐVAR GUÐMUNDSSON | GYRÐIR ELÍASSON | JOHAN THEORIN | LIZA MARKLUND | JO NESBØ | CAMILLA LÄCKBERG | MONS KALLENTOFT

UPPHEIMAR

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**326** **LAXAR** og 240 sjóbirtingar höfðu veiðst á tvær stangir í sumar í Straumum í Borgarfirði á þriðjudaginn var.

**1** **METRI** er lengdin á sjö kílóa urriða sem danskur veiðimaður náði á land í Minnivallalæk fyrr í þessum mánuði.

FLUGAN




## Best á breiðuna

Þessi útgáfa af Sunray flýtur hátt. Sunray Tsunami hefur verið að gera allt vitlaust undanfarið á stórum breiðum.

**UPPSKRIFT**
Hnýtt á plaströr
**Tvinni -** Svartur UNI 6/0
**Vængur -** Svartlitað geitarhár og strimlar af flashabou haus - Svartlituð búkhár af hjartardýri, klippt til.

*Uppskrift og mynd af Flugan.is*


# TILLAGA

## AÐ DEILISKIPULAGI Á REYKJANESI VEGNA FISKELDIS

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst til kynningar tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar Vitabraut 7, Reykjanesi, ásamt greinagerð og umhverfisskýrslu skv. lögum nr.105/2006 um umhverfismat áætlana. Tillagan gerir ráð fyrir fiskeldisstöð við Kistu á Reykjanesi.

Tillagan ásamt fylgigögnum verður til sýnis á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12 frá og með 25. ágúst 2011 til 22. september 2011. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 6. október 2011. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12, Reykjanesbæ. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

*Reykjanesbæ, 24. ágúst 2011.*

**Sveinn Númi Vilhjálmsson**
**skipulagsfulltrúi**

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft




**BJARKI MEÐ BLEIKJU** Þótt laxarnir í Ytri-Rangá séu margir eru þar einstaka silungar líka. Bjarki Már Jóhannsson leiðsögumaður segir mælst til þess að slíkum fiskiúr náttúrulegum stofnum árinnar sé gefið líf. Þessi sjóbleikja sem Bjarki heldur á og blaðamaður veiddi synti því sína leið eftir mælingu á bakkanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

# Jöfn og þétt mokveiði heldur áfram í Rangá

**Ríflega 3.440 laxar voru komnir á land í Ytri-Rangá um miðjan dag í gær eftir að morgunhollið skilaði af sér 43 fiskum. Bjarki Már Jóhannsson leiðsögumaður segir veiðina hafa verið jafna og þétta með stíganda í sumar.**



**FARIÐ YFIR STÖÐUNA** Bubbi, Guðbrandur Einarsson yfirleiðsögumaður, og Bjarki Már ræða málin í upphafi dags við veiðihúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

„Að undanförnu hafa veiðst á bilinu sextíu til hundrað laxar á dag,“ segir Bjarki Már Jóhannsson, leiðsögumaður í Ytri-Rangá, sem tók á móti útsendurum Fréttablaðsins á morgunvaktinni í gær.

Ytri-Rangá hefur undanfarin ár verið með aflahæstu laxveiðiám landsins og sumarið sem nú er að líða er engin undantekning á því. Áður en veiðar hófust í gær höfðu 3.400 laxar verið dregnir á land. Í hádegishléinu höfðu bæst við 43 laxar sem ánægðir veiðimenn færðu til bókar.

Bjarki Már fór fyrst með okkur Fréttablaðsmenn að hinum fræga Ægissíðufossi. Áður en langt um leið var fyrsti laxinn kominn upp á bakka. Tveir bættust fljótlega við úr svokölluðum Klöppum fyrir neðan fossinn auk þess sem væn sjóbleikja tók fluguna. Dágóður lax sleit sig síðan lausan í fossinum áður en kominn var tími til að halda á næsta stað.

Veitt er á tuttugu stangir í Ytri-Rangá og voru flestar þeirra mannaðar útlendingum í gær. Óhætt er að segja að hópurinn virtist afar ánægður með uppskeruna. Langalgengastir voru laxar á bilinu fjögur til sex pund.

Tveir norskir veiðimenn sem rætt var við segjast um miðjan morgun hafa fengið tvo laxa á sína stöng og Spánverja, sem var með þeim á svæði, hafa náð fjórum löxum. „Við fengum sjö og misstum sjö,“ segir Svíi á bílastæðinu við veiðihúsið.

Bjarki Már segist hafa verið leiðsögumaður við Rangá í þrjú sumur. Fyrsta sumarið hafi hann verið á eigin vegum en nú sé hann



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Nóg var af laxi neðan Ægissíðufoss og renndu sumir þeirra sér á fluguna og tóku hraustlega á móti. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

starfsmaður Lax-ár, leigutaka árinnar. Það er beinlínis brjálað að gera hjá Bjarka Má sem unnið hefur hvern einasta dag síðustu þrjár vikur. Sjálfur er hann með alvarlega veiðidellu.

„Þetta kemur frá pabba,“ segir hann um veiðiáhugann. „Við vorum mikið í sumarhúsi í Fljótshlíð þegar ég var krakki og þá leið ekki sá dagur að ég færi ekki niður í læk að eltast við urriða. Eftir að ég fór að vinna sjálfur fyrir peningum fór ég að færa mig meira yfir í laxinn.“

Eins og aðrir ástríðuveiðimenn fer Bjarki Már á stjá með stöngina strax og færi gefst á vorin. „Ég fer til dæmis mikið í Þingvallavatn. Þar fékk ég 22 og 18 punda urriða í vor og fjölmarga aðra fiska. Urriðinn er alvöru fiskur sem segja má að slái laxinn alveg út,“ segir hann.

Eftir að hafa komið okkur í gang í morgunsárið átti Bjarki Már lausa stund og hélt til veiða á svæði sem ekki var upptekið þennan morgun. „Ég var að leika mér að hitsa,“ segir Bjarki þegar við hittum hann aftur á nýjum veiðistöðum við Hellisey og Tjarnarbreiðu. Þar leiðbeindi hann okkur og hvarf svo til annarra verka.

Við Hellisey og Tjarnarbreiðu var það sama upp á teningnum og var fyrir neðan Ægissíðufoss; gnægð var af laxi og hann sýndi sig víða. Tveir laxar bættust þar í safnið þennan morgun.

Þegar við í vaktarlok framvísuðum fimm löxum til mælingar og skráningar í veiðibókina fengum við hrós frá Bjarka Má. „Þetta er bara mjög gott hjá ykkur,“ segir leiðsögumaðurinn. Og það fannst okkur líka.

gar@frettabladid.is


ICEWEAR Í SKÓLANN,
FRÁBÆR TILBOÐ Á BARNAFÖTUM!
FRÍTT PENNAVESKI FYLGIR
MEÐ EF VERSLAÐ ER
FYRIR MEIRA EN 10.000 kr!
ICE
WEAR
NORWEAR
FOR ALL CONDITIONS
Gerið góð kaup í verslun okkar að
Suðurhrauni 12c, 210 Garðabær/Sími: 555 7409
Opnunartímar:
11-18 alla virka daga
11-18 laugardaga
www.icewear.is

> **Jason Lee**

„Þegar maður hefur náð ákveðið langt í Hollywood neyðist maður til þess að halda sig í sviðsljósinu. Þá snýst þetta meira um að vera frægur en að vera leikari.“

***Jason Lee leikur í gamanmyndinni Drop Dead Sexy, sem segir frá tveimur misheppnuðum svikahröppum sem ákveða að grafa upp lík því þeir telja mikil verðmæti vera hjá því í gröfinni. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON DUSTAR RYKIÐ AF SJÓNVARPINU

## *Haustið blæs fyrir utan skjáinn*

Ég er nýkominn úr sumarfríi. Hef lítið hlustað á útvarp í rúman mánuð, hvað þá kveikt á sjónvarpi. Sætið í sjónvarpssófanum er kalt, ryk á sjónvarpsskjánum sem þurfti að dusta af. Í fríi get ég verið næstum algjörlega laus við fréttafíkn, bara setið og gónt út í loftið og leyft hverjum deginum að taka við af öðrum án þess að láta fréttastofur segja mér að sólarhringur sé liðinn frá því að ég skrúfaði síðast frá viðtækinu og að allt sé í lagi – eða hér um bil.



Haustið er tími inniveru. Ég veit ekki af hverju ég tengi það alltaf við sjónvarp. Sennilega er ástæðan fyrir því sú að mér finnst kalt úti á haustin og kýs að halda mig inni á myrkum kvöldum.

Dagskrár sjónvarpsstöðvanna lofa góðu. Þótt ég sé ekki nörd hélt Game of Thrones mér föngnum í klukkustund. Ég hlakka til að sjá næstu þætti. Íslensku kvikmyndirnar á RÚV heilla mig enn. Ég bíð spenntur eftir haustinu.

Þrátt fyrir það grunar mig að þegar daginn tekur að stytta nær hausti muni ég kveikja á sjónvarpinu, skanna dagskrána og bisa við að stilla á upptöku á afruglaranum þar til ég uppgötva að harði diskurinn tekur ekki við meira efni. Síðan bít ég líklega í það súra epli að ég muni eftir allt saman ekki horfa á nokkra þætti af Boardwalk Empire sem ég tók upp á sunnudögum í vor og áformaði að horfa á seinna og eyði þeim. Væntanlega tekst mér að taka upp nýjan þátt. Að því loknu slekk ég á sjónvarpinu fullur tilhlökkunar um gláp einhvern tíma seinna og sest upp í sófa með bók. Mig grunar að ári síðar endurtaki ég leikinn.

### RÚV

**16.10 Golf á Íslandi** (10:14) (e)
**16.40 Leiðarljós**
**17.20 Gurra grís** (7:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (9:52)
**17.40 Einmitt þannig sögur** (5:10)
**17.55 Geymslan** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Skassið og skinkan** (20:20)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Grillað** (7:8)
**20.35 Afrískar bókmenntir dafna** (Bokprogrammet: Afrikansk litteratur i vekst)
**21.10 Kingdom lögmaður** (1:6) (Kingdom III) Breskur gamanmyndaflokkur með Stephen Fry í hlutverki lögmannsins Peters Kingdom sem býr og starfar í smábæ í sveitasælunni í Norfolk.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Bikarmót í frjálsum íþróttum**
**23.40 Kastljós** (e)
**00.05 Fréttir** (e)
**00.15 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (18:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 The Mentalist** (10:23)
**11.45 Gilmore Girls** (9:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Friends** (21:24)
**15.00 The O.C. 2** (24:24)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons 13** (2:22)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (13:24)
**19.40 Modern Family** (20:24)
**20.05 Heimsréttir Rikku** (1:8) Nýr og glæsilegur matreiðsluþáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að helga hvern þátt matargerð þjóðar sem á sér ríkulega matarhefð. Hún fræðir okkur um uppruna réttanna og kennir okkur að matreiða þá á einfaldan og aðgengilegan hátt.
**20.40 The Closer** (5:15)
**21.25 The Good Guys** (5:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni. Félagi hans, Dan, er bæði drykkfelldur og slóði en heldur starfi sínu hjá lögreglunni vegna hetjudáðar.
**22.10 Sons of Anarchy** (5:13)
**22.55 The Whole Truth** (9:13)
**23.40 Lie to Me** (21:22)
**00.25 Game of Thrones** (1:10)
**01.25 The Cutter**
**02.55 Find Me Guilty**
**04.55 The Closer** (5:15)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**16.30 Udinese - Arsenal**
**18.15 Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.35 Evrópudeildin - umspil** Bein útsending frá leik í umspili Evrópudeildarinnar.
**20.45 EAS þrekmótaröðin** EAS þrekmótaröðin er stigakeppni fjögurra móta þar sem reynir á þrek, styrk og þol keppenda. Sigurvegarar mótaraðarinnar hljóta titilinn Hraustasti karl Íslands og Hraustasta kona Íslands.
**21.15 La Liga Preseason Show** Hitað upp fyrir átökin í spænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, La liga, þar sem margir af bestu knattspyrnumönnum heims leika listir sínar.
**22.15 OK búðamótið**
**22.50 Evrópudeildin - umspil** Útsending frá leik í umspili Evrópudeildarinnar.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Chelsea - WBA** Útsending frá leik Chelsea og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.
**18.10 Sunderland - Newcastle** Útsending frá leik Sunderland og Newcastle United í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.30 Football Legends** Í þessum þætti verður fjallað um hinn feykilega skemmtilega portugalska leikmann, Figo. Ferill Figo verður krufinn til mergjar og farið verður í gegnum hans helstu afrek á ferlinum.
**20.55 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um enska úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.50 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.20 Norwich - Stoke** Útsending frá leik Norwich City og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Dynasty** (22:28)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Friday Night Lights** (1:13) (e)
**19.00 Real Housewives of Orange County** (8:17)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (36:42)
**20.10 Rules of Engagement** (17:26)
**20.35 Parks & Recreation** (16:22)
**21.00 Running Wilde** (12:13) Bandarísk gamanþáttaröð frá framleiðendum Arrested Development. Það er brúðkaup í vændum hjá Emmy og Steve þótt lítið þá fari fyrir ástinni. Hún skrifar undir kaupmála til að sanna að hún sé ekki á höttunum eftir peningum.
**21.25 Happy Endings** (12:13) Bandarískir gamanþættir. Alex og Dave eru par sem eiga frábæran vinahóp. Boðskort sem vinirnir fá í brúðkaup verður til þess að ljúfsárar tilfinningar vakna sem hefur óvæntar afleiðingar í för með sér.
**21.50 Leverage** (9:16) Spennandi þáttaröð um þjófahóp sem rænir þá sem misnota vald sitt og ríkidæmi. Nate og félagar pretta glæpamann sem reynir að kúga fé úr kaupsýslumönnum.
**22.40 The Good Wife** (20:23) (e)
**23.25 Dexter** (8:12) (e)
**00.15 In Plain Sight** (8:13) (e)
**01.00 Smash Cuts** (24:52) (e)
**01.25 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.00 Wyndham Championship** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Wyndham Championship** (4:4)
**16.50 PGA Tour - Highlights** (33:45)
**17.45 Golfing World**
**18.35 Inside the PGA Tour** (34:42)
**19.00 The Barclays** (1:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2000 - Official Film**
**23.50 ESPN America**

### EXTRA

**19.50 The Doctors** (3:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar.
**20.30 In Treatment** (44:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Borgarilmur** (1:8) Nýir og skemmtilegir ferðaþættir þar sem leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir sækir heim átta vel valdar borgir sem allar eiga það sameiginlegt að vera mjög vinsælar á meðal Íslendinga þegar kemur að því að skella sér í helgarferð og leitast Ilmur við að veita betri innsýn í umræddar borgir.
**22.25 Hot In Cleveland** (6:10) Frábærir gamanþættir sem fjalla um þrjár frábærar vinkonur frá Los Angeles, rithöfundinn Melanie Morretti, augnabrúnasérfræðing stjarnanna, Joy Scroggs, og fyrrverandi sápuóperuleikkonuna Victoriu Chase. Líf þeirra breytist til frambúðar þegar flugvélin þeirra, sem var á leið til Parísar, stoppar óvænt í Cleveland og vinkonurnar ákveða að dvelja þar um tíma.
**22.50 Cougar Town** (6:22)
**23.15 Off the Map** (12:13)
**00.00 True Blood** (5:12)
**01.00 In Treatment** (44:78)
**01.25 The Doctors** (3:175)
**02.05 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Er niðurskurður kominn inn að beini?
**21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur** Tíundi þáttur. Einar fær til sín Eggert forstjóra HB Granda.
**21.30 Kolgeitin** Sigtryggur Baldursson fær til sín gesti og fjallar um tónlist.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### BÍÓ

**08.00 Step Brothers**
**10.00 Uptown Girl**
**12.00 Jonas Brothers: The 3D Concert Experience**
**14.00 Step Brothers**
**16.00 Uptown Girl**
**18.00 Jonas Brothers: The 3D Concert Experience**
**20.00 Drop Dead Sexy**
**22.00 Adam and Eve**
**00.00 Disaster!**
**02.00 Wordplay**
**04.00 Adam and Eve**
**06.00 Fast & Furious**

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUKA STIGVAXANDI AFSLÁTTAR 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Heimsréttir Rikku

Rikka er mætt aftur með nýjan matreiðsluþátt. Hver þáttur er helgaður þjóð sem á sér ríkulega matarhefð. Í fyrsta þættinum kynnumst við franskri matargerð og á matseðlinum er meðal annars „Coq au vin", lauksúpa og „Tarte Tatin".

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Inn og út um gluggann **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hver myrti Móleró? **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Einar Már og Grímsnesið **19.40** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Erótík í skáldsögum Halldórs Laxness **23.20** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**11.00** Monarch of the Glen **11.55** Keeping Up Appearances **12.25** New Tricks **13.15** New Tricks **14.10** Deal or No Deal **14.45** Deal or No Deal **15.20** Deal or No Deal **15.55** Keeping Up Appearances **16.30** 'Allo 'Allo! **16.55** 'Allo 'Allo! **17.20** Skavlan **18.15** Skavlan **19.05** Top Gear **20.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Live at the Apollo **23.50** QI **00.25** Little Britain **00.50** My Family **01.20** Skavlan **02.15** Skavlan **03.05** Top Gear

## DR 1

**10.10** Penge **10.35** Dage i haven **11.05** Vores Liv **11.35** Aftenshowet **12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Klassen 1. b **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Cirkeline i Fandango **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Sporløs **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Vore Venners Liv **21.00** Elskerinder **21.50** Lisa goes to Hollywood **22.20** Dalen i ørkenen

## NRK 1

**12.00** Nyheter **12.05** Olje! **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** Nyheter **15.10** Hemmelige svenske rom **15.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Ferieparadiset Maldivene **16.30** Muntre glimt fra Smil til the skjulte kamera **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Bryllaupstalen **18.10** Mat i Norden **18.40** Livslang kjærlighet **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Valg 2011 **20.00** En solskinnshistorie **21.00** Kveldsnytt

## svt1

**11.40** Intervju ur Gomorron Sverige **11.55** Falkenbergsrevyn **12.55** Minnenas television **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Från människa till nummer **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Flodkräftor i Värmland **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **19.00** En andra chans **19.30** K Special **20.55** Angels in America **21.55** Maestro **22.55** Rapport **23.00** Kommissarie Banks **00.30** Rapport **01.20** Rapport **01.25** Chelsea Flower Show 2010





FULLT AF LÁGUM FARGJÖLDUM LIGGJA Í LOFTINU

Bókaðu fyrir 29. ágúst 2011

| Reykjavík → | Báðar leiðir frá* | Reykjavík → | Báðar leiðir frá* |
|---|---|---|---|
| Haugasund | Kr. 40,500 | Þrándheimur | Kr. 44,900 |
| Bodø | Kr. 52,800 | Tromsö | Kr. 52,800 |
| Álasund | Kr. 44,900 | Peking | Kr. 102,600 |
| Bergen | Kr. 39,200 | Tokyo | Kr. 104,800 |
| Stafangur | Kr. 39,200 | | |

Skoðaðu síðuna okkar í snjallsímanum þínum

flysas.is

SAS Scandinavian Airlines

*Öll fargjöld miðast við flug báðar leiðir, skattar og gjöld innifalin, verð miðast við 20. júlí 2011 og er háð framboði.
Um helgar og á almennum frídögum getur framboð verið takmarkað.
Ferðatímabil: 1. október – 31. mars 2012 nema Peking og Tokyo sem verður 1. nóvember – 31. mars 2012.

A STAR ALLIANCE MEMBER



FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF




SUMARDAGAR
Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

ROYAL OG CLASSIC
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.




12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16

Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár



*„Haustið leggst mjög vel í mig. Ég ætla að halda áfram að sýna Hárið í september og svo eru nokkur spennandi verkefni í bígerð.“*

Ólöf Jara Skagfjörð leikkona

# Ný prímadonna í leikhúsheiminum

„Hún er mjög meðfærilegur hundur en smá prímadonna enda leikkona,“ segir Ásta Dóra Ingadóttir, hundaþjálfari og eigandi Gallerís Voff, en hún sér um að þjálfa tíkina Myrru fyrir frumraun hennar á leiksviði.

Myrra fer með hlutverk hundsins Tótó í uppsetningu Borgarleikhússins á Galdrakarlinum í Oz og mætti á sína fyrstu æfingu í gærmorgun. Að sögn viðstaddra á æfingu sló Myrra rækilega í gegn og var það mál manna að ný stjarna væri fædd í leikhúsheiminum.

„Hún Myrra er búin að vera hjá mér síðustu fjórar vikurnar og má ekki hitta eiganda sinn meðan á þjálfuninni stendur. Ég kalla þetta sumarbúðir,“ segir Ásta Dóra en þetta er í annað sinn sem hún þjálfar hund upp í hlutverk Tótó. „Ég þjálfaði líka hundinn sem lék í leikritinu fyrir fimmtán árum svo ég er öllu vön.“

Ásta Dóra vill meina að Myrra sé smá prímadonna en henni finnst gaman að fara í útreiðatúra en neitar að fara á hest sem er ekki í sama lit og hún sjálf, sem sagt vill bara gráan. „Hún er mjög fyndin. Svo þegar við erum á leið á þreksvæðið, þá situr hún á vespunni með mér, á meðan hinir hundarnir hlaupa.“

Þjálfun Myrru, sem er West Highland White Terrier, gengur út á að fá hana til að hlýða Ástu Dóru og treysta. Einnig þarf Myrra að skipta um kyn á sviðinu því Tótó er karlkyns. „Ég er að þjálfa hana í hálfgerða lífsstílsbreytingu, hlýða strax og svara karlkynsskipunum. Svona heimilishundar eins og Myrra eru ekki vanir svona miklum afskiptum,“ segir Ásta Dóra, sem verður á bak við tjöldin í öllum sýningunum. „Myrra verður að hlýða mér og svo Láru sem leikur Dóróteu. Þær hittust fyrst á æfingu í morgun og náðu vel saman.“ **- áp**



**NÝ STJARNA** Myrra þreytir frumraun sína á leiksviði í vetur þegar hún fer með hlutverk Tótó í Galdrakarlinum í Oz. Hér er hún ásamt Ástu Dóru Ingadóttur þjálfara sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sage Francis til Íslands

Bandarísku rappararnir Sage Francis og B. Dolan stíga á svið á Sódómu Reykjavík 3. september.

Francis vakti mikla athygli fyrir plötu sína Personal Journals sem kom út 2002 og skoraði hún hátt á árslistum tónlistarspekinga. Beinskeyttir textarnir féllu þar sérlega vel í kramið.

Þetta verður í þriðja sinn sem Francis heldur tónleika á Íslandi en B. Dolan hefur aldrei áður komið. „Ég fór til Amsterdam að sjá hann [Francis] í fyrrahaust. Mér fannst það geggjaðir tónleikar hjá honum og mig langaði endilega að fá hann hingað aftur,“ segir Guðný Lára Thorarensen sem skipuleggur tónleikana. „B. Dolan er hjá sama útgáfufyrirtæki. Þeir voru saman í Amsterdam og ég ákvað að það væri skemmtilegt að fá þá báða.“

Níu ár eru síðan Francis kom hingað til lands. Hann fylgdi Personal Jesus eftir með A Healthy Distrust árið 2005 og tveimur árum síðar kom út Human Death Dance. Í fyrra gaf hann út plötuna Li(f)e þar sem meðlimir hljómsveitanna Sparklehorse, Death Cab For Cutie og Grandaddy, ásamt Yann Tiersen, voru gestir. Miðasala á tónleikana á Sódómu er á Midi.is. **- fb**



**BEINSKEYTTUR** Textar bandaríska rapparans Sage Francis þykja sérlega beinskeyttir.



**SLAPP VIÐ ALVARLEG MEIÐSLI** Keyrt var á Fjölni Bragason á mótorhjóli hans í miðbæ Reykjavíkur. Hann slapp með lítils háttar meiðsl og hafði mestar áhyggjur af hjólinu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FJÖLNIR TATTOO:** MENN VERÐA AÐ HUGSA SINN GANG

# Húðflúrmeistari keyrður niður í miðbæ Reykjavíkur

„Þetta var bara eldri maður sem var eitthvað að spjalla við konuna sína og skipti um akrein á ljósunum á horni Bankastrætis og Lækjargötu án þess að gefa stefnuljós,“ segir Fjölnir Geir Bragason eða Fjölnir Tattoo eins og hann jafnan kallaður. Keyrt var á hann í miðbæ Reykjavíkur um hádegisbilið í gær.

Að sögn Fjölnis átti áreksturinn sér stað á litlum hraða og hann varð sem betur fer ekki fyrir alvarlegum meiðslum. „Ég er reyndar staddur uppi á slysavarðstofu núna að láta athuga á mér fótinn sem varð á milli þegar hjólið fór á hliðina.“ Við nánari athugun kom í ljós að Fjölnir var ansi bólginn á kálfanum, hnéð var aðeins laskað og hann fékk slink á bakið. „Læknirinn bað mig um taka því rólega næstu daga, þá myndi þetta nú koma.“

Fjölnir er tiltölulega nýbyrjaður að hjóla um á mótorhjóli og hann biður menn að hugsa sinn gang í umferðinni. „Það gengur ekki að menn séu með hugann við eitthvað annað en aksturinn. Menn verða að athuga hvað þeir eru að gera.“ Sá sem ók á Fjölni lét sig hins vegar hverfa og virtist ekki hafa tekið eftir neinu. Sem betur fer fyrir Fjölni stöðvaði hann för sína á ljósum skammt frá og hleypti frúnni sinni út. Fjölnir náði því að hlaupa hann uppi. „Svo kom þarna leigubílstjóri sem varð vitni að þessu öllu, hann setti upp rauða þríhyrninginn, gaf skýrslu og skutlaði mér svo upp á slysavarðstofu. Hann var miskunnsami Samverjinn.“

Fjölnir hafði skiljanlega einnig áhyggjur af hjólinu, hann segir að stefnuljósin hafi brotnað og bensínstankurinn hafi rispast. Aðrar skemmdir gætu átt eftir að koma í ljós. Hjólið er sérsmíðað og var áður í eigu ljósmyndarans Spessa, það er 1500 kúbik og af gerðinni Harley Davidson Night Train sem búið er að breyta í „chopper“. „Kaupverðið er ekki gefið upp en það var rándýrt. Spessi á annað hjól og ákvað að selja mér þetta, enda selurðu ekki hverjum sem er barnið þitt.“

**freyrgigja@frettabladid.is**

# Vinir Sjonna taka upp nýtt lag

Hljómsveitin Vinir Sjonna ætlar að taka upp nýtt lag á næstunni. Svo gæti farið að rödd hins sáluga Sigurjóns Brink verði notuð í laginu en það á eftir að koma betur í ljós.

„Sjonni söng það inn á demó á sínum tíma. Við ætlum að sjá hvernig það lag verður í okkar búningi,“ segir söngvarinn Matthías Matthíasson. Aðspurður hvort Sigurjón komi við sögu í laginu segir hann: „Við eigum eftir að yfirfara þessar upptökur. Við ætlum að sjá hvort þetta sé nothæft og hvort fjölskyldan hans vilji þetta eða ekki. Það er svo margt sem spilar inn í, þannig að við verðum aðeins að sjá til.“

Vinir Sjonna hafa verið lítt áberandi eftir að þeir tóku þátt í Eurovision-keppninni í Þýskalandi í vor. Þar lentu þeir í tuttugasta sæti með lagið Coming Home en stóðu sig engu að síður með prýði á sviðinu. „Við ætlum að keyra okkur í gang aftur. Við höfum verið að klára hin og þessi verkefni sem við vorum í áður en við förum í þetta ævintýri,“ segir Matthías.

Næst á dagskrá er ball í Mosfellsbæ á laugardaginn á hátíðinni Í túninu heima, auk þess sem kvennakvöld hefur verið bókað á Húsavík í október. „Við erum rétt að byrja,“ segir hann hress. **- fb**



**NÝTT LAG** Vinir Sjonna ætla að taka upp nýtt lag á næstunni. Svo gæti farið að rödd Sigurjóns Brink fái þar að hljóma. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

SUÐRÆNSVEIFLA



Suðrænsveifla er skemmtileg líkamsrækt fyrir konur á öllum aldri.Námskeiðið byggist upp á mjúkri upphitun,latin dönsum eins ogcha cha,jive,salsa og fl. kviðæfingum og góðri slökun.

Hver tími er 60 mínútur og kennt er tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17.30 í leikfimisal Hvassaleitisskóla.
Kennarar eru Birgitta Sveinbjörnsdóttir danskennari og Ólöf Björk Björnsdóttir skráning er hafin á námskeiðið sem hefst þriðjudaginn 6.september.
Upplýsingar í síma 899-8669



LEIKTÆKNISKÓLI
Magnúsar Jónssonar & Þorsteins Bachmann

Námskeið í hagnýtri og skapandi leiklist

Undirbúningur leikarans • Kvikmyndaleikur
Túlkun • Þjálfun líkama og raddar
Textagreining • Hugleiðsla og slökun
• og margt fleira

Fyrsta námskeið er frá 6. sept. til 11. okt. 2011
Kennsla fer fram öll þriðjudagskvöld frá kl. 19.30 til 23.00

*Magnús og Þorsteinn eru meðal reyndustu leikara sinnar kynslóðar með áratuga reynslu af vinnu við leikhús, kvikmyndir og sjónvarp.*

Leiktækniskólinn er á Facebook, þar má nálgast frekari upplýsingar.
Skráning og fyrirspurnir á **leiktaekniskolinn@gmail.com.** Aldurtakmark 18 ára.

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8

# ÓDÝRT OG GOTT

# ÚTSALAN HELDUR ÁFRAM!

# 20 - 70%

**AFSLÁTTUR AF VALDRI DÖMU, - HERRA OG BARNAVÖRU**

**FULLT AF SKEMMTILEGUM TILBOÐUM**

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



RIKKA kvenfataverslun
Göngu-götunni á Akureyri
kello · ELTON · DELUCA · PARDON · CHOISE


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sárabót frá Doktornum

Tónlistarfræðingurinn **Dr. Gunni** stefnir að því að láta geisladisk fylgja með popp- og rokkbók sinni sem kemur út á næsta ári. Bókin, sem hefur borið vinnuheitið Stuð stuð stuð – Íslenskt popp og rokk 1950-2010, átti að koma út fyrir þessi jól en útgáfunni var frestað eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær. Á diskinum verður óútgefið, sjaldheyrt efni með mörgum af vinsælustu hljómsveitum Íslandssögunnar og geta tónlistaráhugamenn því hugsað sér gott til glóðarinnar þegar bókin lítur dagsins ljós.



### Hárið heldur áfram

Uppsetning leikhópsins Silfurtungls á Hárinu virðist ætla að ganga jafnvel í Reykjavík og í höfuðstað Norðurlands. Á Akureyri var uppselt á fimmtán sýningar og var því ákveðið að fara með sýninguna í tónlistarhúsið Hörpu, þar sem sýnt hefur verið í sumar. Fyrir helgina voru lokasýningar, eða svo var sagt. Nú hefur verið ákveðið að bæta við sjö sýningum í september. Upphaflega átti bara að sýna verkið í júlí, en svo virðist sem Íslendingar fái ekki nóg af Jóni Gunnari Þórðarsyni leikstjóra og hans fólki.

### Góður gestur á Airwaves

Bandaríski tónlistarmaðurinn, plötusnúðurinn og útgefandinn **James Murphy**, hefur boðað komu sína á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðina í október. Hann er einn stofnenda DFA-útgáfunnar en frægastur er hann fyrir sólóferil sinn og eins manns sveitina LCD Soundsystem sem sendi frá sér þrjár plötur sem hlutu fádæma góðar viðtökur. Óhætt er að fullyrða að dansfúsir munu fjölmenna á hátíðina þegar Murphy treður upp.



**- fb, þeb, hdm**

## Mest lesið VÍSIR

1. Nakin Nigella hneykslar nágranna sína
2. Opna í Háskólanum í Reykjavík
3. Barnið átti grunlausan blóðföður á Íslandi
4. Eru ekki að skilja
5. Fundu hafstraum sem gæti breytt loftslagskenningum


FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN




ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKIÐ Í VASANUM MEÐ VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. VÍSIR



hp

kl. 9:00 · Sleppa kafla 2 og 9 · PARTÝ HJÁ BEBBU



6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

Frábær vél í skólann! Talnaborð fyrir alla Excel vinnsluna. Burstuð álumgjörð og vökvavarið lyklaborð.

**HP Probook 4520s**
**119.900 kr.**
XX784EA
**Örgjörvi:** Intel Core i3
**Harður diskur:** 320 GB
**Vinnsluminni:** 3 GB
**Skjár:** 15,6" LED BrightView
**Útlit:** Burstuð álumgjörð.

TASKA FYLGIR 10.000 kr. virði

döh!!!

# VERTU KLÁR

Nýja haustlínan frá OK búðinni á skólatilboði.

stofa 203

**HP Compaq CQ62**
**69.900 kr.**
WY950EA
**Örgjörvi:** Intel Celeron 900
**Harður diskur:** 250 GB
**Vinnsluminni:** 2 GB
**Skjár:** 15.6" LED BrightView
**Útlit:** PVC áferð.

**HP Compaq CQ57**
**89.900 kr.**
LU006EA
**Örgjörvi:** E350 Brazos Dual
**Harður diskur:** 320 GB
**Vinnsluminni:** 4 GB
**Skjár:** 15,6" HD LED BrightView
**Útlit:** PVC áferð.

TASKA FYLGIR

**HP Probook 4320s**
**119.900 kr.**
XN862EA
**Örgjörvi:** Intel Core i3
**Harður diskur:** 320 GB
**Vinnsluminni:** 3 GB
**Skjár:** 13.3" LED BrightView
**Útlit:** Burstuð álumgjörð.

**HP Pavilion g6**
**139.900 kr.**
LZ155EA
**Örgjörvi:** Intel Core i3
**Harður diskur:** 640 GB
**Vinnsluminni:** 4 GB
**Skjár:** 15.6" LED BrightView
**Útlit:** IMR áferð.

**HP Pavilion dv6**
**169.900 kr.**
QC766EA
**Örgjörvi:** Intel Core i5
**Harður diskur:** 640 GB
**Vinnsluminni:** 6 GB
**Skjár:** 15.6" LED BrightView
**Útlit:** Burstuð álumgjörð.

**HP Pavilion dv6 i7**
**219.900 kr.**
QA954EA
**Örgjörvi:** Intel Core i7
**Harður diskur:** 750GB
**Vinnsluminni:** 8 GB
**Skjár:** 15,6" HD LED BrightView
**Útlit:** Burstuð álumgjörð.

hp - MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

* Skv. Gartner.

mmm!

Office Starter 2010 fylgir HP Probook og HP Pavilion tölvum.

FILMA.IS 2.000 kr. inneign á **filma.is** fylgir hverri tölvu!

start · TRS · omnis · et · MYNDSMIÐJAN

**OPNUNARTÍMI:** mánud. - föstud. kl. 09 - 18 og laugard. kl. 11 - 15.

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavik / Sími 570 1140 / www.okbudin.is